LEYNISTAÐIR Í ALFARALEIÐ
*Víðförlir ferðalangar mæla með fáförnum náttúruperlum á Íslandi*




SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

21. júní 2008 — 167. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR




Brynja Mutidha Dan var ættleidd frá Srí Lanka. Hún á nú barn með unnusta sínum sem er ættleiddur frá Indónesíu.

HELGARVIÐTAL 26

FYLGIR Í DAG




# Verðhrun fasteigna ólíklegt

**Forstjóri Íbúðalánasjóðs frétti fyrst af breytingum á sjóðnum á fimmtudag. Greiningardeild Landsbankans býst við minni lækkun á fasteignaverði en áður var spáð. Seðlabankinn hefur efasemdir um breytingarnar.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta kom óvænt,“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, um breytingar á Íbúðalánasjóði sem ríkisstjórnin hefur ákveðið. Hann heyrði fyrst af breytingunum á fimmtudag.

Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri setur spurningarmerki við breytingarnar. Hann telur að hátt lánshlutfall af söluverðmæti íbúða geti verið varasamt fyrir lánveitendur jafnt sem lánþega, sem gætu setið uppi með skuldir sem væru hærri en markaðsvirði eigna þeirra.

Greiningardeild Landsbankans bendir á að takmarkað aðgengi að lánsfé undanfarið sé í raun dæmi um markaðsbrest sem hefði í versta falli getað hrundið af stað lækkun eignaverðs langt umfram það sem ella þyrfti til að ná jafnvægi á fasteignamarkaði.

Greiningardeildin telur aðgerðir ríkisstjórnarinnar ekki munu koma í veg fyrir verðlækkanir á fasteignaverði sem rekja megi til offramboðs nýrra íbúða eða minnkandi ráðstöfunartekna. Hins vegar muni þær draga úr líkum á miklum lækkunum, en áfram sé gert ráð fyrir hóflegri lækkun íbúðaverðs á árinu.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, segir mikilvægt að endurvekja traust á fasteignamarkaði, þar sem skörp verðlækkun hefði magnað þann efnahagssamdrátt sem fram undan hafi verið í þjóðarbúskapnum. Í því ástandi gætu íbúðareigendur tapað eigin fé sínu í fasteignum og byggingarverktakar lent í vandræðum. Í því ljósi beri að meta aðgerðir ríkisstjórnarinnar nú.

„Þetta eru ömurleg tíðindi fyrir íslenskan fjármálamarkað. Lausnin á að felast í auknum umsvifum ríkisins á fjármálamarkaði,“ skrifaði Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, í tölvupósti til félagsmanna í Samtökum fjármálafyrirtækja sem birtur var á vef Viðskiptablaðsins.

Gagnrýnir Hreiðar Már að ríkissjóður ætli sér að gefa út skuldabréf til að gera erlendum fjárfestum kleift að stunda vaxtamunarviðskipti á fimmtán prósenta vöxtum. „Allir þeir sem hafa skoðað málið gera sér grein fyrir að ekkert atvinnulíf stendur undir slíkum vöxtum,“ segir hann.

**- bih, bþa, ikh / sjá síðu 10**



**ÞAÐ ER UNGT OG LEIKUR SÉR** Einbeitingin skein úr augum þessara atorkusömu ungmenna sem brugðu á leik í blíðunni í gær og reyndu með sér í strandblaki í Nauthólsvíkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bandarískar unglingsstúlkur:

## Ófrískar eftir samkomulag

**MASSACHUSETTS, AP** Hópur bandarískra unglingsstúlkna gerði með sér samkomulag um að verða ófrískar og ala börnin upp saman.

Engin stúlknanna er eldri en sextán ára og er samkomulaginu kennt um mun fleiri þunganir en undanfarin ár í framhaldsskólanum í Gloucester í Massachusetts.



**ÓLÉTTAR** Sautján skólasystur, engin eldri en sextán ára, eiga von á barni.

Sautján stúlkur úr hópi nemenda við skólann eiga von á barni. Þótti starfsfólki heilsugæslu skólans áberandi að stúlkur komu í þungunarpróf og fögnuðu ef það reyndist jákvætt. Yfirmaður skólamála á svæðinu segir stúlkurnar sem um ræðir eiga það sameiginlegt að hafa lítið sjálfsálit og skorta ástúð.

Einn af feðrunum tilvonandi kvað vera 24 ára heimilislaus maður.

**- ht**

## VEÐRIÐ Í DAG




**SÍÐDEGISSKÚRIR** Í dag verður hægviðri eða hafgola. Hálfskýjað eða léttskýjað víða um land, einna þungbúnast eystra. Síðdegisskúrir sunnan til og vestan. Hiti 6-15° C, hlýjast sunnan og vestan til.

VEÐUR 4




+ Bókaðu ferð á www.icelandair.is

WWW.ICELANDAIR.IS

Afslátturinn reiknast af fargjaldi án flugvallarskatta og barnaflugvallarskattar bætast svo við. Sölutímabil 19. júní til og með 23. júní. Ferðatímabil í ágúst–september.

Maður sem uppgötvaði ólöglegan staðsetningarbúnað lögreglunnar á bíl sínum:

## Vill tíu milljónir króna frá lögreglunni

**DÓMSMÁL** „Þegar grundvallarmannréttindi eru fótum troðum af ríkisvaldi og lögreglu hlýtur að eiga að dæma mjög háar skaðabætur til að tryggja að varnaðaráhrif skaðabótareglna nái tilgangi sínum,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson héraðsdómslögmaður.

Vilhjálmur er lögmaður manns sem átti bíl sem lögregla kom fyrir staðsetningarbúnaði á með ólögmætum hætti. Maðurinn krefst nú tíu milljóna króna skaðabóta frá ríkinu.

Maðurinn uppgötvaði í nóvember í fyrra eftirfararbúnað á bíl sínum. Símar mannsins voru einnig hleraðir frá því í lok september og fram í febrúar á þessu ári. Samkvæmt gögnum sem lögregla afhenti manninum eftir mikinn málarekstur var hann talinn tengjast smygli með UPS-hraðsendingaþjónustunni. Svo reyndist ekki vera.

Hæstiréttur dæmdi í febrúar að ólöglegt hefði verið hjá lögreglunni að koma fyrir eftirfararbúnaðinum.

Stefna í skaðabótamálinu var móttekin hjá ríkislögmanni í gær. Í henni er vitnað til þess að ólögmætar aðgerðir lögreglu hafi þýtt óvenju mikla skerðingu á einkalífi mannsins. Lögreglan hafi farið offari og maðurinn eigi rétt á bótum.

**- gar**

NÆSTUM NÝIR NOTAÐIR BÍLAR
www.bilathing.is
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Klettháls 11 | Laugavegur 174

muundu eftir mjólkinni!
muu

## SPURNING DAGSINS



*„Ólafur, er miðborgin orðin óttalegur gæsluvöllur?“*

**„Já, við þurfum að passa miðborgarbörnin okkar.“**

Reykjavíkurborg hefur samið við Öryggismiðstöðina um að sinna gæslu í miðborginni að nóttu til um helgar. Það mun kosta borgina 300 þúsund krónur hverja helgi. Ólafur F. Magnússon er borgarstjóri í Reykjavík.

Draumur Sævars Einarssonar bónda um þrjá ísbirni rættist ekki í gær:

# Þriðji ísbjörnin breyttist í hest

**NÁTTÚRA** Draumur Sævars Einarssonar, bónda á Hamri í Hegranesi, virtist ætla að verða að veruleika á fimmtudag þegar grunur vaknaði um að þriðji ísbjörninn í mánuðinum væri staddur hérlendis. Sævar dreymdi fyrir þremur ísbjörnum í upphafi mánaðarins. Meintur björn reyndist hins vegar vera hross.

Það voru tveir pólskir ferðamenn sem tilkynntu lögreglu að þeir hefðu séð spor eftir björn á Hveravöllum, sem eru uppi á miðju hálendi. Þeir sögðust þekkja sporin þar sem bjarndýr væru algeng í Póllandi. Tugir leitarmanna könnuðu svæðið í gær, og þegar sporin loks fundust var kveðið upp úr með það að þau væru eftir hestshófa.



**EKKI ÍSBJÖRN** Hesturinn skildi eftir sig stór spor í blautri jörðinni. MYND/ÍSHESTAR

Sævar dreymdi fyrir þremur bjarndýrum tveimur nóttum áður en fyrsti björninn fannst á Skaga 3. júní. „Þeir voru bara á vappi hérna á hlaðinu hjá mér,“ segir Sævar, og bætir við að þeir hafi rifið í sig eina af kindum hans.

Sævar er almennt ekki sérlega berdreyminn og því kom það honum á óvart þegar fyrsti björninn fannst, tveimur dögum eftir drauminn. Honum var svo öllum lokið þegar annar björninn fannst. „Þá var þetta nú orðin dálítið mikil tilviljun, fannst mér,“ segir hann.

Sævar segist ekki hafa trúað því að þriðji björninn væri á rölti við Hveravelli. En á hann enn von á þeim þriðja? „Ég veit það satt að segja ekki. Það er ómögulegt að segja.“ **- sh**

Klórslysið í Varmá:

# Ríkið neitar að gefa eftir bætur

**SVEITARSTJÓRNIR** Hveragerðisbær verður að greiða ríkissjóði bætur eins og öðrum veiðiréttarhöfum eftir að klór frá sundlaug bæjarins drap stóran hluta af fiskistofnun Varmár í fyrrahaust. Bréf þessa efnis barst frá fjármálaráðuneytinu til bæjaryfirvalda sem báðu ríkið að falla frá kröfum. Ríkið á lönd sem liggja að Varmá.

Ekki er ljóst hversu háar bætur muni þurfi að greiða. Bæjarráð Hveragerðis fól á fimmtudag Aldísi Hafsteinsdóttur að halda áfram að vinna að samkomulagi um málið milli Veiðifélags Varmár og Þorleifslækjar og Hveragerðisbæjar. **- gar**

Bandarísk rannsókn:

# Klónfrumur lækna æxli

**HEILBRIGÐISMÁL** Bandarískum vísindamönnum hefur tekist að lækna sortuæxli manns með klónuðum frumum úr hans eigin líkama. Þeir tóku hvít blóðkorn úr blóði mannsins, ræktuðu þau í miklu magni og komu þeim aftur fyrir í líkama mannsins. Að tveimur mánuðum liðnum höfðu blóðkornin ráðið niðurlögum æxlisins. Fréttastofa BBC greinir frá þessu.



**SORTUÆXLI**

„Þetta er spennandi, en hafa þarf í huga að aðeins er um einn sjúkling að ræða,“ segir Magnús Karl Magnússon, sérfræðingur í blóðmeinafræði. Ár eða áratugir geti verið í að meðferð af þessu tagi verði almenn. **- gh**

Almannavarnalög taka gildi:

# Öryggismálaráð sett á fót

**ALÞINGI Almannavarna- og öryggismálaráð undir formennsku forsætisráðherra verður sett á fót samkvæmt nýjum lögum um almannavarnir sem tóku gildi í gær. Umsýsla og undirbúningur funda ráðsins verður í höndum dómsmálaráðherra.**

**Lögin voru samþykkt á síðasta degi Alþingis í vor og er markmið þeirra að styrkja forvarnir gegn vá og bæta viðbrögð allra aðila á hættustundu.**

**Ríkislögreglustjóri mun hafa yfirumsjón með almannavarna- og öryggismálum á landinu öllu og er honum veitt heimild til stofnunar tímabundinnar þjónustumiðstöðvar vegna hættu. Þá er ríki og sveitarfélögum skylt að gera viðbragðsáætlanir.** **- ges**

# Hávaði keyrir um þverbak eftir bann

**Hávaði mælist langt yfir mörkum við skemmtistaði í Reykjavík. Hávaði innandyra eins og á rokktónleikum. Ónæði jókst eftir að reykingabann tók gildi.**

**UMHVERFISMÁL** Ónæði af skemmtistöðum í miðborg Reykjavíkur hefur aukist eftir að reykingabann á stöðunum tók gildi síðastliðið sumar að sögn Rósu Magnúsdóttur, sviðsstjóra hjá Umhverfiseftirliti Reykjavíkurborgar.

Mest er kvartað undan skemmtistöðum nærri íbúðarbyggð og er svæðið við Laugaveg, Vegamótastíg, Klapparstíg og Bergstaðastræti sérstaklega viðkvæmt vegna fjölda skemmtistaða á litlu svæði nærri íbúabyggð.

Jafngildishljóðstig mældist yfir sextíu desibel utandyra við Kaffibarinn í byrjun júní. Hávaðinn var mældur við húsvegg nærliggjandi húss og er sambland af tónlist innandyra á barnum og skvaldri í fólki utandyra við staðinn.

Mælingar á Vegamótastíg, þar sem skemmtistaðirnir Vegamót og Ölstofa Kormáks og Skjaldar eru til húsa, hafa gefið svipaðar niðurstöður og var jafngildishljóðstig mælt nærri sjötíu desibel þar í febrúar.

Til viðmiðunar er að hávaði við húsvegg utandyra fari ekki yfir fjörutíu desibel. Hækkun um hvert stig á kvarðanum er umtalsverð hávaðaaukning og því meiri eftir því sem hærra dregur á kvarðanum. „Hávaði yfir sextíu desibelum er miklu meiri hávaði en viðmiðunargildið,“ segir Rósa.

Hávaði innandyra á Kaffibarnum mældist einnig mikið yfir viðmiðunarmörkum. Háværasta hljóðbil var 125 desibel en miðað er við að það fari ekki yfir 110 desibel á stöðum þar sem fólk dvelur skamman tíma.

Þetta er sambærilegur hávaði við rokktónleika og nóg til þess að valda heyrnarskemmdum samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, sem miðar jafnframt við að svefnró sé raskað við 45 desibela jafngildishljóðstyrkfyrirutansvefnherbergisglugga.




**SKEMMTANALÍF Á VEGAMÓTASTÍG** Hávaði hefur mælst langt yfir mörkum við skemmtistaði við Bergstaðastræti og Vegamótastíg. Ónæði hefur aukist eftir að reykingabann tók gildi.

Óljóst er hver ber ábyrgð á hávaða í skemmtistaðagestum utan við staðinn, að sögn Óskars Sigurpálssonar, varðstjóra hjá lögreglunni í Reykjavík. Ef kvartanir um hávaða berist ítrekað og ekki sé brugðist við geti skemmtistaðir misst leyfi sín.

Þorsteinn Stephensen, eigandi Kaffibarsins, segir að þegar hafi verið gripið til aðgerða og verið sé að vinna að lausn í góðu samstarfi við nágranna. Til að mynda hafi verið keyptur styrkleikamælir á barinn auk þess sem hátalarar hafi verið færðir úr stað í því skyni að minnka hávaða sem berist frá staðnum. **helgat@frettabladid.is**

### ÓVIÐUNANDI ÁSTAND

„Ástandið er algjörlega óviðunandi,“ segir Árni Einarsson, íbúi á Laugavegi við Vegamótastíg.

„Umgengni viðskiptavina skemmtistaða og tillitssemi hefur versnað mikið ár frá ári og keyrði um þverbak þegar reykingabann á skemmtistöðum tók gildi.“

Árni segir mesta ónæðið hljótast af opnun skemmtistaða fram eftir nóttu. „Við erum ekkert að biðja um neina kyrrðardaga í miðborginni, bara að eftir klukkan þrjú að nóttu sé sjálfsagður réttur okkar virtur.“



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Með hrygnuna góðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útlit fyrir gott veiðisumar:

# Ólafur náði fyrsta laxinum

**ÚTIVIST Ólafur F. Magnússon borgarstjóri veiddi fyrsta laxinn úr Elliðaánum í gær. Borgarstjóri hóf veiðina venju samkvæmt klukkan sjö og landaði innan stundar sex punda hrygnu. Ólafur var glaðbeittur að verkinu loknu og sagðist reikna með því að þetta hvetti hann til meiri útivistar.**

**Ingólfur Örn Þorbjörnsson, formaður Landssambands stangveiðifélaga, er bjartsýnn á veiðisumarið. Hann sagði í gær að það liti út fyrir að fiskurinn kæmi betur haldinn og stærri en sést hefði undanfarin ár.**

**Allt að sextíu þúsund manns stunda stangveiði hérlendis á einn eða annan hátt og geta því margir glaðst yfir þessum góðu fréttum.** **- ges**

Afreks- og hvatningarsjóður:

# Stúdentar í HÍ verðlaunaðir

**MENNTUN** Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, veitti í gær í fyrsta sinn styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði háskólans á Háskólatorgi.

25 nemendur hlutu styrkinn sem nemur þrjú hundruð þúsund krónum auk þess sem skráningargjöld við háskólann eru felld niður. Við val á styrkþegum var litið til árangurs á stúdentsprófi en einnig til virkni í félagsstörfum, listum og íþróttum. **- gh**




Stefnir að tíu kílómetra hlaupi í Akureyrarhlaupinu sem er í dag:

# Hleypur á steypirnum

**FÓLK** Árlegt Akureyrarhlaup er í dag. Meðal þeirra sem taka þátt er Rannveig Oddsdóttir kennari, sem er komin átta mánuði á leið en lætur það ekki aftra sér frá því að leggja í tíu kílómetra hlaupið.

„Þetta er þriðja barnið mitt og ég hef alltaf stundað hlaup á meðgöngunum en þó dregið úr því á síðasta mánuði,“ segir Rannveig. Hún kveðst hafa heyrt ýmsar sögur um skaðsemi hlaups þegar svona standi á; að fæðingin gæti orðið erfið og barnið óvært af of miklu adrenalíni. Engar hrakspár hafi þó staðist.

Rannveig hefur síðustu tólf ár tekið þátt í almenningshlaupum, aðallega hér á landi en einnig í Rúanda 2005. „Ég hef þörf fyrir að hreyfa mig og finnst fátt koma í staðinn fyrir hlaupið. Útiveran er svo mikilvæg. Ég hleyp samt ekki á hverjum degi núna, heldur svona þrisvar í viku og hjóla og syndi hina dagana. Margir dást að því að ég skuli hlaupa alla meðgönguna en mér finnst eiginlega erfiðara að sleppa því.“ **- gun**



**HLAUPADROTTNING** Rannveig er létt á sér þó aðeins mánuður sé eftir af meðgöngunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS


SPRENGI
VIKA
18. - 25. júní
Pallaolía
Jotun Treolje, olíubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn, veitir góða vatnsvörn og hamlar gegn gráma og sprungumyndun
7049123-37
JOTUN
Treolje
1.299
2.629
60% AFSLÁTTUR
Stjúpur
í sérflokki
10 stk
399
999
25% AFSLÁTTUR
Sláttuvél, Mega
5 Hp fjórgengismótor,
50 cm sláttubreidd,
grassafnari , hæðarstillingar
5085243
39.995
45.995
Flíspeysur
í útileguna
25% afsláttur af öllum flíspeysum
og Softshell flíspeysum.
5860871-94
12.999
Orf
Texas, Tvígengismótor
- 30cc, 40cm sláttubreidd
5085588
Orf og hekkklippur
Worx, saman í setti.
Engin snúra!
18V, 2 rafhlöður.
Hleðslutími 1 klst, veggfesting fylgir
5083700
15.999
19.995
Hlaut hina eftirsóttu viðurkenningu:
Popular Mechanics Editor's Choice Award
4.190
3.590
Blómakassi
Rose, 60 x 60 sm
604000
Blómakassi
Rose, 51 x 51 sm
604005
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

## GENGIÐ 20.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 80,21 | 80,59 |
| Sterlingspund | 158,58 | 159,36 |
| Evra | 125,16 | 125,86 |
| Dönsk króna | 16,782 | 16,88 |
| Norsk króna | 15,559 | 15,651 |
| Sænsk króna | 13,317 | 13,395 |
| Japanskt jen | 0,7448 | 0,7492 |
| SDR | 129,98 | 130,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

161,1595

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Könnunarfar NASA borar í jarðveginn á „Rauðu reikistjörnunni“:

# Beinhörð sönnun fyrir ís á Mars

**VÍSINDI** Fönix, könnunarfar bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA, hefur fundið ís á reikistjörnunni Mars. Þótt vísindamenn hafi vitað af tilvist vatns þar um nokkra hríð er þetta fyrsta beinharða sönnun þess.

Fönix boraði í jarðveginn í gígbotni á Mars og kom þar niður á íslag. Á myndum sem farið sendi frá sér í upphafi vikunnar mátti sjá hvítar skellur. Ekki tókst að greina hvort um salt eða ís var að ræða. Nýjar myndir frá farinu sýna hins vegar að skellurnar hafa minnkað og það þykir sönnun fyrir því að um ís sé að ræða sem hafi bráðnað.



**ÍS Á MARS** Hvítu skellurnar, sem NASA segir sönnun fyrir ís, sjást hér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Það var ótrúlega spennandi að sjá ísinn,“ segir dr. Peter H. Smith, stjórnandi leiðangursins, í viðtali við New York Times. „Það sem við óttuðumst mest í leiðangrinum var að við myndum grafa og grafa en aldrei finna ís.“

Geimfarið Mars Odyssey, sem fór á sporbaug um plánetuna árið 2002, fann merki um ís í jarðlögum reikistjörnunnar. NASA sendi því Fönix til þess að bora í jarðveginn og finna sannanir fyrir ís þar. Nú hafa þær fundist og gefur það vangaveltum um mögulegt líf á Mars byr undir báða vængi.

Farið kom á fimmtudag niður á mjög hart lag sem gaf sig ekki þrátt fyrir þrjár tilraunir. Vísindamenn reikna með að lagið sé gaddfreðinn ís. **- kóp**

Óstaðfestar fregnir frá Ísrael:

## Sagðir hafa æft árás á Íran

**JERÚSALEM, AP Ísraelsher neitaði í gær að gefa upp hvort meiriháttar hernaðaræfing fyrir árás á Íran hefði farið fram eður ei.**

**Haft er eftir bandarískum embættismönnum í New York Times að yfir hundrað ísraelskar herflugvélar hafi tekið þátt í æfingunni í byrjun júní.**

**Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, segist frekar vilja leysa kjarnorkudeiluna við Írana með friðsamlegum hætti en neitar að útiloka hernaðaraðgerðir.**

**Fréttin um hina meintu árásaræfingu varð til þess að heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði. - ht**



**GUNNUHVER** Stórt op hefur myndast við hverinn. VÍKURFRÉTTIR/ELLERT GRÉTARSSON

Virkni á hverasvæði:

## Varúð nærri Gunnuhver

**NÁTTÚRA Síðustu daga hafa enn orðið breytingar á virkni hverasvæðisins við Gunnuhver á Reykjanesi. Almannavarnir hvetja fólk til að gæta ítrustu varúðar nálægt svæðinu.**

**Í tilkynningu segir að vegurinn að hvernum sé nú lokaður og hættulegt geti verið að ferðast fótgangandi um svæðið. Miklar leirspýjur slettist úr hvernum og hafi myndað stóra barma umhverfis hann.**

**Almannavarnir hvöttu fyrst til varúðar á svæðinu í byrjun mars síðastliðins. - kg**

Ísland til umfjöllunar á CNN:

## Ólafur Ragnar ræðir orkumál

**BESSASTAÐIR** Viðtal við forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson, er meðal helstu atriða þáttar um framtíð orkumála sem sjónvarpsstöðin CNN sendir út um helgina. Þátturinn, sem ber heitið Principal Voices, verður sýndur fjórum sinnum á heimsrás CNN um helgina.

Það var Charles Hodgson, einn helsti fréttaþulur sjónvarpsstöðvarinnar, sem tók viðtalið við forsetann á Bessastöðum í apríl.

Auk viðtalsins verða svo sýndar myndir frá Íslandi en sérstakt tökulið frá stöðinni var sent til landsins til að safna ítarlegu myndefni. **- ges**

# Vilji Íra virtur en ekki samið upp á nýtt

**Hvernig bregðast skuli við höfnun Íra á Lissabonsáttmála Evrópusambandsins var í brennidepli á tveggja daga leiðtogafundi þess í Brussel. Leiðtogarnir ályktuðu að vilji Íra yrði virtur en þó kæmi ekki til greina að semja upp á nýtt.**

**BRUSSEL, AP** Leiðtogar Evrópusambandslandanna 27 viðurkenndu á misserislokafundi sínum í Brussel í gær að sú uppfærsla á stofnsáttmála sambandsins, sem þeir höfðu gert sér vonir um að gæti eftir mikla þrautagöngu gengið í gildi á næsta ári, væri strand á ný eftir að kjósendur á Írlandi höfnuðu Lissabonsáttmálanum í þjóðaratkvæðagreiðslu í síðustu viku.

Leiðtogarnir sögðu að virða verði niðurstöðu írsku þjóðaratkvæðagreiðslunnar, en þeir stóðu engu að síður fast á því að ekki yrði farið út í að endursemja sáttmálann, enda felst í honum flókin pólitísk málamiðlun sem rakna myndi upp ef hreyft yrði við innihaldi hans.

„Að semja upp á nýtt er útilokað,“ lýsti franski forsetinn Nicolas Sarkozy yfir. Áður hafði hann látið svo ummælt að ekki gæti orðið af neinni frekari stækkun sambandsins fyrr en búið væri að leysa úr því hvernig uppfærslu sáttmálans verður komið í framkvæmd.

Það verður í verkahring Frakka að leita leiða út úr þeirri stöðu sem upp er komin þar sem þeir gegna formennskunni í sambandinu síðari helming ársins. Sarkozy sagði hægt að líta á írska „neiið“ sem „tækifæri til að útskýra Evrópusambandið betur fyrir borgurunum“. Málið yrði aftur tekið fyrir á leiðtogafundi í október.

Niðurstöður könnunar sem birtar voru í gær sýndu að meginástæðan fyrir því að svo margir Írar greiddu atkvæði gegn nýja sáttmálanum var sú að þeir skildu ekki hvað fælist í honum.



**EKKI BARA BARLÓMUR** Írski forsætisráðherrann Brian Cowen, ESB-framkvæmdastjórnarforsetinn José Manuel Barroso og danski forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen slá á létta strengi við lok leiðtogafundarins í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Þótt viðbrögð við írska „neiinu“ vægju þyngst í viðræðum leiðtoganna að þessu sinni ályktuðu þeir einnig um ýmis önnur veigamikil mál. Þeir hótuðu að beita stjórnvöld í Afríkuríkjunum Simbabve og Súdan frekari refsiaðgerðum ef þau létu ekki af kúgun gegn eigin þegnum. Þeir ákváðu að Evrópusambandið tæki upp full stjórnmálasamskipti við Kúbu, en settu stjórnvöldum í Havana ströng skilyrði um það hvernig þau yrðu að fara að til að forða því að þvingunaraðgerðir yrðu teknar upp að nýju.

Þá samþykktu leiðtogarnir áform um hertar samræmdar reglur um innflytjendaeftirlit á ytri landamærum sambandsins. Og þeir boðuðu að kannaðar yrðu leiðir til að lækka skatta af eldsneyti til að létta atvinnurekendum og neytendum byrðina af snarhækkuðu eldsneytisverði.

**audunn@frettabladid.is**

Ársfjórðungsuppgjör:

## Eimskip tapar 13 milljörðum

**VIÐSKIPTI** „Við ætlum að skoða leiðir til að koma frystigeymslufyrirtækinu Versacold Atlas á markað innan þriggja til sex mánaða eða finna kjölfestufjárfesti sem tekið getur fyrirtækið lengra með okkur, en helmingur af skuldum Eimskips liggur í því félagi,“ segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, spurður um aðgerðir til að bæta eiginfjárhlutfall eftir að félagið birti uppgjör fyrir annan ársfjórðung sem sýndi að eiginfjárhlutfall félagsins var einungis 14,4 prósent.



**GYLFI SIGFÚSSON**

Eimskip tapaði 101 milljón evra á öðrum ársfjórðungi, sem samsvarar 12,7 milljörðum íslenskra króna. Tap af áframhaldandi starfsemi félagsins nam 32,9 milljörðum en auk þess tapaði Eimskip 67,9 milljónum evra á Innovate Holding sem nýlega var afskrifað að fullu. **- bþa**

Kjaraviðræður BHM:

## Deilu vísað til sáttasemjara

**VINNUMARKAÐUR Samstarfshópur 24 stéttarfélaga háskólamanna fundaði í gær með Samninganefnd ríkisins og ríkissáttasemjara. Eftir fimm klukkustunda viðræður ákvað Samninganefnd að vísa kjaradeilu allra félaganna til sáttasemjara. Fundurinn með sáttasemjara mun fara fram í hádeginu á miðvikudag.**

**Forysta BHM átti fund með forsætis-, fjármála-, utanríkis- og félagsmálaráðherra í Stjórnarráðinu í gær. Að fundi loknum sögðu forsætisráðherra og formaður BHM brýnt að samningum lyki sem fyrst. - kg**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**ENGAR VINDÖRVAR**

Á kortinu hér til hliðar eru engar vindörvar. Ástæðan er það hægviðri sem víðast er á landinu þó að hafgolan geti reyndar gert sig nokkuð gildandi. Horfurnar í dag og á morgun eru keimlíkar; hægur vindur, bjart með köflum og síðdegisskúrir syðra.




**Á MORGUN**
Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**MÁNUDAGUR**
Norðan 3-10 m/s, stífastur austast.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 20° |
| Stokkhólmur | 22° |
| Gautaborg | 19° |
| Helsinki | 17° |
| Eindhofen | 22° |
| Amsterdam | 20° |
| London | 20° |
| Berlín | 22° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 31° |
| París | 27° |
| Basel | 29° |
| Barcelona | 28° |
| Alicante | 29° |
| Algarve | 28° |
| Tenerife | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


HRINGAR
GJAFIR
FÖT
DRYKKIR
SKREYTINGAR
SKÓR
MATUR
OPIÐ Í DAG
11-18
ALLT FYRIR
BRÚÐKAUPIÐ
Í Smáralind færðu allt sem þarf fyrir stóra daginn, allt frá veitingunum til hringanna. Sparaðu þér sporin, verslaðu í Smáralind.
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000
ENNEMM / SÍA / NM34374

**KJÖRKASSINN**



*Brugðust stjórnvöld rétt við komu ísbjarnarins sem skotinn var á Skaga 17. júní?*

| | |
|---|---|
| Já | 58,2% |
| Nei | 41,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú endurvekja næturstrætisvagna um helgar í Reykjavík?*

Segðu skoðun þína á vísir.is. vísir

Fulltrúi Flóttamannastofnunar SÞ á Alþjóðadegi flóttamanna:

# Þakklátur Akurnesingum

**FLÓTTAMENN** Fjöldi manns var samankominn á Akranesi í gær, á alþjóðadegi flóttamanna. Thomas Straub, fulltrúi skrifstofu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, flutti ávarp, sem og Gísli S. Einarsson bæjarstjóri.

Straub hafði fyrr um daginn afhent Birni Bjarnasyni, dóms- og kirkjumálaráðherra, fyrsta eintakið af Handbók Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna í íslenskri þýðingu. Straub tiltók sérstaklega þakklæti í garð Akurnesinga fyrir að taka á móti hópi flóttafólks nú í haust. „Fólkið sem kemur í haust er í hópi þeirra sem við sárustu neyðina búa. Hlýhugur Akurnesinga í þeirra garð er því mikils metinn og ég vona að vel verði tekið á móti því þegar það kemur,“ sagði Straub.



**FULLTRÚI SÞ** Skilaði þakklæti Sameinuðu þjóðanna til Akurnesinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Um fjörutíu milljónir manna um allan heim hafa hrakist frá heimkynnum sínum vegna átaka, ofbeldis eða annars. Af þeim eru tæplega tólf milljónir flóttamanna í öðru landi, en um 26 milljónir eru á vergangi innan eigin landamæra. Á alþjóðadegi flóttamanna, er vakin sérstök athygli á aðstæðum þessa fólks um gjörvallan heim.

Á Akranesi gafst fólki kostur á að kynna sér ferlið sem flóttafólk þarf að ganga í gegnum áður en því er veitt hæli í öðru landi og bragða á þeim mat sem flóttafólkið nærist á. **- kóp**

Lítil flugvél hrapar í Noregi:

# Brak fannst úti fyrir Björgvin

**OSLÓ, AP** Óttast er að lítil flugvél með þrjá menn innanborðs hafi hrapað úti fyrir Björgvin í gærmorgun.

Norska strandgæslan hafði flugvélina á leigu og var hún yfirleitt notuð til eftirlits með norskum hafsvæðum. Þegar vélin hvarf var hún hins vegar í æfingaflugi sem tengdist gæslunni ekki.

Leit að vélinni hófst þegar í stað. Þrjár þyrlur og skip leituðu vélarinnar þar til brakið fannst í slæmu veðri um fimmtán kílómetra úti fyrir ströndinni skömmu fyrir hádegi, að því er fram kemur á vef norska Aftenbladet. **- ht**

Grund byggir í Urriðaholti:

# Hundrað á nýju hjúkrunarheimili

**FÉLAGSMÁL** Grund hyggst byggja nýtt hjúkrunarheimili fyrir eitt hundrað aldraða á lóð Oddfellowreglunnar í Urriðaholti í Garðabæ. Framkvæmdir eiga að hefjast síðla árs 2009. Þetta kemur fram á heimasíðu Grundar.

„Gert er ráð fyrir að heimilið verði allt að 7.500 fermetrar og rúmi hundrað heimilismenn og áætlaður byggingarkostnaður er í kringum tveir milljarðar,“ er haft eftir Júlíusi Rafnssyni, framkvæmdastjóra Grundar, sem kveður Grund hafa leitað að lóð í tvö ár. Árangurslítið hafi verið að leita á náðir Reykjavíkurborgar en hjólin hafi snúist hratt eftir að haft var samband við Oddfellowregluna fyrir tveimur vikum. **- gar**

**ALMENNINGSSAMGÖNGUR**

**Trúnaður um rekstur Strætó**

Minnisblað um rekstur og rekstrarhorfur Strætó, sem lagt hefur verið fyrir sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu, er meðhöndlað sem trúnaðarmál að svo stöddu. Olíuverðshækkanir eru Strætó þungar í skauti.

Nýr norskur olíumálaráðherra:

# Mannaskipti í Noregsstjórn

**NOREGUR** **Terje Riis-Johansen, landbúnaðarráðherra í norsku ríkisstjórninni, tekur við olíumálaráðuneytinu af Áslaug Haga. Þá sest Lars Pede Brekk í stól landbúnaðarráðherra.**



ÁSLAUG HAGA

**Haga sagði af sér á fimmtudag sem olíu- og orkumálaráðherra Noregs og sem formaður Miðflokksins af heilsufarsástæðum.**

**Haga hefur verið gagnrýnd fyrir ráðningar og fyrir stuðning við umsókn Tromsö um að halda vetrarólympíuleikana árið 2018. Einnig fyrir að hafa byggt bryggju í leyfisleysi á landi sínu og að hafa leigt út útihús til íbúðar. Það sem er talið hafa ráðið úrslitum með að Haga sagði af sér var þegar kom í ljós að hún og maðurinn hennar höfðu ekki greitt tilskilda skatta af leigutekjum.** **- ghs**

# Kópavogsbær dælir skolpi í Skerjafjörð

**Kópavogsbær dælir reglulega úr skolprásarkerfi sínu út í Skerjafjörðinn. Bæjarstjóri kannast ekki við málið. Samkvæmt mælingum heilbrigðiseftirlits er saurgerlamengun í Fossvogi langt yfir mörkum.**

**UMHVERFISMÁL** „Kópavogsbær losar reglulega úr skolprásarkerfi sínu í Skerjafjörðinn,“ segir Sigríður Ólafsdóttir, sem í nýlegri meistarprófsritgerð sinni í umhverfis- og auðlindastjórnun við Háskóla Íslands fjallar um Skerjafjörðinn, ástand hans, stjórnun og sjálfbæra nýtingu.

Fimm sveitarfélög eiga land að Skerjafirðinum. Sigríður segir löggjöf um skolprásir kveða á um að í neyðartilvikum megi dæla allt að fimm prósentum af skolpinu út í sjó. „Fjögur sveitarfélaganna nota þetta bara í ýtrustu neyð, eins og þegar kerfin yfirfyllast í vatnsveðrum, en Kópavogsbær gerir í raun ráð fyrir að nota þessi fimm prósenta mörk. Þannig að einu sinni í viku dæla þeir út úr skolprásunum út á miðjan Kópavog,“ segir Sigríður.



GUNNAR I BIRGISSON

„Þetta þynnist náttúrlega talsvert en er samt óviðunandi.“ Hún bætir við að þrátt fyrir mengunarmælingar í Nauthólsvíkinni sé fólk einnig að leik í sjónum utar í firðinum.

Sigríður segir mögulegt að leysa málið. „Það kostar svolítið en mér virðist sem það sé viðhorf bæjaryfirvalda að láta þetta ganga svona.“

Sigríður segir fólk geta veikst heiftarlega af völdum saurgerlasýkinga (kólígerla). „En þar fyrir utan held ég að foreldrar þeirra barna sem stunda sjóböð og siglingar þarna fyrir utan vilji vera lausir við svona mengun.“

„Ég kannast ekki við þetta,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi. „Á öllum dælustöðvum er yfirfall, ef eitthvað kemur upp á.“ Þá segir hann dælustöðvar Kópavogs ekki orðnar of litlar, þrátt fyrir mikla fjölgun íbúa að undanförnu. „Við erum með tvær stöðvar hjá okkur, aðra við Hafnarbraut og hina við Sunnubraut sem er ekki fullnýtt.“

„Við erum að mæla of mikla mengun,“ segir Páll Stefánsson hjá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Sem dæmi mældust 16.000 saurgerlar í 100 millilítra sýni sem tekið var í fjörunni við dæluhúsið í Fossvogi hinn 29. ágúst í fyrra. Samkvæmt reglugerð á magn saurgerla að vera innan við 1.000 gerlar í hverjum 100 millilítrum utan þynningarsvæðis en minna en 100 gerlar í hverjum 100 millilítrum ef um útivistarsvæði er að ræða.

Hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkur fengust þær upplýsingar að stöðugt væri fylgst með ástandi mengunarmála. Bæði heilbrigðiseftirlitið og fráveita Orkuveitunnar ynnu slíkar mælingar og Ylströndin í Nauthólsvík hefði meðal annars fengið Bláfánann til staðfestingar því að mengunarmál væru þar í góðu lagi.

**olav@frettabladid.is**



**NAUTHÓLSVÍK OG SKERJAFJÖRÐUR** Örverumælingar Orkuveitunnar sýna að vatn á ylströndinni í Nauthólsvík stenst bæði íslenskar kröfur og kröfur EES fyrir baðvatn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Kópavogsbær gerir í raun ráð fyrir að nota þessi fimm prósenta mörk. Þannig að einu sinni í viku dæla þeir út úr skolprásunum út á miðjan Kópavog.
>
> **SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR**

Kópavogslækurinn og Fossvogslækurinn mengaðir með saurgerlum:

# Mengaðir lækir á útivistarsvæði

„Kópavogslækurinn og Fossvogslækurinn eru einnig mjög mengaðir,“ segir Sigríður Ólafsdóttir. „Það er talað um óviðunandi ástand ef það eru yfir þúsund saurgerlar í hundrað millilítrum en þarna eru toppar sem sýna fjörutíu til hundrað þúsund kólígerla í hundrað millilítrum.“

Sigríður telur þetta óviðunandi þar sem lækirnir renna í gegnum útivistarsvæði.

„Lækur sem rennur í gegnum byggð verður í eðli sínu alltaf eitthvað mengaður en það greinilegt að sumar mælingarnar eru allt of háar,“ segir Páll Stefánsson hjá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem reglulega gerir mælingar í lækjunum.



SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri segir búið að hreinsa lækina af mengun. „Við vitum ekki af neinni lögn með skolpi sem fer beint út í læk eða sjó,“ segir Gunnar.

„Það er lítil vernd í því að sum sveitarfélög friðlýsi strandlengjuna,“ segir Sigríður. „Maður rekst alls staðar á það sama, það vantar viljann til samstarfs.“

Hún segir sveitarfélögin ekki skyldug til að vinna saman en telur ný skipulagslög, sem bíða samþykktar Alþingis, til mikilla bóta.

Þá segir hún nokkur sveitarfélög ekki áfjáð í að lögin verði samþykkt. „Þau sjá ekki hag sinn í því.“

Orkuveita Reykjavíkur

Jónsmessuganga á Hengilinn

Sunnudaginn 22. júní verður farin gönguferð upp á Hengil. Gengið verður upp Sleggjubeinsskarð og upp á Vörðuskeggja sem er 805 metra hár. Þaðan niður í Innstadal og niður Sleggjubeinsskarðið. Gangan tekur u.þ.b. 5 klst. og er frekar erfið, að jafnaði um brattar fjallshlíðar. Nauðsynlegur búnaður eru góðir gönguskór, góður hlífðarfatnaður og nesti. Mæting í Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól klukkan 20:00. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Almar Sigurðsson, kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar. Ef veður verður tvísýnt verður gengin auðveldari leið.



• Árið 2009 verða liðin hundrað ár frá stofnun Vatnsveitunnar. www.or.is

Hefur gæðin




HYUNDAI i10

# Lítill og sætur

FRUMSÝNDUR Í DAG
**OPIÐ 12-16**

## Sparneytinn og rúmgóður



- ***i10*** er 5 dyra smábíll fyrir fjölskyldur
- ***i10*** er eyðslugrannur
- ***i10*** er á hagstæðu verði
- ***i10*** getur lagt frítt í stæði í miðborginni
- ***i10*** er einn rúmbesti bíllinn í sínum flokki

Allir sem reynsluaka i10 fá bíómiða fyrir tvo!

Kaffi, kleinur og gos!

i10 eyðir litlu!

**LOKSINS ER KOMINN SMÁBÍLL FYRIR ÞÁ SEM HUGSA AF SKYNSEMI**

Á morgun ætlum við að koma saman og gleðjast yfir komu Hyundai i10 - einum skynsamlegasta bíl sem framleiddur hefur verið. Hann er smábíll, en samt furðu rúmgóður. Hann er sparneytinn, en samt snar í snúningum. Hann mengar lítið og fær því frítt í bílastæði í miðborg Reykjavíkur.

En umfram allt er þetta flottur bíll á flottu verði. Skynsamlegur kostur í þessu árferði. Hann hentar líka öllum. Hann er nógu stór fyrir fjölskyldur með börn eða bara eldri hjón með golfsettin í skottinu. Og hann er nógu sætur fyrir unga fólkið, sem er að festa kaup á sínum fyrsta bíl. **Líttu við hjá okkur í kaffi og kleinur og keyrðu hring á spánnýjum Hyundai i10 – hann bíður eftir þér.**

B&L
Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða kvikmynd útnefndi Bandaríska kvikmyndastofnunin á dögunum bestu glæpamynd sögunnar?*

2 *Hverjir neituðu að taka við bleiku steinunum, hvatningarverðlaunum Femínistafélags Íslands?*

3 *Hvaða lið varð fyrsta liðið til að tryggja sér sæti í undanúrslitum EM í knattspyrnu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Hagkaup opna 4.500 fermetra verslun í Garðabæ:

# Hagkaup stækka við sig

**VERSLUN** Hagkaup hafa opnað 4.500 fermetra matvöru- og sérvöruverslun á Litlatúni í Garðabæ. Verslunin er fjórða verslunin sem Hagkaup hafa opnað á síðastliðnu ári, en áður höfðu verið opnaðar verslanir í Holtagörðum í Reykjavík, Borgarnesi og Reykjanesbæ. Fyrirtækið áætlar að opna verslanir á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi á næstu árum. Hjá Hagkaupum starfa nú rúmlega þúsund manns í ellefu verslunum.

„Við erum að sækja fram þrátt fyrir bölmóð í samfélaginu,“ segir Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa. „Okkur langar að opna á Egilsstöðum og Selfossi. Við höfum verið að slást við skipulagið á Akureyri. Við bjuggumst við að fá lóð á vellinum en fengum hvorki já né nei.“

Nýju verslanir Hagkaups eru með annarri hönnun og útliti en þær eldri. „Í framtíðinni ætlum við að uppfæra okkar verslanir í þetta útlit en peningar eru af skornum skammti svo við hinkrum. En við vonumst til að geta gert það innan nokkura ára,“ segir Gunnar. - gh



**NÝ HAGKAUPSVERSLUN Í GARÐABÆ** Fjórar verslanir hafa bæst við Hagkaupskeðjun á síðastliðnu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Óhlýðnir embættismenn:

# Varðveittu gögn um Franco-tíma

**SPÁNN** Um 157.000 kassar af skjölum, rúmir 175 kílómetrar á lengdina, hafa varðveist frá tímum einræðisherrans Franco á Spáni.

Embættismenn sem áttu að eyða leyniskjölunum svikust undan því til að varðveita söguna. Gögnin hafa nú verið flutt á safn og verða til sýnis eftir tvö ár. Skjölin segja frá hlerunum, ritskoðun, aftökum og fangelsun pólitískra andstæðinga.

Núverandi menningarmálaráðherra landsins hefur lýst yfir miklu stolti sínu með að eitt ljóða hans frá æskuárum fannst í safninu. Birtingu þess hafði verið hafnað á sínum tíma. - kóþ






# Fjórtán fjölskyldur hafa ekki fengið að snúa heim

**Óskum um áfallahjálp eftir jarðskjálftana 29. maí fer fækkandi. Fjórtán fjölskyldur sem rýmdu hús sín hafa ekki getað snúið aftur heim. Flestir búa í leiguhúsnæði sem sveitarfélögin útveguðu.**

**JARÐSKJÁLFTI** Fjórtán fjölskyldur sem rýmdu hús sín eftir jarðskjálftana á Suðurlandi 29. maí hafa enn ekki getað snúið aftur heim.

Ólafur Örn Haraldsson, verkefnisstjóri þjónustumiðstöðva almannavarna, segir flestar fjölskyldurnar vera í leiguhúsnæði sem sveitarfélögin sáu um að útvega. Leigusamningar eru til næstu þriggja mánuða en á þeim tíma verður endurskoðað hvort þá þurfi að framlengja.

„Það eru sveitarfélögin sem leigja þetta en það hefur verið gefið út að ríkið mun standa straum af kostnaði við leiguna,“ segir Ólafur Örn. Kostnaður segir hann að dreginn verði af þeim 100 milljónum króna sem ríkisstjórnin ákvað að leggja til vegna skjálftanna.

Ólafur Örn segir húsin sem rýma þurfti misilla farin og því mislangt í að þau komist aftur í gagnið. Sum húsanna verða þó varla aftur íbúðarhæf.

„Húsið er dæmt óíbúðarhæft svo maður fer bara í annað húsnæði,“ segir Viktor Scheving Ingvarsson, sem rýma þurfti hús



**ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON**

sitt í Auðsholti í Ölfusi. Hann hefur búið hjá ættingjum sínum síðan þá en sér fram á að flytja í leiguhúsnæði í Hafnarfirði. „Ég var ekki heima þegar skjálftinn reið yfir en það var allt í rúst þegar ég kom heim enda húsið ónýtt.“

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi segir að stór hluti þeirra sem þurftu að yfirgefa hús sín í kjölfar skjálftanna hafi fengið að snúa aftur heim. Aðrir séu í leiguhúsnæði sem sveitarfélögin hafi útvegað eða hjá vandamönnum. „Við höfum boðið öllum húsnæði en menn vilja hinkra og skoða sín mál.“

Ólafur Örn segir tvö áfallateymi vinna á svæðinu og á fundi þeirra á miðvikudaginn hafi komið fram að heimsóknum á þjónustumiðstöðvarnar og sjúkrahúsið hafi fækkað undanfarna daga. „Það er munur á þessari og síðustu viku svo þetta er allt að færast í fastar skorður. En við erum ekkert að fara og verðum hér svo lengi sem fólk þarf á hjálp að halda.“ Þá segir Ólafur Örn dyr sjúkrahússins alltaf opnar ef um aðkallandi tilfelli sé að ræða.

„Þetta hefur gengið mjög vel og maður finnur á fólki hvað það er ánægt með hversu vel hefur tekist til, alveg frá fyrstu viðbrögðum. Við finnum fyrir ánægju og þakklæti,“ segir Ólafur.

olav@frettabladid.is



**SKEMMDIR Á HÚSUM** Mörg hús skemmdust illa í jarðskjálftunum 29. maí síðastliðinn. Hafa sum þeirra þegar verið úrskurðað ónýt en önnur stendur til að endurbyggja eða laga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN







*...Því að við Íslendingar viljum aðeins það besta!*

móar

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.512 **+0,01%**

**Fjöldi viðskipta:** 209
**Velta:** 3.690 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ICELANDAIR | +3,53% | CENT. ALUMINUM | -1,92% |
| FÆREYJABANKI | +1,04% | SPRON | -1,87% |
| BAKKAVÖR | +0,47% | ATLANTIC AIRWAYS | -1,84% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** hlutabréf í úrvalsvísitölu:Atorka 6,40 0,00% ... Bakkavör 32,20 +0,47% ... Eimskipafélagið 14,20 0,00% ... Exista 8,60 -0,92% ... Glitnir 16,30 0,00% ... Icelandair Group 15,25 +3,53% ... Kaupþing 780,00 0,00% ... Landsbankinn 23,10 0,00% ... Marel 91,30 +0,22% ... SPRON 3,68 -1,87% ... Straumur-Burðarás 10,14 +0,20% ... Teymi 2,11 -0,47 ... Össur 93,50 +0,21%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## „Ömurleg tíðindi“


HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, telur aðgerðir ríkisins sem tilkynnt var um í gær „ömurleg tíðindi fyrir íslenskan fjármálamarkað“. Þetta kom fram í tölvupósti sem Hreiðar sendi á fimmtudag til stjórnar Samtaka fjármálafyrirtækja og nokkurra annarra stjórnenda í íslenskum fjármálafyrirtækjum og birtur var í heild sinni á vef Viðskiptablaðsins í gær.

„Þetta eru ömurleg tíðindi fyrir íslenskan fjármálamarkað. Lausnin á að felast í auknum umsvifum ríkisins á fjármálamarkaði. Ríkissjóður ætlar að fara að gefa út skuldabréf til að gera erlendum fjárfestum kleift að stunda sitt „carry trade“ [vaxtamunarviðskipti] á 15% vöxtum.

Allir þeir sem hafa skoðað málið gera sér grein fyrir að ekkert atvinnulíf stendur undir slíkum vöxtum og svo háir vextir á ríkisskuldabréfum mun einungis auka viðskiptahalla landsins sem var ærinn fyrir.

Samkvæmt þessu er ekki tekið á síaukinni uppgreiðsluáhættu Íbúðalánasjóðs.

Enn þá rekur ríkið tvo banka, annan sem setur vexti í 15% og hinn sem er að auka við útlán sín til íbúðakaupa á u.þ.b. 5% verðtryggðum vöxtum.

Og svo skiljum við ekkert í því af hverju það er ójafnvægi í fjármálakerfinu okkar,“ sagði í tölvupósti Hreiðars Más. - bih

## Kom á óvart

„Þetta kom óvænt, ég vissi lítið um þetta fyrr en í gær [á fimmtudag],“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs.

Hann segir að sjóðurinn hafi lengi beðið þess að hámarkslán yrði afnumið og tengingin við brunabótamatið sömuleiðis.

En með lánum til banka, er sjóðurinn þá ekki orðinn heildsölubanki? „Hver og einn verður að leggja út frá því. Það mætti segja að þar sem sjóðurinn útvegar öðrum fjármálastofnunum peninga að það væri vísir að slíku.“

Rætt hefur verið um að lán sjóðsins og lágir vextir vinni gegn peningamálastefnu Seðlabankans. „Ég álít nú ekki að þessar aðgerðir hafi slík áhrif.“ - ikh

# Kínverjar hækka eldsneytisverð

Kínastjórn ákvað á fimmtudag hækka álagningu á bensíni og dísilolíu um allt að átján prósent. Hækkunin tekur gildi um mánaðamótin. Stefnt er að því að verðhækkunin dragi úr eldsneytisnotkun hjá Kínverjum, sem eru næstmestu eldsneytissvelgir í heimi.

Fréttastofa AP hafði eftir olíusérfræðingum í gær að reikna megi með því að áhrifin seytli inn á neytendamarkað á nokkrum vikum og muni landsmenn þá fyrst draga úr eldsneytiskaupum. Í kjölfarið geti olíuverð lækkað á heimsmörkuðum.

Kínverjar hækkuðu síðast verð á eldsneyti um ellefu prósent í nóvember í fyrra. Það hafði lítil áhrif á heimsmarkaðsverð.

Auk aðgerða Kínverja ákváðu Sádi-Arabar að auka olíuframleiðslu sína um 200 þúsund tunnur á dag í næsta mánuði. Aðgerðirnar ollu verðlækkun á hráolíuverði strax á fimmtudag. Verðið lækkaði um fjóra dali á tunnu og fór í tæpa 132 dali. - jab


**Á BENSÍNSTÖÐINNI** Kínverjar verða að greiða um átján prósentum meira fyrir bensíndropann í næsta mánuði en nú um stundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Varhugavert


EIRÍKUR GUÐNASON

„Við setjum spurningarmerki við að lán Íbúðalánalánasjóðs skuli miðuð við söluverð í stað brunabótamats en samt haldið við þetta háa lánshlutfall, áttatíu prósent,“ segir Eiríkur Guðnason, bankastjóri Seðlabanka Íslands, þegar hann er inntur eftir viðbrögðum við breytingum á fyrirkomulagi Íbúðalánasjóðs sem ríkisstjórnin kynnti í gær.

„Þetta teljum við að geti verið varasamt bæði fyrir lánveitandann, Íbúðalánasjóð og lánþegann sem hugsanlega kaupir sér fasteign núna þegar verð er hátt og veðsetur hana með háu veðhlutfalli en kann með að þurfa að selja síðar en þá kann verðið að vera lægra en áhvílandi skuld,“ segir Eiríkur.

Hann fagnar því að umbætur og breytingar skulu gerðar á skipulagi Sjóðsins og segir að Seðlabanki Íslands hafi mælt með því að fyrirkomulag hans sé yfirfarið og fagnar einnig því að efnt sé til samvinnu við banka og sparisjóði. Auk þess tekur Eiríkur undir þær fullyrðingar að breytingarnar á fyrirkomulagi íbúðalánasjóðs auki virkni peningastefnunnar.

Eiríkur lítur svo á að þetta sé fyrsta skrefið í að gera Íbúðalánasjóð að heildsölubanka og frekari þróun í þá átt æskileg.

Hann telur að þeir flokkar bréfa sem Íbúðalánasjóður hefur heimild til að gefa út geri honum kleift að endurfjármagna íbúðalán sem þegar hafa verið veitt auk þess að útvega bönkum og sparisjóðum langtímafjármögnun til að veita ný lán. - bþa

# Óþolinmæði eftir aðgerðum

„Ég get ekki annað sagt en að sumir aðilar hafi verið óþolinmóðir,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra um biðina eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar, en margir hafa gagnrýnt aðgerðarleysi hennar.

„Það er eins og það hafi ríkt einhver misskilningur um hlutverk gjaldeyrisvarasjóðsins. Samkvæmt reglum um hann er bara fjárfest í allra öruggustu bréfum, en hann er ekki til þess að lána á almennum markaði,“ segir Árni, og bætir því við að gjaldeyrisviðbúnaður stjórnvalda sé nú fjórum sinnum meiri en fyrir einu og hálfu ári.

Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verða nýttir 75 milljarðar af 500 milljarða króna lántökuheimild ríkissjóðs, til að gefa út skuldabréf.

„Þetta á að hafa það í för með sér að viðskipti með krónuna aukist,“ segir Árni. - ikh







GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar:

## Markaðurinn hvattur áfram

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Eftir svartsýnisfréttir um uppsagnir í byggingageiranum og frost á fasteignamarkaði voru það jákvæðar fregnir sem bárust frá ríkisstjórninni á fimmtudag. Þegar uppgangur á fasteignamarkaði var sem mestur skapaðist óeðlilegt ástand og því er ekki að undra að markaðurinn hafi leitað eftir stöðugleika. Eftir uppsveifluna kom samsvarandi dýfa. Vonandi verða þessar breytingar á starfsreglum Íbúðalánasjóðs til þess að lendingin verði ekki jafn hörð fyrir byggingariðnaðinn og við blasti. Uppgangurinn væri of dýru verði keyptur með atvinnuleysi.

Tvennt er það í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem mestu skiptir fyrir fasteignamarkaðinn. Annars vegar að Íbúðalánasjóður hættir að miða við brunabótamat og miðar við raunvirði íbúða í staðinn. Sérstaklega er það hagstætt fyrir ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á fasteignamarkaðnum. Munur á brunabótamati og fasteignaverði getur verið nánast óyfirstíganlegur fyrir fyrstu kaupendur, sérstaklega þá sem ekki hafa aðgang að öðru veði hjá næstu aðstandendum.

Hins vegar eru það ríkisábyrgðarlán til banka til þess að fjármagna íbúðalán. Þar til vextir á íbúðalánum lækka verulega verður væntanlega ekki mikil eftirspurn eftir lánum til endurfjármögnunar. En bankarnir búa ekki við tuttugu milljóna króna hámark á íbúðalán, líkt og Íbúðalánasjóður. Það verður því í gegnum bankana sem ýtt verður undir viðskipti með stærri og dýrari fasteignir. Þessar aðgerðir bæta jafnframt lausafjárstöðu bankanna, og því ætti að verða auðveldara að fá lán til annarra nota en íbúðakaupa.

Meðal gagnrýnisatriða sem fram hafa komið á þessar aðgerðir er að ekki sé gengið nógu langt. Formaður Félags fasteignasala hefur meðal annars hvatt til þess að níutíu prósenta lánin verði tekin upp aftur. Fasteignasalar líta sjálfsagt til þeirrar gósentíðar þegar níutíu prósent lánin voru í gildi, en þau lán voru hagstjórnarmistök og gæfuspor voru tekin þegar þau voru dregin til baka. Félagsmálaráðherra segir að bankarnir hafi farið offari á fasteignamarkaði fyrir fjórum árum, en orsökina á því má einnig rekja til þess að hámarkslán Íbúðalánasjóðs voru hækkuð upp í níutíu prósent.

Forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings segir að með hreyfingu á markaði muni lækkun fasteignaverðs loks verða mæld. Þrátt fyrir samdrátt í efnahagslífinu er verðbólga enn í methæðum. Undir þeim kringumstæðum er það misræði að hvetja til hárrar veðsetningar. Fyrst þurfa Seðlabankinn og ríkisstjórnin að sýna fram á að krónan geti verið stöðugur gjaldeyrir.

Undirliggjandi vandamálið er hin íslenska króna. Gildi hennar minnkar bara; bæði að verðgildi og í hugum fólks. Hvernig á að vera hægt að skipuleggja útgjöld til fjörutíu ára, líkt og með íbúðalán, þegar ekki er hægt að treysta á lögeyrinn? Núverandi vaxtastig og verðbólga draga ekki síður úr áhuga á fasteignaviðskiptum en takmarkaður aðgangur að lánum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Þú sparar á Orkustöðvunum

Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað bensínið er ódýrt þar.

www.orkan.is

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVÍK

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vill meira

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hlaupa undir bagga með bönkum og fasteignamarkaðnum með breytingum á starfsemi Íbúðalánasjóðs. Lánveitingar sjóðsins miðast héðan í frá við kaupverð eigna í stað brunabótamats, lánshlutfall er hækkað í áttatíu prósent og hámarks lánsupphæð úr átján milljónum í tuttugu. Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, telur hins vegar of skammt gengið; rétt væri að hækka hámarks lánsfjárhæð enn meira og lánshlutfall til fyrstu kaupa ætti að vera níutíu prósent. Með öðrum orðum: stefna í nokkurn veginn sama horfið og orsakaði núverandi stöðnun.



### Hestur fyrir björn

Efnt var til víðtækrar leitar á Hveravöllum í fyrradag og í gær eftir að skelkaðir ferðamenn sögðust hafa rekist á spor eftir bjarndýr. Draumfarir bónda í Skagafirði þóttu renna stoðum undir þær grunsemdir að hér væri um að ræða þriðja ísbjörninn á stuttum tíma hér á landi og ferðamönnunum snúið við í leit að sporunum. Leit var hins vegar hætt eftir að í ljós kom að hin meintu bjarnarspor voru hóffför eftir hesta. Lögreglumenn hafa því líklega snúið aftur úr þessari fýluferð með skeifu.



### Minna frelsi

Friðjón R. Friðjónsson, Eyjubloggari og sjálfstæðismaður, er óhress með flokkssystkin sín í Sambandi ungra sjálfstæðismanna – SUS. Friðjón kveðst hafa rekist á áhugaverða grein um lögleiðingu fíkniefna, sem hann kom eftir krókaleiðum áleiðis til SUS-ara. Viðbrögðin ollu Friðjóni hins vegar vonbrigðum: „Skilaboðin innan úr ungliðahreyfingu Sjálfstæðisflokksins voru einföld. „Ungliðahreyfingin mun ekki hreyfa við neinu varðandi þetta. Það er alveg bannað. Umræða innan hennar mun heldur ekki eiga sér stað“,“skrifar Friðjón og spyr hvort SUS sé orðið svo undirlagt pólitískum rétttrúnaði að ekki megi ræða umdeilda hluti lengur.

bergsteinn@frettabladid.is

# Það sem ekki má



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Sönglög

**Það má ekki tala um ESB**

Það má ekki tala um ESB
og ekki harma gengisfallið fé
og ekki skipta um stjórann
sem situr uppí banka
á myntinni sem gerir alla blanka.

Það má ekki minnast neitt á Baug
og ekki vekja eftirlaunadraug.
Og ekki tala um strákinn
með bláu axlaböndin
né ráðherrann sem kyssir enn á vöndinn.

Þetta sjálfstæðisfólk er svo skrýtið.
Það er alltaf að skamma mann.
Þó maður geri ekki neitt,
Það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki tala um Óla f***
og sundurleitan borgarstjórnarflokk
og ekki spyrja Gísla
hvort hann ætli í spyrnu
um borgarstjórastól við Hönnu Birnu.

Það má ekki blogga seint um nótt,
í stjórnarhúsi allt skal vera hljótt.
Að bíða útá tröppum
með mæk er algjört nó-nó
því spyrja Geir um fjármálin er dónó.

Þetta sjálfstæðisfólk er svo skrýtið.
Það er alltaf að skamma mann.
Þó maður geri ekki neitt,
Það er alltaf að skamma mann.

*(Lag: Það má ekki pissa bak við hurð… e. Sveinbjörn I. Baldvinsson)*

# Róttækar aðgerðir

**UMRÆÐAN**

Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um húsnæðismál



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum munu sporna gegn fjárhagslegum áföllum heimilanna og treysta hagkerfi landsins.

Afar mikilvægt er að koma í veg fyrir að mjög mikil og hröð verðlækkun á fasteignum magni upp efnahagssamdráttinn. Leiðrétting á háu fasteignaverði undanfarinna missera var hins vegar óumflýjanleg en of hröð kólnum á fasteignamarkaði getur haft afar óæskileg áhrif á stöðu efnahagsmála. Auk þess gæti djúp fasteignakreppa og snögg kæling á markaðnum komið harkalega niður á íbúðarkaupendum og skuldsettir íbúðareigendur gætu tapað eigin fé sínu í fasteignum.

Nýir lánaflokka sem stofnaðir verða hjá Íbúðalánasjóði og snúa að endurfjármögnun eldri lánveitinga og nýrra útlána hjá ÍLS fyrir almennar lánastofnanir ættu að losa um þann tappa sem myndast hafði á fasteignamarkaði, þar sem lán Íbúðalánasjóðs, sem var nánast orðinn eini virki lánveitandi á markaði, voru að hámarki 18 milljónir og dugði aðeins vegna minnstu íbúðanna.

Það mun skipta sköpum fyrir marga íbúðarkaupendur, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, að brunabótamatsviðmið lánveitinga Íbúðalánasjóðs verður afnumið en þess í stað miðað við allt að 80% af kaupverði. Sama gildir um hækkun hámarksláns hjá Íbúðalánasjóði í 20 milljónir króna úr 18 milljónum.

Þá verða heimildir til leiguíbúðalána Íbúðalánasjóðs á almennum markaði auknar til að breyta söluíbúðum í leiguhúsnæði og efla þannig leigumarkaðinn. Slík lán verða þó aðeins veitt að fyrir liggi óháð mat á því að eftirspurn eftir leiguhúsnæði sé fyrir hendi.

Sú leið ætti að til virkari leigumarkaðar og hjálpa þeim sem kjósa að leigja og fresta íbúðarkaupum um einhvern tíma.

Þó þessar aðgerðir komi væntanlega í veg fyrir það alkul á fasteignamarkaði sem allt stefndi í má áfram vænta einhverrar lækkunar á fasteignaverði. Afar mikilvægt er að bankar og sparisjóðir bregðist við þessum aðgerðum með ábyrgum hætti, haldi vel utan um sína viðskiptavini, ekki síst þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum, og nýti ekki endurfjármögnun Íbúðalánasjóðs til að ná sér í vaxta- eða þóknanatekjur umfram það sem nauðsynlegt er vegna umsýslukostnaðar.

*Höfundur er félags- og tryggingamálaráðherra.*


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
GRILL & GARÐVÖRUR
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
9594
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR
10.794
HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR
2495
SLÁTTUORF 200W
19.990
SLÁTTUORF, BENSÍN
1995
STUNGUSKÓFLA
1399
GARÐHRÍFA
1995
GAFFALL
795
STRÁKÚSTUR
11.988
LAUFSUGA
27.995
SLÁTTURVÉL, BENSÍN-1800W
239
GARÐHANSKAR
FRÁ: 119
VINNUHANSKAR
5900
HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS
299
GARÐKLÓRA
299
GARÐSKÓFLA
594
GRASKLIPPUR
563
GREINAKLIPPUR
828
GREINAKLIPPUR - 2 STK.
FLO
15.950
SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS
359
GRILLKVEIKJARI
479
GRILLBURSTI
1495
GARÐÚÐARI
359
GRILLSPAÐI
359
GRILLTÖNG
11.994
SLÖNGUKEFLI
12.990
GASGRILL
2995
KOLAGRILL
239
GRILLSETT
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16


vodafone
TM


0 kr. lítrinn
Hjólaðu með okkur í sumar
Skínandi fín og rauð reiðhjól standa nú við sundlaugina í mörgum helstu bæjum landsins. Hjólin bjóðast gestum og gangandi til afnota í allt sumar.
Það er einfalt mál að fá hjól lánað. Þú færð lykil að hjóli í afgreiðslu sundlaugarinnar og getur hjólað af stað. Svo skilar þú hjólinu að sjálfsögðu á sinn stað og brosir hringinn. Tryggingamiðstöðin sér til þess að allir fá reiðhjólahjálma svo öryggið sé í hávegum haft.
Sveitarfélögin sem eru í samstarfi við okkur í sumar eru:
Akranes, Akureyri, Bolungarvík, Borgarnes, Dalvík, Egilsstaðir, Húsavík, Ísafjörður, Reykjanesbær, Sauðárkrókur, Selfoss og Vestmannaeyjar.
Lifðu núna
vodafone

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




## „Golf er skemmtileg vinna“
Ítarlegt viðtal við Steingrím Hermannsson í tilefni áttræðisafmælis hans í dag.

## Ísbirnir prýða mörg heimilin
Páll Winkel lét undan og gaf konu sinni ísbjörn.

## Í vist hjá eyþjóð sem alþjóðavæddist
Alp Mehmet, fráfarandi sendiherra Breta, segir frá því hvernig Ísland kemur honum fyrir sjónir.

## Matur

Matur fylgir Fréttablaðinu á sunnudag:

Lautarferð að hætti listakvenna
Ilmandi humar á grillið
Ávaxtasalat fyrir smáfólkið
Sælkerafiskur ásamt léttu meðlæti
Bakað úr lífrænt ræktuðu hráefni
Dulbúið grænmetissalat
Matarpistill Nönnu Rögnvaldardóttur

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





MAÐUR VIKUNNAR

# Víðförull Dýllari

Stefán Vagn Stefánsson tók nýlega við sem yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki. Það er yfirleitt engin lognmolla yfir Stefáni en síðasta vetur var hann til að mynda í fullu starfi hjá lögreglunni auk þess að vera í fullu námi í Háskóla Íslands. Síðustu vikurnar hafa svo verið sérlega viðburðaríkar. Stefán hefur fengið það verkefni að kljást við hvorki meira né minna en tvo ísbirni sem komið hafa á land í Skagafirði. Stefán og félagar hans í lögreglunni gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að ná björnunum á lífi en því miður reyndist það ógjörningur. Þrátt fyrir það er framtíðin björt fyrir þennan dugmikla og skipulagða Skagfirðing. Stefán Vagn Stefánsson er maður vikunnar.

Stefán ólst upp á Sauðárkróki. Hann þótti uppátækjasamur í æsku og var alltaf með prakkarastrik uppi í erminni. Kímnin og góðlátleg stríðnin hafa ekki vaxið af honum þó svo að hann dylji það ef til vill betur í seinni tíð.

Stefán þykir hagmæltur og orðheppinn, en þá eiginleika er hann talinn erfa eftir Stefán skáld Vagnsson, afa sinn. Orðheppnin birtist í góðum sögum og leiftrandi kímni en líka í hæfileikum til að tala fólk til. Það nýttist honum vel í æsku þegar hann þurfti að kjafta sig út úr þeim vandræðum sem hann kom sér í með uppátækjum sínum en það tókst að sögn undantekningarlaust.

Stefán spilaði lengi fótbolta með Tindastóli eins og sönnum Sauðkrækingum sæmir og var í marki. Hann hefur nýverið gengið aftur til liðs við gömlu félagana og æfir nú knattleikni og markvörslu af kappi.

Að loknum grunnskóla skráði Stefán sig í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Hann útskrifaðist þaðan árið 1995 og sinnti eftir það ýmsum störfum. Hann afgreiddi til að mynda íþróttaföt í kaupfélagi staðarins og bensín á bensínstöðinni. Það var svo varðstjórinn, Guðmundur Óli, sem hálfpartinn plataði Stefán í lögregluna sumarið 1997. Næsta vetur fór hann svo í Lögregluskólann og eftir það í lögregluna í Reykjavík. Ekki leið á löngu þar til Stefán fékk boð um að ganga í sérsveit lögreglunnar, sem hann þáði. Það var svo haustið 2006 sem hann fékk það krefjandi verkefni að leiða hóp friðargæsluliða í Gor-héraði í Afganistan. Að því verkefni loknu tók Stefán þátt í uppbyggingu greiningardeildar Ríkislögreglustjóra þar til hann tók við núverandi starfi.

Eins og sést hefur Stefán komið víða við þrátt fyrir ungan aldur. Hann hefur búið á landsbyggðinni og í höfuðborginni, sinnt ýmsum störfum og verið á fjarlægum slóðum. „Hann hefur gengið í gegnum ýmislegt,“ segir einn aðstandenda Stefáns og bætir við að margt af því hafi verið erfitt. „Aðstæðurnar hafa verið mismunandi og til dæmis held ég að það hafi oft og tíðum verið virkilega átakanlegt og krefjandi í Afganistan. En hann kláraði sitt. Það skiptir engum togum, ef hann ætlar sér eitthvað þá gerir hann það.“

Vinir Stefáns eru sammála um að hann sé afar traustur og það sé í raun hans helsti kostur. „Hann er alltaf tilbúinn þegar einhver er hjálpar þurfi. Ef hann hefur ekki tíma þá finnur hann sér tíma,“ segir einn góðkunningi hans. „Þannig þekkja allir Stefán, sem góðan dreng og vin vina sinna.“

Stefán er bæði duglegur og fylginn sér en kannski fyrst og fremst skipulagður. Það þarf mikið skipulag til að ná að sameina fullt nám og fulla vinnu eins og Stefán hefur gert undanfarið, en hann leggur nú stund á stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Stefán telur mikilvægt að víkka sjóndeildarhringinn og að námið sé prýðilega til þess fallið.

En skipulagningin getur farið út í öfgar á stundum. Þeir sem eru nákomnir honum segja að fyrir komi að skipulagningin sé of mikil, þannig að hann leyfi ekki hlutunum að gerast af sjálfum sér. Þannig verði þessi góði kostur stundum einn af göllum hans.

Stefán getur að sögn aldrei setið kyrr, en þessi mikli kraftur og framtakssemi er eftir því sem næst verður komist arfgengur eiginleiki. Stefán er einn af hinum svokölluðu Dýllurum sem eru víðfrægir á Norðurlandi. Ættin dregur nafn sitt af Dýrleifu, ömmu Stefáns. Þegar spurt er út í galla Stefáns svarar eitt skyldmenna hans því til að allir Dýllarar séu gallalausir, en hvort sá sé vanhæfur, verandi Dýllari sjálfur, skal ósagt látið.

Hvort sem það er vegna Dýllara-genanna eða einhvers annars, þá er Stefán galvaskur mjög, atorkusamur og fylginn sér. Hann byrjaði af miklum krafti sem yfirlögregluþjónn. Hans fyrsta verk eftir að hann tók við starfinu var að standa fyrir umferðarátaki í bænum þar sem annars vegar var stefnt að lægri umferðarhraða og hins vegar aukinni notkun reiðhjólahjálma. Verkefnið þykir hafa tekist vel og eru bæjarbúar sammála um að Stefán hafi verið sýnilegur í starfinu. Eins er haft á orði að há staðan hafi síður en svo stigið honum til höfuðs. „Hann setur sig ekki á neinn stall, heldur er hann alltaf tilbúinn að fara út í lögreglubúningi eins og aðrir,“ er haft eftir heimamanni. Hann vill vera meðal fólksins, með fingurna á púlsinum.

## STEFÁN VAGN STEFÁNSSON




### ÆVIÁGRIP

Stefán Vagn Stefánsson fæddist árið 1972 á Sauðárkróki. Foreldrar hans eru þau Stefán Guðmundsson alþingismaður og Hrafnhildur Stefánsdóttir verslunarmaður. Stefán er í sambúð með Hrafnhildi Guðjónsdóttur og saman eiga þau tvö börn. Hrafnhildur á að auki dóttur sem Stefán hefur gengið í föðurstað.

Stefán lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki árið 1995. Hann vann síðan við ýmis störf, aðallega í íþróttadeild Kaupfélagsins, þar til hann var plataður í sumarafleysingar hjá lögreglunni árið 1997. Árið eftir lá síðan leiðin í Lögregluskólann og að því námi loknu starfaði hann sem lögreglumaður í Reykjavík. Árið 2001 gekk Stefán svo til liðs við sérsveitina. Fimm árum síðar lagði hann land undir fót og fór til Afganistans, þar sem hann leiddi friðargæsluhóp í Gor-héraði. Eftir að hann kom heim í febrúar í fyrra starfaði hann svo við uppbygginguna greiningardeildar Ríkislögreglustjóra, allt þar til hann tók við starfi yfirlögregluþjóns á Sauðárkróki nú í apríl.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Stefán er sagður hafa tvívegis gifst Guðbrandi Guðbrandssyni, sem nú er kennari, á uppskeruhátíð Tindastóls. Þeir Stefán og Guðbrandur spiluðu saman fótbolta hjá liðinu. Þess má geta að Stefán spilaði á gítar í hljómsveitinni Silungunum, sem oft tróð upp á þessum uppskeruhátíðum.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Stefán er alveg uppfullur af orku og þrótti. Hann getur ekki setið kyrr. Flestir hafa líklega heyrt talað um Dýllarana, sem er þróttmikill og framtakssamur ættbogi hér í bænum. Stefán er lifandi Dýllari.“
Ómar Bragi Stefánsson, bróðir Stefáns.

Ómótstæðilegt sumartilboð




Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 10-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS




# Á séns um miðnætti...

Í dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um nætursukk, velviljaðan lögreglustjóra, eyðslugrannan kassabíl, heilsuleysi krónunnar, fallegan sumardag, starfshóp um viðbragðsáætlun vegna ísbjarna og fleira gáfulegt.





## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**SUNNUDAGUR, 15. JÚNÍ.**

### Lögreglustjóri og nætursukk

Mikið held ég að það sé einmanalegt starf hjá lögreglustjóranum í Reykjavík að koma á friði og skikkanlegheitum í hinu svonefnda næturlífi borgarinnar.

Það sem til þess þarf er hugarfarsbreyting hjá fólki; þar duga hvorki rafmagnsbyssur né lögreglustöðvar á hjólum.

Sá sem ekki er kominn á séns um miðnætti á einfaldlega að sætta sig við hvað lífið er stundum miskunnarlaust og fara heim að sofa og reyna að vera betur tilhafður um næstu helgi.

Og hvaðan kemur þessi tilhneiging til að fljúgast á við lögregluna? Hér í eina tíð var almenningur vinveittur löggunni. Er það að breytast? Og af hverju þá? Hefur almenningur breyst? Eða löggan? Eða er virðingin fyrir öðrum manneskjum á undanhaldi í þjóðfélagi sem hefur verið undirlagt áratugum saman – lengur en Stalín ríkti yfir Sovétríkjunum – af stjórnmálaflokki sem boðar einstaklingshyggju af meira kappi en nokkur trúarsöfnuður boðar eilíft líf? Er búið að heilaþvo mannskapinn?

Einhverjir halda sjálfsagt að stjórnmálaflokkur sem aldrei kemst í meirihluta geti ekki mótað heilt þjóðfélag. Það er sorglegur misskilningur og oftrú á lýðræði. Sagan kennir okkur að 37,4% í lýðræðislegum kosningum geta dugað til að ná hugmyndafræðilegu hreðjataki á þjóðum.



Hvað sem hugarfari þjóðarinnar líður dáist ég að lögreglustjóranum fyrir einbeittan vilja til að taka á þeirri skrílslegu múgsefjun sem stundum er kölluð skemmtanalíf Reykjavíkur og styð hann í þessari góðu fyrirætlun. Árangurinn er samt undir því kominn að honum takist að fá almenningsálitið á sitt band.

Það á að hlusta á venjulega borgara sem eiga sér ekki aðra hagsmuni en þá að búa í fallegri og friðsælli borg en ekki leggja eyrun við sjónarmiðum veitingamanna og annarra hagsmunaaðila sem fyrst og fremst eru að pæla í því að græða á sukkinu.

Gróðasjónarmið næturvökulla veitingamanna er vissulega skiljanlegt – en samræmist ekki hagsmunum alls þorra Reykvíkinga – og skynsamlegt er að fara eftir þeirri lýðræðisreglu að láta hagsmuni meirihlutans ráða.

**MÁNUDAGUR, 16. JÚNÍ.**

### Íslensk gestrisni og viðhafnarmóttökur

Ísbirnir virðast hafa óbilandi trú á gestrisni Íslendinga.

Nú er annar hvítabjörninn á þessu sumri að skoða sig um fyrir norðan meðan sá fyrsti liggur gaddfreðinn í frystikistu og bíður þess að verða stoppaður upp.

Sennilega er umhverfisráðuneytið uppiskroppa með tróð í hvítabirni því að nú hafa verið látin boð út ganga að þennan skuli handsama á lífi og Björgólfur yngri hefur boðist til að bera kostnaðinn af handtökunni. Það líst mér vel á og vona að ísbjörninn verði látinn ganga laus á lóðinni við Fríkirkjuveg 11 þegar „viðhafnarmóttökur“ fara fram í húsinu og takmarka þarf aðgang almennings.

**ÞRIÐJUDAGUR, 17. JÚNÍ.**

### Að keyra í kassabíl



Fallegur þjóðhátíðardagur.

Nú hefur verið leitað á náðir Dana til að losa okkur við ísbjörninn sem er að kynna sér æðarvarp fyrir norðan. Það finnst mér soldið eins og að biðja Atlantshafsbandalagið að taka að sér löggæslu í miðbænum.

Forsætisráðherrann okkar sagði í þjóðhátíðarávarpi sínu á Austurvelli í morgun að Íslendingar séu „vel undir efnahagsþrengingar búnir, betur en flestar aðrar þjóðir“.

Ég er sennilega ekki nógu skarpur til að skilja nákvæmlega hvað maðurinn er að meina, en fyrir mína parta koma efnahagsþrengingar mér ekki á óvart meðan Árni Mathiesen er fjármálaráðherra og Davíð Oddsson seðlabankastjóri.

Þrátt fyrir góðan undirbúning þjóðarinnar fyrir þrengingarnar í boði Flokksins virtist forsætisráðherrann hafa áhyggjur af villtri eyðslu og lifnaðarháttum almennings, svo að hann bætti við:

„Engu að síður verður þjóðin að breyta neyslumunstri sínu og draga úr eldsneytisnotkun, til að bregðast við hækkandi verði og til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.“

Þetta finnst mér vel og skynsamlega mælt. Ef ég verð beðinn um að halda ræðu á Austurvelli við tækifæri mun ég hafa þessar ábendingar í huga og fara þangað fótgangandi, og ef ég hefði einkabílstjóra mundi ég setja almenningi fagurt fordæmi með því að selja embættisbílinn og láta einkennisklæddan bílstjóra ýta mér um í kassabíl við hátíðleg tækifæri.

Eins og hann kom mér fyrir sjónir virtist mér forsætisráðherrann hafa verið skotinn úr launsátri með deyfilyfinu sem mistókst að koma í hvítabirnina – og forsætisráðherra sem vafrar um ráðþrota gagnvart kreppunni er hættulegri fyrir þjóðina en heill hópur af ísbjörnum.

**MIÐVIKUDAGUR, 18. JÚNÍ.**

### Um heilsuleysi krónunnar



Nú efast ég um að krónan geti „veikst“ öllu meira án þess að hrökkva upp af.

Í dag lækkaði gengið um 3,8 prósent og hefur lækkað um 26,2 prósent frá áramótum. Þetta eru sem sagt alvöru veikindi.

Sömu stjórnmálamenn og voru eldsnöggir að þakka sjálfum sér allsnægtirnar þegar „útrásin“ og lánavíman var hvað geggjuðust standa núna með allt niðrum sig og kenna „erlendri efnahagsþróun“ um ástandið – sem meira að segja ég sá að hlaut að koma.

Ísbjörninn fyrir norðan virtist hafa sama ímugust á blaðamönnum og forsætisráðherrann okkar hefur, því að einhverra hluta vegna lagði hann á flótta þegar herskarar frétta-, lögreglu- og sérfræðinga úr umhverfisráðuneytinu komu fljúgandi til að heimsækja hann í æðarvarpið með deyfilyf og danskan ísbjarnahandsömunarfræðing og búr sem nýbúið var að tollafgreiða með hraði.

Varðandi ísbjarnardrápin þá hefur umhverfisráðherra látið boð út ganga að skipaður hafi verið „starfshópur til að vinna að viðbragðsáætlun vegna ísbjarna“.

Hvar lærir fólk svona skrípaorðbragð? „Viðbragðsáætlun“. „Starfshópur vegna ísbjarna“.

Alvörumanneskjur tala ekki svona. Að minnsta kosti hef ég aldrei heyrt Jóhönnu Sigurðardóttur reyna að troða pólitískan marvaða með merkingarlausu bulli, enda hefur hún meira jarðsamband en samanlagður þingflokkur Samfylkingarinnar.

Til viðbótar við viðbragðsáætlun starfshópsins um framtíðarmeðhöndlun ísbjarna á Íslandi hafa verið látin boð út ganga um að vísindamenn hafi fundið tríkínur í innyflum þess bjarnar sem var skotinn á Skaga. Það fylgir sögunni að tríkínur séu lífshættulegar. Til dæmis gætu íslenskir refir komist í ísbjarnarhræ og smitast af tríkínum. Refirnir gætu svo smitað önnur dýr og jafnvel refaskyttur og loks alla þjóðina – þannig að það var mikil mildi að mönnum tókst að drepa ísbjörninn áður en hann varð sjálfdauður.

Stundum þegar ég fylgist með svona fréttaflutningi verð ég að klípa mig í handlegginn til að ganga úr skugga um hvort ég sé vakandi eða staddur í mjög geðveikislegum draumi.

**FIMMTUDAGUR, 19. JÚNÍ.**

### Fallegur dagur



Aldrei þegar ég var samvistum við vinkonu mína Lenu Bergmann hugsaði ég út í að sá dagur gæti komið að annað hvort okkar stæði yfir moldum hins. Nú er sá dagur kominn og farinn. Sólríkur dagur eins og sumardagur getur fallegastur orðið á Íslandi.

Það var vel við hæfi að landið okkar skartaði sínu fegursta þegar Lena var kvödd. Hún var eitt af djásnum þessa lands.

Mín vegna þarf tilgangurinn með þessu öllu ekki að vera annar en sá að prýða veröldina um stund.

Samtaka, nú!


BT
VAXTALAUS VEISLA
Vaxtalausa veislan heldur áfram í BT !!!
LG
LG fartölva
Glæsileg LG E500 fartölva. Intel örgjörvi, 3GB vinnsluminni, mjög öflugt NVIDIA GeForce 8600M skjákort, 250 GB harður diskur og DVD brennari. Glæsileg vél með öllu frá LG. (Vörunúmer: 157893-LG).
• Intel Core 2 Duo Processor T5450
• Fine Bright 15.4" WXGA TFT LCD
• NVIDIA GeForce 8600M GS (256MB VRAM)
• 3 GB DDR2 Vinnsluminni
• 250 GB SATA HDD
• DVD Super Multi (DL)
• Wired LAN: 10/100 Integrated Fast Ethernet
• Modem: 56K
• Bluetooth
• Windows Vista Home Premium
15,4"
BT LÁN
12.055,-*
12 mán. vaxtalaust
heildarafborgunarverð: 144.665,-
129.999,-
Með sér talnaborði
79.999,-
MEDION®
Medion borðtölva
PC6765. Tilvalin alhliða vél fyrir fjölskylduna. Intel örgjörvi, 2 GB minni, 500 GB diskur og góð skjástýring. Nú geturðu unnið með stafrænu gögnin þín án erfiðleika. (Vörunúmer: 158661)
• Intel® Core™2 Duo Processor E4500
• 2,20 GHz, 2 MB L2 Cache med 800 MHz FSB
• 2048 MB DDR2-SDRAM
• 500 GB harddisk - 7200rpm SATA
• Dual Layer DVD-RW brennari
• NVIDIA® GeForce® 8400GS
• Netkort - 10/100
• 6 rása hljóðkort
• 8in1 kortalesari
• Tengi að framan: 2x USB 2.0, 1x mikrafónn, 1x headphones
• Tengi að aftan:
• 2 x PS/2, 1x LAN (RJ45)
• 4 x USB 2.0, 1x IEEE 1394 FireWire
• 1 x parallel, 1x serial
• Hugbúnaður:
• Windows Vista® Home Premium
• Microsoft® Works 9 með Office 2007 Trial
BT LÁN
7.515,-*
12 mán. vaxtalaust
heildarafborgunarverð: 90.178,-
19"
19.999,-
MEÐ BORÐTÖLVU
24.999,-
LG
LG frábær 19" skjár
(Vörunr. 158180)
• 19" LG 194WS-SN
• Upplausn: 1440 x 900 dpi
• Contrast: 2.000:1 (dynamic)
• Svartími 5ms
• Birta 300 cd/m2
• WideScreen
• VGA tengi (HD-15)
• 3ja ára ábyrgð
14.999,-
GARMIN
Garmin GPS
Garmin Nuvi 200 er einn vinsælasti GPS á markaðnum í dag. Fljótur, hárnákvæmur og ekki nema 147 grömm. (Vörunúmer: 154153).
• Skandinaviukort
• 3,5" Snertiskjár
• 320x240
• 500 Points of Interest
• 85 MB minni
• Stækkanlegt í 2GB/SD Kort
• Hægt að skoða ljósmyndir
• 5 Klst rafhlöðuending
29.999,-
Panasonic
Panasonic heimabio
300 Vatta heimabíókerfi sem skilar kristaltærum tónum í stofunni þinni. (Vörunúmer: 311529).
• 300 RMS vött
• Viera Link fyrir Panasonic sjónvörp
• Spilar SVCD/VCD/DVDR/CDR/MP3/JPG/WMA
• Progressive Scan
• USB tengi (MP3/WMA/JPEG)
• Scart tengi
29.999,-
DENVER
Denver ferðadvd í bílinn með tveimur 7" skjám. Hinn fullkomni félagi í ferðalagið. (Vörunúmer: 310237).
• Hristivörn
• Pal / Ntsc samhæfður
• Tveir 7" Skjáir með innbyggðum dvd spilara
• Spilar skrifaða diska
• Hægt að tengja í 12v og 220v
• Tvenn heyrnatól fylgja
* Innt í útreiknuðum mánaðargreiðslum er 5,8% skuldaálag og 3% lántökugjald auk 250 kr. færslukostnaðar
www.bt.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LAMBAKJÖT- KJÚKLINGUR- GRÍSAKJÖT




KS ferskt lambafillet
2498 kr./kg.




KS frosið lambalæri í sneiðum
1198 kr./kg.




KF grill lambalærissneiðar
1399 kr./kg. MERKT VERÐ 1999 KR./KG.




Bónus ferskkrydduð kjúklingalæri
479 kr./kg. MERKT VERÐ 799 KR./KG.




KF lambakótilettur í raspi
1199 kr./kg. MERKT VERÐ 1999 KR./KG.




SS grill koníakslegnar svínakótilettur
1228 kr./kg. MERKT VERÐ 1888 KR./KG.




Nautaveislu ferskt nautahakk
698 kr./kg.




Bónus ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði 498 kr pakkinn.




Innfluttar svínalundir frosnar
1278 kr./kg. MERKT VERÐ 1598 KR./KG.

## BETRA VERÐ Á SVALANDI DRYKKJUM Í BÓNUS

**Pepsi** MAX dós- **Pepsi** Classic dós- **Egils appelsín** dós **500ml 59 kr.**
**Egils gull** 500ml dós **59 kr. Pepsi MAX 2 ltr. flaska 119 kr.**

**JuCee GeeBee** þykkni 3 ltr. Sólberja eða appelsínu **298 kr.**
ÞYKKNIÐ BLANDIST EINN Á MÓTI FJÓRUM EÐA EFTIR SMEKK.










Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00


BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
ALLTAF NÝBAKAÐ Í BÓNUS
198
Bónus kleinuhringir
KARAMELLU EÐA SÚKKULAÐI 2 stk 198 kr.
139
Bónus snúður
SÚKKULAÐI EÐA KARAMELLU 139 kr.
1798
Bónus hangiálegg í sneiðum
1798 kr./kg.
198
Bónus fetaostur
250g 198 kr.
95
KF hrásalat
350g 95 kr.
NÝTT Í BÓNUS
159
Jakops Club Orange kex
8 STK 159 kr.
20% LÆGRA VERÐ
990
Samlokuostur í sneiðum
990 kr./kg. VERÐ ÁÐUR 1237 KR./KG.
259
Bónus kleinur 15 stk 259 kr.
INNAN VIÐ 1% HERT FITA
295
EmmEss toppar 4 stk.
HNETUR OG DAIM 295 kr.
198
Bónus frost-gleðipinnar
15 stk 198 kr.
98
EUROSHOPPER brauð 2 stk. í pakkningu
KRYDD OG HVÍTLAUKS 98 kr.
359
Bónus stórar eldhúsrúllur
XL 3 stk 359 kr.
MAXI OG JUNIOR
2298
Pampers bleiur megakassinn
2298 kr.
198
Koopman plast vínstaup 4 litir.
6 stk 198 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

**RITHÖFUNDURINN IAN MCEWAN ER SEXTUGUR.**

*„Ég á enn eftir að hitta einhvern sem segir: Sögur þínar eru svo andstyggilegar að ég get ekki fyrir nokkurn mun lesið þær.“*

***Enski rithöfundurinn Ian McEwan er einn sá valdamesti í bresku menningarlífi. Kvikmynd eftir skáldsögu hans Atonement var tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 2008.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. JÚNÍ 1991

## *Perlan opnuð í Öskjuhlíð*

Það var þennan dag fyrir sautján árum að Perlan, útsýnishús Hitaveitu Reykjavíkur í Öskjuhlíð, var formlega tekin í notkun. Fyrstu hugmyndir um byggingu glæsihúss í Öskjuhlíð komu frá meistara Kjarval árið 1930. Í hugljómun Kjarvals átti húsið að svara birtu dags og táknum nætur, en betri lýsing á Perlunni sem reist var sextíu árum síðar er vandfundin.

Perlan er í senn magnað og merkilegt mannvirki. Hún hvílir ofan á sex hitaveitugeymum sem samtals rúma 24 milljónir lítra af heitu vatni og er byggð úr stálgrind sem hefur öðru og meira hlutverki að gegna en að tengja saman hitaveitugeyma og mynda hvolfþak, því stálið er hitagjafi hússins. Grindin, sem er hol að innan, virkar eins og risastór ofn. Á köldum vetrardögum streymir um hana heitt vatn, en kalt vatn á heitustu sumardögum. Með þessu móti er hitastigi Perlunnar haldið stöðugu og hægt er að ganga um léttklæddur í hvolfinu meðan ísköld stórhríð geisar úti fyrir.

Samtals var byggingarkostnaður Perlunnar á annan milljarð króna. Byggingarefnin stál og gler lögðu grunn að afar slæmum hljómburði, en með sérstökum aðferðum í klæðningu, einangrun, teppalögn og hátölurum tókst að framkalla úrvals hljómburð sem nýtur sín vel jafnt í Vetrargarðinum á fyrstu hæð og veitingasalnum á fimmtu hæð, en hljóðtæknileg hönnun Perlunnar fékk alþjóðlegu Golden Ear-verðlaunin árið 1993.

Ótrúlega víðsýnt er af útsýnispöllum Perlunnar þar sem finna má sex útsýnisskífur með hljóðböndum á fimm tungumálum. Stolt Perlunnar er heimsklassa veitingahús með snúningsgólfi þar sem gestir njóta þess besta í mögnuðu útsýni. Perlan hefur verið valin í hóp fimm bestu útsýnisveitingahúsa heims.



## MERKISATBURÐIR

- **1942** 54 stiga hiti mælist í Tirat Zevi í Ísrael.
- **1950** Hafnaboltastjarnan Joe DiMaggio slær 2000. högg sitt.
- **1959** Sigurbjörn Einarsson vígður biskup yfir Íslandi.
- **1966** Mót norrænna lögreglukóra haldið í Reykjavík.
- **1973** Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum í Öxarfirði stofnaður.
- **1975** Elton John, Eagles og Beach Boys spila saman á tónleikum á Wembley.
- **1980** Kvikmyndin Óðal feðranna eftir Hrafn Gunnlaugsson frumsýnd.
- **1986** Íþróttamiðstöðin í Laugardal tekin í notkun.
- **1989** Leikaraparið Melanie Griffith og Don Johnson giftist öðru sinni.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingólfur Ólafsson**

klæðskerameistari
Víðilundi 18d, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 24. júní kl. 13.30.

**Guðbjörg Anna Árnadóttir**
**Halldóra Kristín Gunnarsdóttir** **Árni Leósson**
**Kolbrún Ingólfsdóttir** **Kristján Vilhelmsson**
**Árni Evert Ingólfsson**
**Margrét Ingólfsdóttir** **Friðbjörn Georgsson**
**Ingibjörg Ingólfsdóttir** **Tryggvi Þórarinsson**
**Lína Björk Ingólfsdóttir** **Dagmann Ingvason**
**og afabörnin öll.**



*Kærar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og vináttu við andlát og útför*

**Estherar Jónsdóttur**

Hringbraut 50, áður til heimilis að Grýtubakka 4, Reykjavík.

**Ágúst Arason**
**Haukur Ágústsson** **Kristín Auðunsdóttur**
**Guðrún Edda Ágústsdóttir**
**Hróbjartur Ágústsson** **Sigríður Oddsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorbjörg Svavarsdóttir**

lést sunnudaginn 8. júní á líknardeild Landakotsspítala. Hún verður jarðsungin frá Seljakirkju þriðjudaginn 24. júní kl. 13.00.

**Svavar Þorvaldsson** **Elzbieta Lul**
**Selma Þorvaldsdóttir**
**Ásgeir Jóhannes Þorvaldsson** **Kristín Alexandersdóttir**
**Elísabet Þorvaldsdóttir** **Guðmundur Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartans bestu þakkir til ykkar allra sem á einn eða annan hátt auðsýnduð okkur samúð, hlýhug og vinarþel við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Sigurðar Guðna Jónssonar**

fv. lyfsala, Flókagötu 33.

Við biðjum ykkur Guðsblessunar.

**Fjóla Guðleifsdóttir**
**Leifur Sigurðsson** **Katsuko Sigurðsson**
**Anna Sigurðardóttir**
**Hannes Leifsson.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

## AFMÆLI



**INGA J. BACKMAN** Söngkona er 61 árs.



**MARÍA KRISTÍN GYLFADÓTTIR** formaður Heimilis og skóla er 37 ára.



**ÁSGEIR JÓNSSON** hagfræðingur er 38 ára.



**HULDAR BREIÐFJÖRÐ** rithöfundur er 36 ára.




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, lípariti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S.HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677




**HORN Í ÍSLENSKRI SUMARSÓL** Hér viðra hljóðfæri sín fyrir utan Háskólabíó hornleikararnir Joseph Ognibene og Radovan Vlatkovic, sem þykir einn sá allra besti á heimsvísu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

HÁTÍÐ NORRÆNNA HORNLEIKARA: LÝKUR MEÐ HEIMSFRUMFLUTNINGI Í DAG

# Rómantískar fantasíur

„Horn er með mest aðlaðandi gripum hljóðfærafjölskyldunnar og einkennist af rómantískum fantasíuhljómi og glæsilegu útliti,“ segir Joseph Ognibene, hornleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem hingað kom frá Englaborg Kaliforníu árið 1981 og hefur síðan kennt mörgum af yngri kynslóð íslenskra hornleikara á hljóðfærið.

„Við hornleikarar heimsins erum svo heppnir að fyrir einskæra tilviljun eru til ótal fögur tónverk sem bæði Mozart og Strauss sömdu sérstaklega fyrir horn. Faðir Strauss var hornleikari og besti heimilisvinur Mozart-fjölskyldunnar líka, en tónskáldin launuðu það með tónverkum fyrir sína menn og við njótum góðs af því,“ segir kampakátur Joseph sem í dag stendur í stöðugu tónleikahaldi í menningarbænum Hafnarfirði þegar Hátíð norrænna hornleikara lýkur eftir fjögurra daga tónlistarveislu.

„Hátíðin á sér þrjátíu ára hefð, en er nú í fyrsta sinn haldin á Íslandi og hefur aldrei áður verið jafn glæsileg og nú. Hornsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Kammersveit Reykjavíkur taka þátt og frá opnun á miðvikudag hefur verið mikið um hápunkta sem ekki hafa áður verið í boði,“ segir Joseph sem er meðlimur í Hornleikarafélagi Íslands sem nú eru fimmtíu félagar í.

„Hornleikarafélagið er vaxandi hreyfing og æ fleiri sem byrja að læra á horn snemma á ævinni, ljúka framhaldstónlistarnámi í útlöndum og skila sér svo aftur heim, en horngrúppan í Sinfóníunni er eingöngu samsett af slíku fólki,“ segir Joseph sem í dag verður í hópi sextíu hornleikara frá öllum heimshornum sem blása munu af listfengi í horn sín.

„Við byrjum í Hafnarborg klukkan 13 og verðum með galatónleika í Salnum klukkan 16. Þar koma fram tvær sinfónískar horndeildir ásamt mörgum góðum gestum, og verða tveir heimsfrumflutningar í boði. Sá fyrri er Áfram eftir Benna Hemm Hemm í flutningi hornleikara Sinfóníunnar og sá seinni Lacrimæ eftir hið virta þýska tónskáld Volker David Kirchner í flutningi horndeildar Útvarpshljómsveitarinnar í Frankfurt, en einnig koma fram á tónleikunum Wonderbrass-stúlkurnar hennar Bjarkar og fleiri,“ segir Joseph sem klukkan 19 stígur síðast á svið með öllum hornleikurum hátíðarinnar á útitónleikum á Thorsplani í Hafnarfirði.

„Þetta tónleikahald verður ofsalega skemmtilegt og hæfir öllum sem unna tónlist, hvort sem það eru tónlistarmenn, börn eða almenningur sem aldrei hefur áður farið á tónleika. Slík verður upplifunin.“

**thordis@frettabladid.is**



**Séra Ágúst George**

staðgengill kaþólska biskupsins í Reykjavík og fyrrum skólastjóri Landakotsskóla,

lést mánudaginn 16. júní 2008 á Landspítalanum. Honum verður sungin sálumessa í Dómkirkju Krists konungs í Landakoti þriðjudaginn 24. júní kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á að styrkja viðhald húsnæðis Landakotsskóla, 0513-14-370500, kt. 680169-4629,

**Fyrir hönd aðstandenda**
**og Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi**
**Pétur Bürcher Reykjavíkurbiskup**

**Drottinn veiti honum eilífa hvíld.**
**Og hið eilífa ljós lýsi honum.**
**Hann hvíli í friði.**



**Séra Sæmundur F. Vigfússon**

prestur kaþólska biskupsdæmisins í Reykjavík,

lést miðvikudaginn 18. júní 2008 á Hjúkrunarheimilinu Eir í Reykjavík. Honum verður sungin sálumessa í Dómkirkju Krists konungs í Landakoti mánudaginn 23. júní kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Orgelsjóð Kristskirkju í Landakoti nr. 528-26-2459, kt. 530898-2459.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**og Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi,**
**Pétur Bürcher Reykjavíkurbiskup**

**Drottinn veiti honum eilífa hvíld.**
**Og hið eilífa ljós lýsi honum.**
**Hann hvíli í friði.**




## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

**Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.**

**Blaðberinn...**



**...góðar fréttir fyrir umhverfið**

# OFURHELGI!

**50% afsláttur við kassa**

## Andabringur

**1.697 kr/kg**
Merkt verð 3.395,-

**40% afsláttur við kassa**

## Kjúklingalundir

**1.655 kr/kg**
Merkt verð 2.759,-

**36% afsláttur**

**Sól appelsínusafi**
– 1L

**199 kr**
Verð áður 314,-

**26% afsláttur**

**Cheerios**
– Twin Pack 992g

**499 kr**
Verð áður 682,-

**50% afsláttur við kassa**

**Emmessís**
– Topp 5 + DVD

**1.199 kr**
Merkt verð 2.399,-

**Prostyle 26" Puma**

**24.999 kr**
Verð áður 34.999,-

**Sódaflaska**

**2.999 kr**
Verð áður 4.999,-

**40% afsláttur við kassa**

**Gosh snyrtivörur**
– nú með afslætti

**30% afsláttur við kassa**

**30% afsláttur**
– af völdum titlum

**Bolur**

**699 kr**
Verð áður 1.999,-

**Gallabuxur**
– herra

**1.999 kr**
Verð áður 3.999,-

Gildir til 22. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

# FRÁBÆR TILBOÐ
## á vinsælum vörum



60% afsláttur við kassa

Svínalundir

975 kr/kg

Merkt verð 2.438,-



Latabæjargalli

3.999 kr

Verð áður 5.999,-



1.999 kr

Verð áður 3.999,-

**Náttsloppur**
– Íþróttaálfurinn, Solla stirða



999 kr

Verð áður 1.999,-

**Bolir**
– Íþróttaálfurinn, Solla stirða



999 kr

Verð áður 1.999,-

**Inniskór**
– með breiðri teygju



1.999 kr

Verð áður 3.499,-

**Sportskór**
– 2 tegundir

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Vil gera mömmu stolta

**Brynja Mutidha Dan Gunnarsdóttir** var ættleidd frá Srí Lanka árið 1985 þegar hún var aðeins tveggja mánaða gömul. Í dag hefur hún eignast sitt fyrsta barn með unnusta sínum Axel Ásmundssyni sem er ættleiddur frá Indónesíu og stundar nám í rekstrarverkfræði við Háskólann í Reykjavík. *Alma Guðmundsdóttir* hitti Brynju og ræddi við hana um lífið og tilveruna.

Ég ólst upp við að það var rætt opinskátt um ættleiðinguna, svo það kom í rauninni aldrei sá dagur að mér var tilkynnt sérstaklega að ég væri ættleidd. Heima var til mikið af myndum frá ferðalagi foreldra minna til Srí Lanka og mikið rætt um það á heimilinu, svo fyrir mér var það fullkomlega eðlilegt, en ég er náttúrlega það dökk að það hefði aldrei verið hægt að leyna uppruna mínum,“ segir Brynja M. Dan Gunnarsdóttir, sem var aðeins tveggja mánaða þegar hún kom til Íslands.

„Það skipti líka máli að það voru til hlutir sem komu í staðinn fyrir allt þetta hefðbundna eins og bumbumyndir. Ég var svo heppin að mamma stalst til þess að taka mynd af mér með blóðmóður minni á Srí Lanka sem ég á enn í dag,“ segir Brynja og bætir við að hún viti til þess að foreldrar séu misviljugir að ræða ættleiðinguna við börnin sín og reyni jafnvel frekar að draga það á langinn ef börnin eru ljós á hörund. „Mér finnst að allir eigi rétt á að vita hvaðan þeir koma og finnst sorglegt þegar foreldrar ræða það lítið við börnin sín,“ bætir hún við.

Þegar Brynja var þriggja ára gömul eignaðist hún systur þegar foreldrar hennar ættleiddu tíu mánaða stúlku frá Indlandi sem hlaut nafnið Líney. „Mér fannst æðislegt að eignast systur og fannst ég snemma bera mikla ábyrgð á henni. Hún var mikill grallari og ef hún var sett í skammarkrókinn á leikskólanum okkar í Hafnarfirði heimtaði ég að fara með,“ segir Brynja og brosir.

„Ég var alltaf tilbúin að svara þegar krakkarnir spurðu af hverju ég væri svona brún og fannst ég bara skera mig úr á jákvæðan hátt. Það var ekki fyrr en í grunnskóla sem það komu einstaka athugasemdir eins og „fæddistu í klósettinu?“. En þá átti ég alltaf mína vini sem svöruðu fullum hálsi. Ég hef alltaf verið stolt af uppruna mínum og þegar ég var tólf ára ákvað ég að bæta Mutidha við nafnið mitt, en það var nafnið sem blóðmóðir mín gaf mér og mömmu fannst það mjög fallegt,“ segir Brynja.

**Erfið lífsreynsla**

Fjölskylduaðstæður Brynju hafa breyst mikið í gegnum árin, en þegar hún var fjögurra ára skildu foreldrar hennar. „Þó svo að pabbi væri frá Svíþjóð bjó hann áfram á Íslandi. Það var gott samband milli foreldra minna þrátt fyrir skilnaðinn og þau fóru oft með okkur Líneyju í ferðalög saman,“ segir Brynja, en foreldrar hennar eru nú báðir látnir. Fyrst lést faðir hennar, Dan Hansson, og síðan móðir hennar Snjólaug Stefánsdóttir, þegar Brynja var nítján ára.

„Mamma barðist hetjulega við krabbamein í þrjú ár. Það var vissulega erfiður tími og ég veit ekki hvað ég hefði gert ef ég hefði ekki átt systur. Bræður mömmu voru okkur líka stoð og stytta og gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að hjálpa okkur Líneyju. Við þurftum ungar að takast á við hluti sem flestir gera mun seinna á ævinni og það var gott að eiga hvor aðra að í því ferli, þó svo að við höfum tekist mismunandi á við sorgina. Auðvitað er auðvelt að detta í sjálfsvorkunn og þunglyndi yfir því sem hefur gengið á, en á vissum tímapunkti ákvað ég að láta reynsluna gagnast mér á lífsleiðinni, vera ánægð og gera mömmu stolta því það er svo margt í lífinu sem ég er þakklát fyrir, ég er trúlofuð yndislegum manni og á bestu fjölskyldu og vini sem hægt er að hugsa sér,“ segir Brynja, en hún kynntist Axel fyrir fimm árum og í dag búa þau í bryggjuhverfinu í Garðabæ.

„Við kynntumst í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og vorum lengi vel bestu vinir áður en við byrjuðum saman. Hann er ættleiddur frá Indónesíu svo við áttum svolítið sameiginlegan bakgrunn hvað það varðar. Okkur langar bæði að fara til upprunalanda okkar einn daginn og heimsækja þorpin sem við fæddumst í. Ég er í svolítið sérstakri aðstöðu þar sem móðurbróðir minn er sendiherra Íslands í Svíþjóð og hafði mikil samskipti við Srí Lanka í starfi sínu. Hann er því með sambönd við fólk úti, sem getur hjálpað mér að leita að skyldfólki mínu, og hefur boðist til að afhenda því pappírana mína þegar ég er tilbúin til þess,“ segir Brynja.

**Fjallkonan**

*En hvernig upplifirðu viðhorfið í samfélaginu? Hafið þið fundið fyrir fordómum í kjölfarið á umræðunni um innflytjendur?* „Ég get ekki sagt að ég hafi orðið fyrir neinum fordómum. Einstaka sinnum verðum við Axel kannski fyrir því að fólk talar við okkur ensku þegar við erum tvö saman á veitingahúsi, en okkur finnst það bara fyndið og höfum húmor fyrir því. Eitt sinn þegar ég var að afgreiða í banka hrósaði eldri kona mér fyrir hvað ég talaði góða íslensku og sagðist varla heyra nokkurn hreim og Axel lenti einu sinni í því á bílaverkstæði að maður talaði lengi við hann á taílensku,“ segir Brynja og hlær.

„Svo er viðhorf fólks auðvitað einstaklingsbundið og ég fann það þegar ég var fjallkonan í Hafnarfirði árið 2002. Bæjarstjórinn hafði samband við mig og langaði að brjóta ísinn og gera eitthvað öðruvísi. Mér fannst mjög gaman að vera fyrsta dökka fjallkonan og það virtist vekja athygli, því í kjölfarið voru umræður í blöðum og útvarpi þar sem fólk lýsti ýmist yfir stolti eða óánægju sinni og það voru greinilega skiptar skoðanir á því hvort fjallkonan mætti vera af erlendu bergi brotin eða dökk á hörund,“ segir Brynja.

**Fjölskyldan stækkar**

Fyrir tveimur mánuðum eignuðust Brynja og Axel sitt fyrsta barn, lítinn dreng sem heitir Máni Snær. „Við vorum búin að ákveða Mánanafnið, en Snær er í höfuðið á mömmu. Ég vona bara að honum verði ekki strítt á að vera svona dökkur, en heita eftir hvítum snjó,“ segir Brynja brosandi.

„Ég er ósjálfrátt svo hvít í hugsun að þegar mig dreymdi að ég eignaðist barn var það alltaf hvítt í draumnum. Fólk er líka ennþá frekar óvant því að sjá dökk börn á Íslandi og spyr oft hvort það megi skoða eða koma við Mána Snæ þegar við erum í Kringlunni og Smáralind. Við grínumst stundum með það að við munum þurfa að útbúa bækling fyrir hann áður en hann byrjar á leikskóla til að svara spurningum barnanna um hvaðan hann kemur, því hann er náttúrlega íslenskur en samt svo blandaður,“ bætir hún við.

En kom það einhvern tímann til greina hjá ykkur að ættleiða?

„Já, mig langar ofboðslega að ættleiða og gefa til baka, því ég hefði ekki getað fengið betra líf. Okkur Axel langaði samt líka að eignast okkar eigið barn og það er voðalega gaman að eiga einhvern sem líkist okkur, því við höfum náttúrlega aldrei getað líkt okkur við neinn í fjölskyldum okkar hvað útlitið varðar,“ segir Brynja.

„Það er skrýtið að hugsa til þess að núna er Máni Snær nákvæmlega jafngamall og ég var þegar blóðmóðir mín gaf mig frá sér til ættleiðingar. Ég gæti ekki með nokkru móti hugsað mér að láta Mána Snæ frá mér og get ekki ímyndað mér hvernig það væri að þurfa þess. Þetta er án efa það óeigingjarnasta sem nokkur manneskja getur gert, að láta barnið sitt frá sér svo það megi öðlast betra líf,“ segir Brynja að lokum.



**„FÓLK TALAR STUNDUM ENSKU VIÐ OKKUR Á VEITINGASTÖÐUM“** Brynja Gunnarsdóttir með Mána í fanginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## STAÐREYNDIR UM ÆTTLEIÐINGU

- Félagið Íslensk ættleiðing hefur löggildingu dómsmálaráðuneytis til að annast milligöngu um ættleiðingar barna frá eftirfarandi ríkjum:
  *Indlandi, Kína, Kólumbíu, Tékklandi og Taílandi.*
- Félagið hefur starfað síðan 1978 og rekur skrifstofu í Reykjavík.
- Undanfarin ár hafa að jafnaði verið ættleidd 20-35 börn af erlendum uppruna árlega.
- Á Íslandi búa nú um 110 börn sem ættleidd hafa verið frá Kína.
- Til Íslands hafa alls verið ættleidd um 500 börn fædd erlendis.
- Erlend yfirvöld leggja áherslu á að börnin eignist bæði móður og föður þannig að takmarkaðir möguleikar eru fyrir einhleypa að ættleiða frá útlöndum. Má búast við að biðtími sé mun lengri en hjá hjónum.
- Helstu kröfur íslenskra stjórnvalda eru eftirfarandi:
  **1.** Umsækjendur séu 25-45 ára.
  **2.** Andlega og líkamlega hraustir.
  **3.** Hafi ekki sakaferil.
  **4.** Geti framfleytt fjölskyldu með góðu móti.
  **5.** Giftir umsækjendur hafi verið í sambúð í a.m.k. þrjú ár.
  **6.** Fyrir umsækjendur í óvígðri sambúð er gerð krafa um minnst fimm ára sambúðartíma.
- Einhleypir geta fengið forsamþykki til ættleiðingar ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta.
- Fjöldi barna var áður ættleiddur frá Kóreu, Indónesíu, Gvatemala og Srí Lanka; þau fyrstu eru nú að nálgast fertugt.

*Upplýsingarnar eru teknar af heimasíðu Íslenskrar ættleiðingar, www.isadopt.is.*

## ➜ Í HNOTSKURN

**Stjörnumerki:** Meyja

**Besti tími dagsins:** Þegar Axel kemur úr vinnunni og við fjölskyldan sameinumst í lok dags.

**Uppáhaldsmatur:** Sniglar eins og mamma hafði alltaf í forrétt á jólunum.

**Uppáhaldsdrykkur:** Pepsi Max.

**Diskurinn í spilaranum:** B'Day með Beyoncé Knowles.

**Draumafríið:** Havaíeyjar þar sem við Axel trúlofuðum okkur árið 2006.

**Hverju myndirðu sleppa ef þú þyrftir að spara?:** DVD, bíóferðum og Stöð 2.










**Lúxus pottar júnítilboð!**
Gríptu tækifærið og fáðu
þér heitan pott á aðeins kr. 390.000,-





www.luxuspottar.is
Símar: 849 9977 & 868 0516
Lúxus pottar




„Mig hefur lengi langað í svona bíl og gefið þeim auga þegar ég hef getað,“ segir Pétur og keppist við að pússa sinn gamla Oldsmobile. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


SAVAGE XL





Nýkominn
**HPI Savage XL**
fjarstýrður bensín torfærutrukkur,
sá stærsti og öflugasti til þessa.
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími 587-0600 • www.tomstundahusid.is


# Þetta er bara bifreið til að nota á sunnudögum

***Einn þeirra bíla sem athygli vöktu þar sem þeir stóðu á Tjarnarbrúnni í Reykjavík á þjóðhátíðardaginn var Oldsmobile af árgerð 1958. Sá er allur upprunalegur, meira að segja lakkið. Eigandi hans er Pétur Karl Pétursson.***

„Ég keypti þennan bíl 19. maí í vor þannig að ég er bara búinn að eiga hann í rúman mánuð,“ segir Pétur ánægður þar sem hann stendur við að pússa og bóna dýrgrip af Oldsmobile-gerð. „Bíllinn er fyrst skráður 1. júlí 1958, þá í Ohio í Bandaríkjunum, en kom hingað til lands 1999, þá fluttur inn af Sigursteini Þórssyni á Akureyri,“ heldur hann áfram söguna og kveðst hafa keypt kaggann af Agli Matthíassyni.

„Einn hæsti foss landsins (118 metrar) í fallegri umgjörð. Skammt frá Skriðuklaustri.“

**Ari Trausti Guðmundsson**




## 13. SÖNGHOFSDALUR

„Ekin Kverkfjallaleið frá Möðrudal suður á brúna yfir Kreppu. Gengið þaðan norður Krepputungu átta kílómetra leið að ármótum Kreppu og Jökulsár, gegnt Herðubreiðarlindum. Þar er stórkostleg gróðurvin í litlum dal með stuðlabergi og læk, en nafnið Sönghofsdalur er til komið vegna bergmáls í dalnum.“

**Ómar Ragnarsson**

## 14. FJAÐRÁRGLJÚFUR

„Einn af mínum uppáhaldsstöðum og eitt fallegasta náttúruundur á Íslandi. Beygt út af Þjóðvegi eitt skammt vestan Kirkjubæjarklausturs þar sem farið er að Lakagígum. Það er ofsalega gaman að ganga inn gilið rétt við Þjóðveg eitt. Fjaðrárgljúfur er meðal stórbrotnustu náttúruundra landsins.“

**Ásta Þorleifsdóttir**

## 15. HRÍFUNES

„Var í þjóðleið til 1992 er þjóðvegurinn var færður sex kílómetrum sunnar. Þetta er tilvalinn útúrdúr og álíka langur og að þeysa þjóðveginn framhjá. Þessi hringur er gott dæmi um hvernig þjóðvegurinn var fyrir aðeins nokkrum árum. Einnig fær maður sveitastemninguna beint í æð.“

**Haukur Snorrason**

## 16. HJÖRLEIFSHÖFÐI

„Hjörleifshöfði finnst mér alltaf afskiptur, það þarf ekki merkilegan jeppa til að keyra niður fyrir hann og labba upp undir bjargið og fá sér nesti. Þarna er allt önnur veröld en uppi við þjóðveg; fuglalíf og sérstakt útsýni yfir svartan sandinn sem Katla gamla færði þarna niðreftir. Fram á 15. öld var þarna bara sjór og fjörður sem náði upp að Höfðabrekku en þetta er nú syðsti oddi Íslands. Maður er yfirleitt einn þarna og stemningin er sérstök undir um 200 metra háu bjarginu.“

**Haukur Snorrason**

## 17. GJÁIN Í ÞJÓRSÁRDAL

„Yndislegur staður. Íslensk náttúra og rómantík eins og hún gerist best á íslenskum sumarkvöldum. Aðeins um tíu mínútna ganga frá Stöng. Fallegur foss og dásamlegar lindir.“

**Ásta Þorleifsdóttir**

## 18. REYKJADALUR

„Reykjadalur ofan við Hveragerði er bara snilld, þarna eru heitir lækir ekkert ósvipaðir þeim í Landmannalaugum. Um klukkustundarlabb frá Hveragerði. Sundstaður sem færi léttilega inn í alla „hipp og kúl“ bæklinga. Þetta er á hinum svokallaða Bitruhálsi sem til stóð fyrir stuttu að virkja og þar með eyðileggja en sem betur fer eru menn og konur á Íslandi að átta sig á að það verður að hlífa náttúrunni líka, ekki bara vinda hana eins og hverja aðra gólftusku.“

**Haukur Snorrason**

## 19. SOGIN

„Um tuttugu mínútna akstur frá Hafnarfirði og hálftíma ganga. Farin Krýsuvíkuleið í tíu kílómetra að Vatnsskarði en þar beygt til hægri eftir leið sem er merkt „Vigdísarvellir“. Eknir um tíu kílómetrar en farið út af upp að norðurenda Djúpavatns. Þaðan gengið upp á hálsinn og horft yfir Sogin, sem er litfegursta gilið á Reykjanesskaga og þarf að fara í Kerlingarfjöll eða Landmannalaugar til að sjá annað eins.“

**Ómar Ragnarsson**

## ÁLITSGJAFAR



Haukur Snorrason ljósmyndari



Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur



Ómar Ragnarsson fréttamaður



Sigrún Valbergsdóttir, varaforseti Ferðafélags Íslands



Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur



Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður


DHL
BYGG
LÝSING
N1
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT
OG ÞÚ GÆTIR VERIÐ Á LEIÐINNI
Á FORMÚLU 1 Í VALENCIA Í ÁGÚST.*
DREGIÐ 22. JÚNÍ.
* Miðað við 3 mánaða bindingu.
FORMÚLUVEISLA
Í FRAKKLANDI
Í DAG KL. 8:55
BEIN ÚTSENDING FRÁ ÆFINGUM
Í DAG KL. 11:45
TÍMATAKA – BEIN ÚTSENDING
Á MORGUN KL. 11:30
KAPPAKSTURINN – BEIN ÚTSENDING
Á MORGUN KL. 22:00
VIÐ ENDAMARKIÐ
Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin.
Farið verður yfir helstu mál keppninnar og þau krufin til mergjar.
2 SPORT
besta sætið
512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Sigur Rós suðar

Með suð í eyrum við spilum endalaust, fimmta breiðskífa **Sigur Rósar**, vinsælustu hljómsveitar Íslandssögunnar, kemur út eftir helgi. *Steinþór Helgi Arnsteinsson* kynnti sér hvern krók og kima plötunnar og skellti sér á æfingu með sveitinni.



SPILAGLEÐI OG ALMENN GLEÐI Meðlimir Sigur Rósar á æfingu í Austurbæ.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allt frá upphafi hefur hljómsveitin Sigur Rós drottnað yfir íslensku tónlistarlífi. Nei, kannski ekki alveg frá upphafi, en með útkomu Ágætis byrjunar frá árinu 1999 er óumdeilanlegt að engin íslensk hljómsveit hefur komist með tærnar þar sem Sigur Rós hefur hælana. Meðlimirnir fjórir hafa ríkt eins og kóngar í ríki sínu en þó með látlausum hætti. Suðið er platan sem á að marka tímamót í ferli Sigur Rósar. Platan sem sýnir að sveitin ætli sér að róa á ný mið, halda í nýjar áttir. Sú er alltént tilfinningin sem maður hefur fengið í öllum tilkynningum og umfjöllunum um væntanlega breiðskífu. Talað hefur verið um „fleiri gítargrip", að söngurinn verði skýrari en áður og eins segir í fréttatilkynningu að „[…] platan var öll samin, tekin upp og hljóðblönduð á þessu ári og fyrir vikið má heyra mikla spilagleði og almenna gleði í lagasmíðum sveitarinnar, sem er e.t.v. ný fyrir sumum aðdáendum sveitarinnar".

Ég verð að segja að þessi málsgrein úr fréttatilkynningunni er nokkuð ruglingsleg. Hvernig getur verið samasemmerki á milli hversu hratt platan er unnin og hversu glaðir einstaklingarnir eru á vinnsluferlinu? Lágu meðlimir Sigur Rósar þá í þunglyndi þegar þeir gerðu hinar plöturnar sínar? Og hvernig í ósköpunum gæti spilagleðin hafa farið framhjá nokkrum einasta aðdáenda sveitarinnar, hafi hann á annað borð hlustað á fyrra efni Sigur Rósar?

**Eitt stærsta nafn rokksögunnar**

Stærsta skrefið í tilrauninni sem miðar að breyttum tímum Sigur Rósar var samt auðvitað þegar sveitin ákvað að fá einn nafntogaðasta upptökustjóra rokksögunnar til að aðstoða sig. Pilturinn sá arna kallar sig Flood og hefur unnið með stórnöfnum á borð við U2, Smashing Pumpkins, Nick Cave and the Bad Seeds, Nine Inch Nails, Killers, PJ Harvey og Goldfrapp. Hjá Flood er ekki nokkur spurning að meðlimir Sigur Rósar hafa fengið nýja sýn á hugmyndir sínar og þegar upp er staðið er aðdáunarvert að þeir hafi tekið þetta skref. Ég verð samt að viðurkenna að mér hefði þótt meira spennandi að fá yngri og ferskari hugmyndasmið á bak við takkana.

**Austurbær lagður undir sig**

Til þess að fylgja eftir nýju plötunni hefur Sigur Rós boðað til heljarinnar tónleikafarar, venju samkvæmt. Blaðamönnum var boðið í Austurbæ þar sem allt tónleikasettið frá A til Ö var æft. „Við höfum vanalega æft svona fyrir tónleikaferðir en þetta er í fyrsta sinn sem við gerum það hér heima. Það er samt aðallega vegna þess að græjurnar eru allar hérna," sagði Kjartan, píanóleikari og fálkaorðuhafi, í sólinni.

Á æfingunni var farið yfir öll atriðin, frá búningum til sviðsframkomu. Rennt var í gegnum lögin og meira að segja rýnt í smáatriði gömlu laganna sem hafa þó heyrst óteljandi oft á tónleikum áður. Eftir klukkutíma æfingu kom loksins það sem beðið var eftir, nýtt lag. Rennt var í Gobbledigook, með alls fimm trumbuleikurum, og þar er komið nýtt uppáhaldstónleikalag Sigur Rósar, held ég að sé óhætt að fullyrða.

**Stórir og flottir tónleikar og litlir og sætir**

Á æfingunni kom mér á óvart hversu virkan þátt málmblásararnir tóku í flutningum, trölluðu með í litlu hljóðnemana sína og glömruðu einnig á víbrafón og klukkuspil. Flutningurinn hjá sveitinni allri virkaði lifandi en umfram allt jarðbundnari en áður og sveitin mun því að öllum líkindum fá meiri nálægð við áhorfendur.

Þegar ég spurði Georg Holm bassaleikara út í ógnarstóran túr Sigur Rósar bjóst hann ekki við öðru en að hann myndi endast út árið. En hvað með Ísland? „Við höldum örugglega tónleika á Íslandi á árinu. Þeir verða stórir og flottir en kannski litlir og sætir." Nú vitum við að stórtónleikar verða í Laugardal um næstu helgi, þá er bara að bíða eftir litlu sætu tónleikunum.



## Með suð í eyrum við spilum endalaust

**1. Gobbledigook**
Fyrsta smáskífulag Suðsins og hér er strax slengt blautri tusku framan í andlit hlustenda til þess að sýna að Sigur Rós er að breyta til. Ógurlegur trumbusláttur í anda Animal Collective og Liars og almenn kátína í gangi með trallalala-harmóníusöng og Jónsi að syngja um vindinn í hárinu og óhræsisdrenginn sinn. Eitt besta lag Sigur Rósar fyrr og síðar.

**2. Inní mér syngur vitleysingur**
Einkar bjart og fallegt lag með léttleikandi píanólínu í bland við taktfastar trommur. Kæruleysislegur texti er í forgrunni og einfalt rím setur skemmtilegan svip á lagið, sérstaklega fyrir okkur sem skiljum íslensku. Magnast upp í lokin og undirstrikar frábæra byrjun á plötunni.

**3. Góðan daginn**
Hér byrja hlutirnir að róast og sveitin byrjar fyrst að hljóma eins og gamla Sigur Rós. Einfalt og þægilegt lag sem kemur kannski ekki nærri eins mikið á óvart og lögin tvö á undan. Líður samt mjúklega í gegn og er hin fínasta ballaða.

**4. Við spilum endalaust**
Byrjar á pumpuorgeli en síðan verður dynjandi bassalína mjög áberandi. Þegar söngurinn hefst minnir lagið örlítið á Sprengjuhöllina af einhverjum ástæðum, „Við keyrðum út um allt, í gegnum sól og malarryk". Hér er poppgleðin við völd og lagið er með hápunktum plötunnar.

**5. Festival**
Lengsta lagið á plötunni, rúmar níu mínútur að lengd. Minnir mest á eitthvað af svigaplötunni enda eina lagið á Suðinu sem er sungið á vonlensku. Mjög rólegt lag með nánast engu undirspili en síðan tekur það mjög Sigur Rósar-lega beygju og við bætast öll hin hljóðfærin sem síðan magnast upp í allsherjarbrjálæði í lokin þar sem Orri niðist enn og aftur á trommusettinu.

**6. Með suð í eyrum**
Píanó og síðan trommusánd sem hljómar eins og það sé aftur á bak. Áferð lagsins er nokkuð gróf og lagið gæti allt eins hafa verið á Ágætis byrjun. Lag sem mætti kalla leynivopn plötunnar.

**7. Ára bátur**
Aftur mjög langt lag. Jónsi byrjar á einsöng við píanóið, síðan taka strengir við og um miðbik lagsins byrjar maður að heyra í drengjakór. Áður en langt um líður er Sigur Rós búin að taka þetta alla leið og leyfir sinfóníuhljómsveitinni og drengjakórnum að fylla upp í öll vit manns. Lag sem var tekið upp í Abbey Road og maður fær allt heila klabbið beint í æð.

**8. Illgresi**
Jónsi segir sögu af (líklegast) barni klæddu regnkápu sem heldur út í náttúruna með hendur í vösum, þar sem það liggur í blautu grasi og lætur sólargeislana leika um sig í gegnum laufblöðin. Hljómar þetta kunnuglega? Kassagítar og strengir ná samt að mynda magnað andrúmsloft og söngur Jónsa er algjörlega fyrsta flokks.

**9. Fljótavík**
Við höldum okkur við rólega tóna, með píanó og strengi í aðalhlutverki. Lag sem minnir örlítið á Takk... og er með slökustu lögum Suðsins.

**10. Straumnes**
Stysta lag plötunnar, eingöngu tvær mínútur. Án söngs og minnir á alla aðra millikafla sem Sigur Rós hefur gert, viðkvæmt en bjart.

**11. All Alright**
Fyrsta enska lag Sigur Rósar. Eins og allur seinni hluti Suðsins er þetta lag einnig rólegt. Veit samt ekki alveg hvort maður eigi að túlka textann „I want him to know, what I have done. I want him to know, it's bad" og yfirfæra hann á heildarhugmyndafræði plötunnar. Nei, ætli það. Lagið sem slíkt skilur reyndar ekkert brjálæðislega mikið eftir sig en er viðeigandi endir á plötunni.




## Einróma lof gagnrýnenda

**MEÐ SUÐ Í EYRUM HEFUR HLOTIÐ AFBRAGÐSGÓÐA DÓMA BÆÐI INNANLANDS OG UTAN:**

| ÍSLENSKIR DÓMAR | |
|---|---|
| Morgunblaðið | 4,5/5 |
| Fréttablaðið | 4/5 |
| Mónitor | 92/100 |

| ERLENDIR DÓMAR | |
|---|---|
| Q | 4/5 |
| Observer | 5/5 |
| NME | 6/10 |
| Drowned in Sound | 7/10 |
| Sputnikmusic | 5/5 |
| Uncut | 3/5 |
| MusicOMH | 4,5/5 |





# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir …



**… Óla Tynes.**

Meðan efnahagshremmingar ganga yfir þjóð hans er hann í vellystingum í svörtustu Afríku við veiðar á vörtusvínum og antílópum – sem eru það besta sem hann hefur lagt sér til munns. Þó svo að hann fái ekki greitt til samræmis við hæfileika, sem þýðir að hann hefur ekki einu sinni ráð á því að fella fíl með boga á raðgreiðslum, er ekki ónýtt að ná fallegum springbok á um 250 metra færi með Sako .243 – með einu skoti að sjálfsögðu.

**… Megas.**



Helstu poppsérfræðingar landsins sverja og sárt við leggja að þeir hafi aldrei kallað Megas „sellát“ þrátt fyrir að hann hafi nú lagt lag sitt við auglýsingamenn og vakið athygli á ágæti Toyota-bíla. Og í það fer þrasið, misskilninginn, meðan Megas smælar framan í heiminn fyrir milljón fyrir gamalt lag. Og er eitthvað að því?

**… Gunnar Hansson, leikara og vespusala.**

Hann virðist hafa hitt naglann á höfuðið mitt í orkuokrinu. Nú er skömm að aka eyðslufrekum jeppa og Gunnar er með svarið við því: Hann mokar út vespum sem eyða litlu. Jafnvel sjálfur ritstjóri Mannlífs, Sigurjón M. Egilsson, sem er eins og fæddur til að aka voldugum bíl, hefur gefist upp og er kominn á vespu.



## Slæm vika fyrir …



**… Þórunni Sveinbjarnardóttur eða kannski öllu heldur dýrategundina ísbirni.**

Íshellan við Grænland er að hverfa. Og ísbirnir eiga hvergi höfði að halla. Síst hér á Íslandi. Síðasti ísbjörninn sem reyndi að smygla sér inn í landið (með því að kaupa sér beint flug frá Kúlúsúk, sat aftast í vélinni og villti á sér heimildir með því að vera með stráhatt og fá sér martíní-glas) fékk, þrátt fyrir þá ágætu viðleitni, það óþvegið þegar norður á land var komið. Og lítil sem engin huggun var í því að Þórunn Sveinbjarnardóttir skyldi hafa komið sér á staðinn með þotu til að fylgjast með aftökunni.

**… Geir Haarde.**



Nú standa á þessum góðlátlega og velviljaða manni öll spjót. Hann, þessi norskættaði hagfræðingur, þarf að sitja undir dylgjum þess efnis að hann ráði ekki við eitt né neitt. Efnahagsástandið sé honum ofviða. Jafnvel Sindri Sindrason, sem ekki er þekktur fyrir dólg, er farinn að leggja Geir í einelti. Ekki góð tíðindi fyrir Geir, sem hlýtur að velta því fyrir sér hvort gósenlandið Noregur sé nokkuð svo langt í burtu þegar allt kemur til alls?



**… Hannes Hólmstein Gissurarson.**

Eitt er að láta Sverri Stormsker bulla í sér í útvarpsviðtali, og skilgreina það sem absúrdisma, hitt er að fá gamlan fjanda í hausinn með öllu sem hann á. Svanur Kristjánsson prófessor, sem hefur látið að því liggja um áratugaskeið að Hannes hafi ekki verið ráðinn við Háskólann vegna akademískra hæfileika sinna (ha?), er nú kominn út úr skápnum með að Sjálfstæðisflokkurinn hafi látið Birgi Ísleif vinna skítverkin með því að fótum troða virðingu æðstu menntastofnunar landsins og ráða þar inn Hannes vegna þess eins að skoðanir hans eru réttar.





**KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON KÍKIR Í ERLEND BLÖÐ**

# Bless, prinsipp

Barack Hussein Obama er skárri kostur sem forseti Bandaríkjanna en John McCain. Um þetta eru margir sammála.

Obama virkaði líka í upphafi kosningabaráttu sinnar eins og einhver Logi Geimgengill og Jesús Kristur í einum minnihlutamanni. Meira að segja Bob Dylan lýsti yfir stuðningi við hann.



Það var bara einstaka trúleysingi sem efaðist.

Obama þóttist meira að segja ætla að gefa sér tíma til að opna skjalasafn FBI til að fletta ofan af nóbels-njósnum Íslendinga!

En nú hefur komið á daginn að frambjóðandinn, sem varð svo tíðrætt um prinsipp og nýja stjórnarhætti og samræður við óvinina og svo framvegis, er ekki svo vitlaus að hann ætli að tapa baráttunni út af einhverjum grundvallaratriðum.

Um leið og hann var búinn að sigra frú Clinton hét hann voldugasta þrýstihópi heims að hann ætlaði nú ekki að breyta neinu sem skiptir máli í utanríkisstefnu landsins.

Hér áður fyrr taldi hann Íran, Venesúela og Kúbu til lítilla ríkja, sem ógnuðu öryggi Bandaríkjanna ekki hið minnsta. Nú eru Íranar stórhættulegir.

Eitt sinn talaði hann um þjáningar Palestínumanna, nú talar hann um öryggi Ísraels.

Gamli Obama var á móti Nafta-fríverslunarsamningnum („big mistake“). Enda hefði Nafta sett margan almúgamanninn á hausinn. „Ég var í uppnámi þegar ég sagði þetta,“ segir hann nú.

Í gær var svo greint frá því að Obama hefði ákveðið að þiggja ekki almannafé til að fjármagna kosningabaráttu sína og verður hann fyrsti frambjóðandinn sem gerir það ekki, allar götur síðan í Watergate. Þá var kerfinu komið á af illri nauðsyn.

Barack hefur hingað til verið einn helsti stuðningsmaður þessa kerfis, því það vinni gegn spillingu og fjáraustri, sem grafi undan lýðræðinu.

En kerfinu fylgir sú kvöð að ekki má eyða endalausum aur. Obama er vinsæll og á nóg af peningum. Bless, prinsipp.

Hann er ekki búinn að ná kjöri, en hann er löngu byrjaður að svíkja kosningaloforð.

Lofar ekki góðu. En stjórnmálamenn gera, jú, hvað sem er fyrir kosningar. Og Obama þarf að ná til margra kolvitlausra manna.

Hann er samt sem áður ólíklegri en McCain til að sprengja lönd í tætlur.

Annars er það bara Nader 2012.

## HELGARKROSSGÁTAN






122
MP & BH

ILMA · BEISLI · RÆÐIR · TVEIR EINS · BÆTTU VIÐ · VEIÐA · SITJANDI



SKRAUT-PLANTA · 6

FJALLA-SKARÐ · ÞRÁ-STAGAST · USS · LANGT OP · FLÍK · STEIN-TEGUND · RYKKORN

SVIK · SAMAN-BURÐAR-TENGING · SJÁ EFTIR · SÆR · 3 · TÓNLISTAR-MAÐUR · TILVIST · SKRÁ · ÁTT

LÉTT BIFHJÓL · DREPA · HEILAN · HELBER · LENGDAR-EINING · TRÉ

KVK NAFN · 4 · PRÍS · TAUG · GRYFJA

ÚRKOMA · MAÐUR · JARÐ-SPRUNGUR · FÁT · ÞÓFI · TRAPPA · HAMAST

REGLA · SUNNA · STRJÁLNA · ÞRÍ · TVEIR EINS · DAUFUR

ÞUS · 1 · VEITT EFTIRFÖR · TELJA · NEITUN · FRUMEIND · 5 · SAMRÆÐI · NÚMER

KOMAST · ILLÆRI · GROBB · ÁLKA · HEITI · EINNIG

SLÓR · STÓRT ÍLÁT · VERKFÆRI · HLIÐ · SNÍKJUDÝR · ENNÞÁ



KÆLA · ÓSKIPULAG · ÍÞRÓTTA-FÉLAG · 2 · DRYKKUR · ELDSNEYTI · SAMTÖK

HLUTA

SEYTLAR · RÁÐA

Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur

# Á FERÐALAGI

| | | |
|---|---|---|
| **20.-21. júní** | **Akureyri** | **Bylgjan á ferðalagi** |
| 27.-28. júní | Egilsstaðir | Bylgjan á ferðalagi |
| 4.-5. júlí | Akranes | Írskir dagar |
| 11.-12. júlí | Vestmannaeyjar | Bylgjan á ferðalagi |
| 18.-19. júlí | Hemmi Gunn og Svansí í útilegu | |
| 25.-26. júlí | Fáskrúðsfjörður | Franskir dagar |
| 1.-2. ágúst | Verslunarmannahelgarútvarp | |
| 8.-9. ágúst | Dalvík | Fiskidagurinn mikli |
| 15.-16. ágúst | Bolungarvík/Ísafjörður | Ástarvika |
| 22.-23. ágúst | Hella | Landbúnaðarsýning |
| 29.-30. ágúst | Sandgerði | Sandgerðisdagar |

# BYLGJAN á ferðalagi um landið í sumar

**FÖSTUDAGUR:**
Í bítið
Ívar Guðmunds
Rúnar Róberts
Reykjavík síðdegis

**LAUGARDAGUR:**
Hemmi Gunn og Svansí

**Bylgjan og Olís eru komin í sumarskap og verða á ferðalagi með þér í allt sumar! Það verður öllu tjaldað til og við hefjum leik á föstudagsmorgnum með Kollu og Jóni Erni í bítinu, Ívar tekur við og Rúnar fylgir fast á eftir. Við endum svo daginn með strákunum í Rvík síðdegis. Á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansí sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda upp úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.**

**Í dag verðum við á Glerártorgi á Akureyri**

**Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!**

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Ævintýra-eyjan
olís

# VIÐ LÆKKUM LEIK

GAME STÖÐIN

## ÞRJÚ EINFÖLD SKREF TIL AÐ SPARA PENINGA!

1 KOMDU MEÐ GÖMLU LEIKINA EÐA LEIKJATÖLVUNA

2 SKIPTU ÞEIM UPP Í... EÐA FÁÐU PENINGINN!

3 KAUPTU LEIKJATÖLVUR EÐA LEIKI Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM!

GAME STÖÐIN

OPIÐ 12-22 ALLA DAGA
SKEIFAN 17 · 550 4400

PSP PS2 PS3 NINTENDO DS. Wii PC CD-ROM XBOX 360

# JAVERÐ Á ÍSLANDI

## - OPNUM KL. 12 Í DAG Í SKEIFUNNI 17




**ÞETTA ER AÐEINS BROT AF OPNUNAR-TILBOÐUNUM!**

**SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA!**

# Stökktu til Mallorca

## 25. júní eða 9. júlí í 2 vikur

## frá kr. 39.990



### Síðustu sætin

Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Mallorca 25. júní eða 9. júlí á einstökum kjörum í 2 vikur. Mallorca er er ein perla Miðjarðarhafsins og hér nýtur þú sumarsins til hins ítrasta í sólinni og traustrar þjónustu fararstjóra Heimsferða. Þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Verð kr. 39.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð. Stökktu tilboð 25. júní. Aukalega kr. 5.000 þann 9. júlí.

**Verð kr. 49.990**
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi / stúdíó / íbúð. Stökktu tilboð 25. júní. Aukalega kr. 5.000 þann 9. júlí.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




## STUÐ MILLI STRÍÐA Rauðir hnésokkar

**RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR** ER ÁNÆGÐ MEÐ AFMÆLISDAGINN



Ég á afmæli 19. júní. Það hefur sett mark sitt á mig og mér eru jafnréttismál hugleikin. Gömul frænka mín gaf mér rauða hnésokka í afmælisgjöf þegar ég var lítil og ég er ekki frá því að það hafi haft sitt að segja. Mér finnst það hljóta að vera sjálfsagt að engu máli skipti hvors kyns fólk er.

Ég er ótrúlega stolt af því að eiga afmæli þennan dag en ég varð einmitt þrítug þegar konur fögnuðu níutíu ára afmæli kosningaréttar síns árið 2005. Ég klæddi mig í rauða ullarsokka og gúmmískó og skundaði með systrum mínum á Þingvöll. Hlustaði á fyrsta lýðræðislega kosna kvenforseta sögunnar halda ræðu og mér fannst ég eiga daginn. Ég strunsaði líka stolt niður Skólavörðustíginn þegar kvennafrídagsins var minnst sama ár í október og söng fullum hálsi.

Um daginn fórum við vinkona mín í göngutúr að þvottalaugunum í Laugardal en þar er hægt að lesa sér til um sögu þvottakvennanna. Við ræddum um hversu stutt væri síðan mæður okkar sjálfra hrærðu í þvottasuðupottum á eldavélum en framfarirnar gengu aðeins hægar fyrir sig í sveitinni. Ömmur okkar voru ekki með bílpróf og elduðu á kolavélum. Þvottur var þveginn í læk. Í þeim samanburði höfum við vinkona mín það gott að geta þvegið með því að ýta á takka. En jafnrétti snýst ekki um húsverkin. Það snýst um virðingu.

Það er í raun merkilegt hversu stutt er síðan konur fengu rétt til að kjósa og ennþá merkilegra að talað sé um að „fá“ réttinn til að kjósa. Sá réttur hlýtur bara að vera sjálfsagður. Eins og það er sjálfsagt að hlustað sé á sjónarmið fólks hvort sem það er karl eða kona. Það er með ólíkindum að enn sé verið að berjast fyrir jöfnum rétti kynjanna og að þess þurfi yfirleitt. Hvað á þetta eiginlega að þýða?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







SO YOU THINK YOU CAN DANCE – HEFST Á MÁNUDAG KL. 20:20

# SJÓNVARPSVIÐBURÐUR SUMARSINS

ALDREI BETRI DANSARAR – OG ALDREI VERRI




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**! Kl. 17**

*Sópransöngkonan Hanna Dóra Sturludóttir og píanóleikarinn Kurt Kopecky koma fram á tónleikum á vegum tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið í tónleikasalnum Hömrum á Ísafirði í dag kl. 17. Á efnisskrá tónleikanna er íslensk og ítölsk tónlist eftir tónskáld á borð við Verdi, Puccini, Þórarin Guðmundsson og Jón Ásgeirsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Nýr sýningarsalur í miðbænum

Nýr sýningarsalur sem ber nafnið Skaparinn, líkt og fatabúðin forðum daga, var opnaður að Miðstræti 12 í miðbæ Reykjavíkur um síðustu mánaðamót. Það er að sjálfsögðu alltaf fagnaðarefni þegar nýtt pláss bætist við listsýningarrýmin á höfuðborgarsvæðinu, enda gera þau mikið til að auðga tilveru bæði listamanna og listunnenda.

Fyrst til að sýna verk sín í Skaparanum er Þórunn Elísabet Sveinsdóttir, myndlistarkona og búningahönnuður. Þórunn hefur verið einn af afkastamestu búningahönnuðum landsins og hefur hannað fyrir fjölda leikverka og kvikmynda. Hún hefur tvívegis unnið til



**ÞÓRUNN ELÍSABET SVEINSDÓTTIR** Fyrsti listamaðurinn sem sýnir verk sín í sýningarrýminu nýja Skaparanum.

Grímuverðlauna fyrir búningahönnun sína.

Á sýningunni í Skaparanum má sjá átta ný verk eftir Þórunni. Segja má að myndlist hennar sé í senn hugljómun úr búningaheimi leikhússins, en einnig ögrð, spennandi og óvænt myndmótun þess efnis sem hefur heillað hana alla tíð og býr yfir raunverulegri sögu og arfleifð íslenskra kvenna. Þórunn hefur áður haldið tvær einkasýningar á verkum sínum og tekið þátt í ýmsum samsýningum.

Skaparinn er opinn mánudaga til föstudaga á milli kl. 12 og 18, en annars eftir samkomulagi.

- vþ

**> Ekki missa af…**

Loka-gjörningadeginum á sýningu Karls Holmqvist „Boomtown" í Nýlistasafninu sem fer fram í dag á milli kl. 12 og 17. Að þessu sinni fremja gjörninga þau Ásmundur Ásmundsson, Berglind Ágústdóttir, Hulda Vilhjálmsdóttir, Ingibjörg Magnadóttir og Sara Björnsdóttir. Sviðið er jafnframt opið öllum þeim sem vilja tjá sig á einhvern hátt.

# Straumar hundrað ára

Myndlistarsýningin Straumar verður opnuð í Listasafni ASÍ í dag kl. 13. Á sýningunni eru verk í eigu safnsins; verk úr stofngjöf safnsins frá Ragnari Jónssyni í Smára ásamt verkum sem safnið hefur eignast á undanförnum árum, en sum þeirra hafa ekki verið sýnd í safninu áður.

Verkin spanna hundrað ára skeið í íslenskri listasögu og tengjast ólíkum straumum sem leikið hafa um myndlistina á þessu tímaskeiði. Elstu verkin á sýningunni eru rómantísk landslagsverk Þórarins B. Þorlákssonar frá byrjun síðustu aldar en það yngsta er lágmynd Svövu Björnsdóttur, Lifandi vatn, sem gert er einni öld síðar. Þrátt fyrir hundrað ára aldursmun og ólíka tækni er sameiginlegur kjarni í þessum verkum sem felst í skírskotun listamannanna til vatns og himinbláma.



Í Ásmundarsal safnsins má sjá verk sem tengjast Þingvöllum og hugmyndum um íslenskt þjóðerni eins og þær þróuðust í myndlist upp úr 1930 og fram til dagsins í dag. Í Arinstofu má svo sjá strauma tveggja alda í óhlutbundinni myndgerð.

Á meðal þeirra listamanna sem eiga verk á sýningunni, auk þeirra Þórarins og Svövu, eru Anna Jóelsdóttir, Birgir Andrésson, Eirún Sigurðardóttir, Hreinn Friðfinnsson, Jóhannes S. Kjarval, Karl Kvaran og Ragnheiður Jónsdóttir.

Sýningin stendur til 24. ágúst. Listasafn ASÍ er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17.

Aðgangur er ókeypis.

- vþ

**YNGSTA VERKIÐ** Lifandi vatn eftir Svövu Björnsdóttur.

# Norrænir orgelrisar á Íslandi

**Norrænir organistar og norræn orgeltónlist verða í aðalhlutverki Alþjóðlega orgelsumarins sem hefst í Hallgrímkirkju á morgun kl. 17. Þá fara fram fyrstu tónleikar hátíðarinnar, en á þeim flytur Hörður Áskelsson, kantor Hallgrímskirkju og söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, fjölbreytta orgeltónlist eftir Buxtehude, Bach, Hafliða Hallgrímsson og Þorkel Sigurbjörnsson.**



**HÖRÐUR ÁSKELSSON ORGANISTI** Leikur á fyrstu tónleikum Alþjóðlega orgelsumarsins í Hallgrímskirkju á morgun.

Sumartónleikaröðin Alþjóðlegt orgelsumar er nú haldin í sextánda sinn. Að þessu sinni koma níu organistar fram á sautján tónleikum í Hallgrímskirkju, sem fara fram í hádeginu á laugardögum og á sunnudagskvöldum. Allir flytjendurnir eru frá Norðurlöndunum og eru í röð fremstu organista sinna landa. Röð hádegistónleika á fimmtudögum hefur verið flutt í Dómkirkjuna, en á þeim koma fram sjö íslenskir organistar ásamt ýmsum einsöngvurum og einleikurum á önnur hljóðfæri.

Hörður Áskelsson leikur á fyrstu tónleikum hátíðarinnar á morgun og helgina eftir leikur Björn Steinar Sólbergsson á tónleikum á laugardag kl. 12 og á sunnudag kl. 17.

Tímasetning sunnudagstónleikanna nú í júní tekur tillit til Evrópumeistaramótsins í knattspyrnu, en allir aðrir sunnudagstónleikar verða klukkan 20, eins og venjan hefur verið undanfarin ár.

Fulltrúar Danmerkur eru organistarnir Bine Katrine Bryndorf, prófessor í orgelleik við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn og Hans Ole Thers, organisti Kirkju heilags anda í Kaupmannahöfn. Fulltrúar Svíþjóðar eru Mattias Wager, organisti dómkirkjunnar í Stokkhólmi, og Gunnar Idenstam. Frá Noregi koma organistinn Bjørn Andor Drage og Jon Laukvik sem er prófessor í orgelleik bæði í Stuttgart og Ósló. Frá Finnlandi kemur hinn kunni orgelleikari Kalevi Kiviniemi.

Áhugasamir geta kynnt sér dagskrá orgelhátíðarinnar nánar á vefsíðunni www.listvinafelag.is

vigdis@frettabladid.is






Grand HÁDEGI

Hádegishlaðborð alla virka daga. Grill á góðviðrisdögum.

Þegar vel viðrar er boðið upp á grill og veitingar í suðurgarðinum okkar. Þá er hægt að borða úti og njóta sumarsins. Grillveislur í boði fyrir hópa.

Hlaðborð kr. 2.150.-

weber

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Sigtúni / S. 514 8080 / www.GRAND.is



**SIGRÚN ELDJÁRN** Ein þeirra listamanna sem eiga verk á sýningunni Þetta vilja börnin sjá!

# Myndskreytingar ferðast

Á sýningunni Þetta vilja börnin sjá!, sem hefur verið haldin árlega í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í Reykjavík frá árinu 2002, má sjá myndskreytingar úr nýútkomnum íslenskum barnabókum. Markmið sýningarinnar er að beina athyglinni að gildi myndskreytinga í barnabókum.

Nokkur hefð hefur myndast fyrir því að sýningin ferðist um landsbyggðina að loknum sýningartíma sínum í Reykjavík. Sýningin sem sett var upp í Gerðubergi í haust var þannig nýverið opnuð í Amtsbókasafninu á Akureyri og stendur þar til loka júlí. Á meðal þeirra listamanna sem eiga myndskreytingar á sýningunni eru Áslaug Jónsdóttir, Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, Sigrún Eldjárn og Þórarinn Leifsson.

- vþ

# Bach, píanóleikari og stærðfræðingur



**JOHANN SEBASTIAN BACH** Eftirlætistónskáld Halldórs Laxness.

Sumartónleikaröð Gljúfrasteins heldur áfram á morgun kl. 16, en þá koma fram þeir Martin Frewer fiðluleikari og Steingrímur Þórhallsson píanóleikari og leika verk eftir J.S. Bach, en hann var einmitt uppáhaldstónskáld Halldórs Laxness.

Martin Frewer útskrifaðist sem stærðfræðingur frá Oxfordháskóla, en á sama tíma var hann í einkatímum hjá fiðlukennaranum Yfrah Neaman. Eftir útskrift hélt Frewer áfram fiðlunámi í Guildhall School of Music & Drama í London hjá Neaman og lærði þá einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson. Árið 1983 fluttist Martin til Íslands til að spila með Sinfóníuhljómsveitinni. Um aldamótin tók hann frí í tvö og hálft ár og vann þá sem hugbúnaðarhönnuður. Núna starfar hann bæði við hugbúnaðargerð hjá hátæknifyrirtækinu Völku og sem tónlistarmaður.

Steingrímur Þórhallsson lauk píanókennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og kantorsprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 1998. Haustið 1998 hóf hann nám við Pontificio Instituto di Musica Sacra í Róm, sem er kirkjutónlistarstofnun Páfagarðs. Þaðan lauk hann mastersprófi í orgelleik sumarið 2001 undir leiðsögn Giancarlos Parodi. Steingrímur hefur komið fram víða sem einleikari og sem meðleikari, meðal annars í Dómkirkjunni í Reykjavík, Skálholtsdómkirkju, Kristskirkju, Hallgrímskirkju og Neskirkju.

Aðgangseyrir að tónleikunum er 500 kr.

- vþ


KRINGLU KRÁIN
Sveitaball í borginni með
Stuðbadalagið
í kvöld
Komdu og kynntu þér nýju útisvalirnar



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU, 26. STARFSÁR
ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR, 16. STARFSÁR
KLAISORGELIÐ 15 ÁRA

Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju

FYRSTU TÓNLEIKAR
sunnudaginn 22. júní kl. 17.00
HÖRÐUR ÁSKELSSON
kantor Hallgrímskirkju



TÓNLEIKAR / CONCERTS:
Laugardaga kl. 12:00
Sunnudaga kl. 20:00 (í júní kl. 17:00)

DÓMKIRKJAN
Tónleikar í Dómkirkjunni:
fimmtudaga kl. 12:15
Þar koma fram íslenskir organistar ásamt gestaflytjendum.

norden
NORRÆNI MENNINGARSJÓÐURINN
TÓNLISTARSJÓÐUR MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS
listvinafelag.is



LARRY CARLTON
BEADY BELLE
LAURIE WHEELER
BLÁIR SKUGGAR
BLOODGROUP
1988 - 2008
20 ÁRA AFMÆLI
Alcoa Fjarðaál ALCOA styrkir hátíðina
ÍSLENSKA SIA.IS ALC 42441 05.2008

25. - 28. JÚNÍ 2008



JAZZHÁTÍÐ
EGILSSTAÐA Á AUSTURLANDI
Nánari upplýsingar á www.jea.is og í síma 861 1894

## > YVES SAINT LAURENT Á SUNDANCE



Á Sundance-kvikmyndahátíðinni verður hátískuhönnuðurinn Yves Saint Laurent tekinn fyrir sérstaklega og tvær kvikmyndir sýndar um ævi hans og feril. Hin fyrri heitir Yves Saint Laurent: His Life and Times. Hún er eftir leikstjórann David Teboul og fjallar um uppvöxt þessa merka hönnuðar í Alsír, feril hans hjá Dior og frægðarsólina hjá eigin merki. Seinni kvikmyndin, einnig eftir Teboul, heitir 5,5 Avenue Marceau 75116 Paris og sýnir Saint Laurent að hanna sína síðustu línu árið 2001.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Dásamlega sumarlegan** og fallegan kjól frá See by Chloé. Fæst í Trilogiu



**Guðdómlega sexí** svarta skó með ökklabandi frá Gucci. Fást hjá Sævari Karli.



**Kynþokkafullt** eldrautt gloss á varirnar frá Chanel.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Marta María Jónasdóttir**

# *Heltekin af vellíðan*

Ég þekki margar konur sem eiga sínar bestu stundir fyrir framan tölvuna. Með kampavínsglas og vísakort að vopni geta þær eytt heilu kvöldunum einar með sjálfum sér, alsælar. Nei, þær eru ekki að fylgjast með erlendri pólitík heldur hanga inni á eBay eða öðrum glyssíðum til að kaupa sér alls konar vitleysu, en stundum geta þær reyndar verið ljónheppnar. Um daginn sagði kvenkyns vinnufélagi minn frá því að hún hefði boðið í tvo kjóla, frá Veru Wang og Roberto Cavalli, og fengið. Ég sagði henni að hún ætti ekki að búast við of miklu og rifjaði upp söguna af vinkonu minni sem hafði keypt sér tískugallabuxur og Dior-sólgleraugu í einhverju eBay-flippi nokkrum árum fyrr. Þegar sendingin birtist reyndust buxurnar vera „feik“ og sólgleraugun í barnastærð. Stuttu síðar, þegar hún var búin að steingleyma þessu með barnasólgleraun og feikbuxurnar, gerði hún reyfarakaup þegar hún fékk Svaninn eftir Arne Jacobsen á 40 þúsund krónur. Þetta fannst mér vera ígildi þess að vinna í lottói þar sem hefðbundinn Svanur í ullarefni kostar mánaðarlaun kennara. Það runnu þó á hana tvær grímur þegar Svanurinn ógurlegi lenti á landinu, eitthvað hafði hann breikkað við að búa í Ameríku. Geri ráð fyrir að stóllinn hafi frekar verið eftir Barney Jacobs eða einhvern annan snilling.

Þegar ég var búin að segja samstarfskonu minni þessar tvær hryllingssögur þurfti ég að hughreysta hana og vonaði heitt og innilega að Wang og Cavalli myndu standa undir væntingum. Í vikunni mætti ég henni á ganginum og hún var eitt sólskinsbros og tjáði mér að sendingin hefði komið, væri ekta og smellpassaði. Þegar hún dró gersemarnar upp úr töskunni varð ég græn að öfund.

Einhvern veginn hef ég aldrei lagt í að kaupa föt á netinu. Það helgast kannski af því að mér finnst svo ógurlega gaman að fara í búðir. Það er einhver sérstök tilfinning sem heltekur konu þegar hún handfjatlar flík, mátar, verður að eignast, lætur vaða og labbar svo alsæl með flíkina út úr búðinni. Ég upplifði þetta sterkt um daginn þegar ég var stödd í Mílanó. Þar heimsótti ég heimsfræga verslun og hnaut um draumatöskuna um leið og ég datt inn um bronsklæddan þröskuldinn. Eftir að hafa skoðað hana á hverjum degi í nokkra daga og hringt ótal símtöl heim til að tékka á genginu (sem var alltaf jafn ókristilegt) lét ég loks vaða. Þegar ég borgaði töskuna varð ég heltekin af vellíðan og ég verð eiginlega að játa að ég er ennþá í sæluvímu. Ætli kaupin hafi þá ekki borgað sig eða að minnsta kosti ef ég nota hana nógu oft?

glamúr
first & second






**KVENLEGT** Fallegur siffonkjóll frá Erin Fetherston fyrir haust/vetur 2008.



**ÞJÓÐLEG ÁHRIF** Skemmtilegur stuttur kjóll með blómamynstri frá Anna Sui.

## TÍSKUPALLARNIR BLÓMSTRA Í ORÐSINS FYLLSTU MERKINGU:

# Blómarósir

Blómakjólar eru afar áberandi í sumar og ekkert lát verður á þeirri tísku þegar tekur að hausta. Bandarískir hönnuðir eins og Diane Von Furstenberg, Michael Kors og Erin Fetherston og franska tískuhúsið Chloé sýndu ýmsar útgáfur af blómum: síðir draumkenndir kjólar, grafískari mynstur í hippastíl og jafnvel heilu kápurnar alsettar fögrum blómhnöppum. Í sumar er líka um að gera að grafa upp fallega blómakjóla enda fátt sem hæfir árstíðinni betur.

amb@frettabladid.is



**STÓRMYNSTRAÐ** Hressandi rauðrósóttur kjóll frá Michael Kors.



**LILLABLÁTT** Ægifögur og kvenleg blanda hjá bandaríska hönnuðinum Michael Kors.



**ÁLFAMÆR** Gyðjulegur síðkjóll með svörtum toppi frá Erin Fetherston.

LAMBAKJOT.IS



# GRILLBRAGÐ
## - helgarinnar



H:N markaðssamskipti / SÍA

„Ég vil hafa það hollt og gott
og auðvelt að elda.
Að narta í ljúffengan bita af grillinu
- þannig eru náttúrulega bestu helgarnar."

## Grillað lambalæri með jógúrtkryddlegi

Lambalæri, án lykilbeins og sagað eftir endilöngu (langsagað).

Veltið lambinu upp úr kryddleginum og geymið í kæli í 2 - 12 klst. Strjúkið megnið af kryddleginum af kjötinu og grillið á meðalheitu grilli í 25 - 30 mín. Snúið kjötinu reglulega.

### Jógúrtkryddlögur:

2 dl jógúrt, hreint • 2 hvítlauksgeirar, pressaðir • 2 msk engiferrót, smátt söxuð • 3 msk sítrónusafi
1 tsk kummin • 1 tsk kóríanderfræ, steytt • 1/2 tsk kardimommur, steyttar • 1/2 tsk salt
3 msk mynta, smátt söxuð. Setjið allt í skál og blandið vel saman.

Berið lambalærið fram með grilluðu grænmeti og bökuðum kartöflum.

25 - 30 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT

# ÚTS

33% AFSLÁTTUR



**79.980**
Verð áður: 119.980

**33% AFSLÁTTUR**
**DREAMTIME** La-z-boy stóll.
B:95 D:95 H:105 cm. Fæst í hvítu og svörtu leðri.

34% AFSLÁTTUR

**49.474**
Verð áður: 74.960

**34% AFSLÁTTUR**
**NOCTURNE** boxdýna 322
120x200 cm.



NOCTURNE®

**NOCTURNE 322**
**120X 200 CM**
**TILBOÐIÐ INNIHELDUR:**

Boxdýnu með tvöföldu gormakerfi.
Neðra lag 150 Bonell-gormar á m2.
Efra lag 265 svæðaskiptir pokagormar á m2.
Yfirdýna með 25 mm latex, hægt að taka áklæði af og þvo í þvottavél.
Fætur ekki innifaldir í verði.



• **15 ÁRA ÁBYRGÐ GORMAKERFI**

30% AFSLÁTTUR



**34.980**
Verð áður: 49.980

**30% AFSLÁTTUR**
**ANDERSON** La-z-boy stóll.
B:85 D:85 H:45/100 cm.
Fæst í gráu og grænu áklæði.

EXPO • www.expo.is

HÚSGAGNAHÖLLIN

# ALA



199.984
Verð áður: 249.980

**20% AFSLÁTTUR**
**CORBELLA** borðstofuborð.
B:153 D:49 H:220 cm.

20%
AFSLÁTTUR

79.984
Verð áður: 99.980

**20% AFSLÁTTUR**
**CORBELLA** borðstofuborð. B:112 H: 72 L:172 + 2x45 cm. **CORBELLA** stóll. **Kr. 27.984** áður ~~34.980~~.**CORBELLA** armstóll. **Kr. 31.984** áður ~~39.980~~.



20%
AFSLÁTTUR



33%
AFSLÁTTUR

111.984
Verð áður: 139.980

**20% AFSLÁTTUR**
**DAYTON** 3 sæta sófi. B:225 D:95 H:52/95 cm. **DAYTON** 2 sæta sófi. B:170 D:95 H:52/95 cm. **Kr. 95.984** áður ~~119.980~~. **DAYTON** stóll. **Kr. 63.984** áður ~~79.980~~.

39.980
Verð áður: 59.980

**33% AFSLÁTTUR**
**TUB** stóll. B:80 D:75 H:47/75 cm.
Fæst í rauðu, brúnu og svörtu leðri.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

# Lýður einangraður í Jökulfjörðum

Danski stórleikarinn Bjarne Henriksen kemur hingað til lands á sunnudag og heldur beint í Jökulfirði, í tökur á sjónvarpsmynd læknisins Lýðs Árnasonar, Eitur í æðum. Bjarne er Íslendingum hvað kunnastur fyrir hlutverk sitt sem faðirinn í Forbrydelsen, en í Eitri í æðum leikur hann „danskan bankamann og besserwisser“, að sögn Hinriks Ólafssonar, sem fer með hlutverk íslensks bankamanns í myndinni. Aðalhlutverkið er hins vegar í höndum Theódórs Júlíussonar.

„Það er ekki hægt að fara á einangraðri tökustað. Við siglum úr Bolungarvík og yfir í Jökulfirði,“ útskýrir Hinrik, sem segir það mikinn heiður að fá að vinna með Bjarne. „Hann er einhver albesti leikari sem hefur komið frá Danmörku og mér fannst hann alveg magnaður í Forbrydelsen,“ segir hann.

Fréttir hafa borist af því að göngufólk sem áformað hefur ferðir um Jökulfirði og Hornstrandir hafi hætt við af ótta við að rekast á villta ísbirni. Hinrik segist hafa velt þeim möguleika fyrir sér. „Ég tek son minn með og var ekki alveg viss um hvort það væri óhætt að hafa hann í tjaldi þarna. En læknirinn hlýtur að taka sjúkrakassann með, svo við verðum með einhver deyfilyf.“

- sun

**HALDA Í EINANGRUN** Tökur á myndinni Eitur í æðum hefjast á afskekktu horni Vestfjarða um helgina.



**HEIÐUR AÐ FÁ BJARNE** Hinrik Ólafsson er ánægður með að fá að vinna með Bjarne Henriksen og hefur ekki áhyggjur af hvítabjörnum.



**VON Á FJÖLGUN** Charlotte Church á von á öðru barni sínu og kærastans Gavins Henson, en þau eignuðust dótturina Ruby í september í fyrra.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Charlotte ólétt á ný

**Breska söngkonan og fyrrverandi barnastjarnan Charlotte Church á nú von á öðru barni sínu. Hún eignaðist frumburðinn, dótturina Ruby Megan Henson, í september í fyrra. Church og kærasti hennar, rúgbýleikarinn Gavin Henson, munu vera himinlifandi með þessa viðbót í fjölskylduna, þótt skammt sé á milli barnanna. Þau hafa verið saman frá árinu 2005.**

**Charlotte hefur staðfest að hún muni standa við skuldbindingar sínar við sjónvarpsstöðina Channel 4 og halda áfram að kynna þáttinn The Charlotte Church Show út júlí og ágúst.**

# Benni fyrir alla aldurshópa

**Benni Hemm Hemm og Ungfónía stóðu fyrir tónleikum í Iðnó á fimmtudaginn.**

Þar mátti sjá fólk á öllum aldri, en vel var mætt á tónleikana. Alls komu fram fjörutíu manns, en Benni Hemm Hemm, Benedikt H. Hermannsson, samdi fyrir hópinn. Í Ungfóníu eru ungir tónlistarmenn sem einbeita sér að klassískri tónlist og því að færa hana til yngri aldurshópa. Almenn ánægja var með tónleikana, enda tónlist Benna tilvalin fyrir stóra hópa. Hljómsveit Benna Hemm Hemm hefur gefið út tvær plötur en Rolling Stone hefur líkt þeim við verk bandaríska tónlistarmannsins Sufjan Stevens.



**GLÖÐ MEÐ BENNA** Einar og Hildur létu sig ekki vanta.



**LISTHNEIGÐ** Vilhjálmur, Gils og Kolbrún Roe létu nafn fóníunnar ekki fæla sig frá.



**STÓR SEM SMÁ** Þorfinnur og Embla litu í Iðnó.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 2D - 5D - 8D - 11D | 7 |
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| THE BANK JOB | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SPEED RACER | kl. 2 - 5 | L |
| NIM´S ISLAND | kl. 2 | L |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 SÍÐ. SÝNINGAR | 12 |
| IRON MAN | kl. 10:30 SÍÐ. SÝN. | 12 |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 12D - 3D - 6D - 9D | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 6 - 9 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 12 - 3 - 6 - 9 | 14 |
| SPEED RACER | kl.12D - 3D | L |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 2 | L |
| INCREDIBLE HULK | kl. 5:30 - 10:20 | 12 |
| ZOHAN | kl. 8 | 10 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 - 8 - 10 | 7 |
| PROM NIGHT | kl. 8 - 10 | 16 |
| NIM´S ISLAND | kl. 4:20 | 12 |
| PROM NIGHT | kl. 8 | 16 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 - 8 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 11 | 16 |
| SPEED RACER | kl. 2 | L |
| HAROLD & KUMAR | kl. 5:30 | L |
| WHAT HEPPENS IN VEGAS | kl. 8 | L |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:10 | 14 |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 1 D - 4 D - 7 D - 10 D | 7 |
| CRONICLES OF NARNIA 2 LÚXUS | kl. 1 D - 4 D - 7 D - 10 D | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK DIGITAL | kl. 3 - 5.30 D - 8 D - 10.30 D | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 5.50 - 8 -10.10 | 16 |
| ZOHAN | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.30 | 10 |
| HORTON | kl. 1 - 4 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| MEET BILL | kl. 3 - 5.50 - 8 -10.10 | 7 |
| FLAWLESS | kl. 8 | |
| ZOHAN | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 7 - 10 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 3 - 10.20 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MEET BILL | kl. 3.50 - 5.50 - 8 -10.10 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| KJÖTBORG | kl. 3 - 6 - 7 ENSKUR TEXTI | |
| ZOHAN | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 8 - 11 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 3 - 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 3 - 8 - 10.15* Kraftsýning | 12 |
| ZOHAN | kl. 5.40 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5.20 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 3 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA: PRINCE CASPIAN | kl. 2, 5 og 8 DIGITAL | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 2, 5, 8 og 10.45(P) | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6, 9 og 10.30 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2 | 12 |









# BÓNUSVÍDEÓ.IS

## FYRIR ALLA ÞÁ SEM HÉLDU AÐ BT VÆRU ÓDÝRASTIR!




BT ~~1.999.-~~ | BT ~~2.299.-~~ | BT ~~2.299.-~~ | BT ~~2.499.-~~ | BT ~~2.299-~~

**SENDUM FRÍTT HEIM ALLAR MYNDIR SEM ERU KEYPTAR Á BÓNUSVIDEÓ.IS**

**www.bonusvideo.is**

## > Hörður Axel í Keflavík

Íslandsmeistarar Keflavík áttu í gær mótleik við bakvarðamissi sínum en þeir Magnús Þór Gunnarsson (í Njarðvík) og Arnar Freyr Jónsson (í Grindavík) hafa yfirgefið liðið. Keflavík er búið að semja við hinn tvítuga Hörð Axel Vilhjálmsson, sem vildi ekki endurnýja samning sinn við Njarðvík. Hörður Axel mun því spila áfram með Sverri Þór Sverrissyni, sem er einnig kominn til Keflavíkur, en þeir félagar deildu leikstjórnandastöðunni hjá Njarðvík síðasta vetur. Keflavíkurliðið er um leið komið með þrjá af efnilegustu leikmönnum landsins því fyrir hjá liðinu eru miðherjinn Sigurður Gunnar Þorsteinsson og framherjinn Þröstur Leó Jóhannsson.



# sport

sport@frettabladid.is

RAGNAR DAÐI JÓHANNSSON: MARKVÖRÐUR KB HEFUR VAKIÐ ATHYGLI Í BIKARNUM FYRIR VASKA FRAMMISTÖÐU

## *Sá auglýsingu á netinu og varð markvörður KB*

Bikarævintýri Breiðholtsliðsins er með hreinum ólíkindum en þetta rúmlega eins árs gamla félag féll úr keppni í 32 liða úrslitum VISA-bikarsins á nauman hátt, 1-0, gegn KR vestur í bæ. Markvörður KB-liðsins, Ragnar Daði Jóhannsson, vakti sérstaka athygli fyrir vaska frammistöðu í leiknum sem og í leiknum gegn Njarðvík sem KB vann, 2-0.

„Það var helvíti gaman að spila á KR-vellinum. Ég bjóst aldrei við þessum frábæra leik hjá okkur. Hefði verið sáttur ef mér hefði tekist að halda KR-liðinu undir fimm mörkum. Það var takmarkið og því er óhætt að segja að ég sé frekar sáttur," sagði Ragnar Daði léttur í spjalli við Fréttablaðið í gær en hann var geysilega sáttur við eigin frammistöðu.

„Loksins náði maður að stíga almennilega upp og sýna hvað maður getur. Ég svaf varla af stressi fyrir leikinn og var með hnút í maganum. Ég hef verið svolítið meiddur en ég tel mig vera helvíti góðan þegar ég er heill heilsu."

Ragnar Daði er 24 ára gamall og er úr Grindavík. Hann var um tíma á mála hjá Grindavíkurliðinu en gekk síðan í raðir GG og lék með því. Hann hafði þó ekki spilað fótbolta í heilt ár þegar hann ákvað að ganga í raðir KB.



„Ég sá auglýsingu á fótbolti.net frá KB um að þá vantaði markvörð og þar sem ég bý í Breiðholtinu með kærustunni minni ákvað ég að slá til. Það var vel tekið í það og mér hent í markið um leið. Það gekk ekkert sérstaklega vel til að byrja með enda hafði ég ekki sparkað í bolta né gripið í háa herrans tíð. Svo var formið á mér ekki heldur gott. Var orðinn allt of þungur. Ég er búinn að missa einhver 10-15 kíló síðan ég byrjaði að æfa aftur en er samt enn í þriggja stafa tölu. Stefnan er tekin á að komast í svona 95 kíló. Þá er ég flottur," sagði Ragnar Daði, sem leikur í gamalli treyju með Sinalco-auglýsingu en talsvert er síðan hætt var að framleiða þann ágæta drykk hér á landi. Ragnari hafði verið lofað nýrri treyju eftir leikinn en hann vill ekki skipta.

„Þetta er klárlega happatreyja. Ég fæ bara nýja næsta sumar þegar við erum komnir í 2. deild," sagði Ragnar brattur.



**MEÐ GOTT FORSKOT** Ólafur Björn Loftsson úr NK. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kaupþingsmótaröðin:

## Ólafur og Ásta eru á toppnum

**GOLF** Þriðja mót Kaupþingsmótaraðarinnar fer fram á Garðavelli á Akranesi um helgina. Ólafur Björn Loftssson úr NK og Ásta Birna Magnúsdóttir úr GK eru með forystu eftir tvö mót en bæði hafa þau unnið annað upphafsmótanna.

Ólafur Björn vann fyrsta mótið á Hellu og varð síðan í 9. sæti á öðru mótinu á Hólmsvelli í Leiru. Ólafur hefur gott forskot á Davíð Má Vilhjálmsson úr GKJ (42 stig) sem kemur næstur en Ólafur Hreinn Jóhannesson úr GS, sem vann síðasta mót, er fimmti á eftir þeim Hlyni Geir Hjartarsyni úr GK og Pétri Óskari Sigurðssyni úr GR.

Ásta Birna hefur naumt forskot á Ragnhildi Sigurðardóttur úr GR hjá konum en Ásta vann mótið í Leirunni. Ragnhildur hefur hins vegar orðið í 2. og 3. sæti á fyrstu mótum ársins. Þriðja er síðan Ingunn Gunnarsdóttir úr GKG sem vann fyrsta mót sumarsins. - óój



**ÞRJÚ MET Á STUTTUM TÍMA** Sigrún Brá Sverrisdóttir er í frábæru formi þessa daganna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Aldursflokkamótið í sundi:

## Sigrún Brá með Íslandsmet

**SUND** Sigrún Brá Sverrisdóttir úr Fjölni setti í gær glæsilegt Íslandsmet í 400 metra skriðsundi á aldursflokkameistaramóti Íslands sem fram fer í Vatnaveröldinni í Reykjanesbæ.

Sigrún bætti sitt eigið met frá 2007 um 1,28 sekúndur þegar hún synti þessa 400 metra á 4:17,35 mínútum. Sigrún Brá er í frábæru formi þessa daganna en hún er nýkomin heim þar sem hún synti sig inn á Ólympíuleikana í Peking með því að tvíbæta Íslandsmetið í 200 metra skriðsundi. - óój

# Þrjú stór skref eftir að draumnum

Ísland mætir Slóveníu á Laugardalsvellinum í dag en fyrri leikurinn ytra tapaðist. „Það var klúður og við notum það með okkur núna." Liðið er í dauðafæri á því að komast upp úr sínum riðli í úrslitakeppni EM.

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir því slóvenska klukkan 14 á Laugardalsvelli í dag. Allt er undir í leiknum. Sigur þýðir að Ísland tryggir sér sæti í umspili um laust sæti í úrslitakeppni EM í Finnlandi á næsta ári en tap gæti sett strik í reikninginn. Vinni Íslendingar Slóvena og síðan Grikki á fimmtudag leikur liðið úrslitaleik við Frakka um beina leið á EM.

Íslenska liðið hefur lagt mikla áherslu á sóknarleikinn á æfingum sínum í vikunni. Allar líkur eru á því að lið Slóvena liggi langt aftur og freisti þess að beita skyndisóknum og nýta föst leikatriði til hins ítrasta. Íslenska liðið var skorið niður um þrjá leikmenn í gær; þær Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir úr Stjörnunni, Berglind Björg Þorvaldsdóttir úr Breiðabliki og María B. Ágústsdóttir, markvörður KR, duttu úr hópnum.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson tilkynnti byrjunarlið sitt svo í gærkvöldi. Katrín Ómarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir byrja á miðjunni ásamt Eddu Garðarsdóttur. Hólmfríður og Dóra María fá svo það hlutverk að opna upp kantana og Margrét Lára er í fremstu víglínu.

„Við verðum með sömu áherslur og í leikjum ársins hingað til. Okkur hefur gengið vel og ég sé ekki ástæðu til að breyta út frá því. Ég tel að við séum með betra lið en þær og við viljum halda boltanum innan liðsins, sækja vel og nota kantana mikið. Við fórum vel yfir þessa þætti á síðustu æfingu," sagði Sigurður en eftir blaðamannafund í gær hélt liðið til Keflavíkur. Þar dvelur það á hóteli fram að leiknum í dag.

EM-draumurinn kraumar í Sigurði og með hverjum leiknum styttist í markmiðið. „Við eigum þrjú skref eftir og við tökum mjög stórt skref ef við vinnum Slóveníu. Þá fáum við í það minnsta útileiki heima og heiman í umspili," segir þjálfarinn, sem leynir ekki stolti sínu af stelpunum. „Ég er ánægður með hópinn. Hann hefur staðið sig mjög vel og hann er tilbúinn fyrir leikinn. Við höfum verið að fá marga leiki og spilað þetta á sama kjarna. Nú sjáum við hvort hann stenst álagið og skarar fram úr," sagði þjálfarinn.

Margrét Lára Viðarsdóttir er ein þeirra sem eru klárar í slaginn í dag. Hún hefur átt við meiðsli að stríða: „En ég er öll að koma til. Ég var í mjög erfiðum meiðslum og í kjölfarið lenti ég í veseni með nárann og öðrum lærameiðslum. Ólukkan hefur því aðeins verið að elta mig en ég er vonandi að komast á gott skrið núna," segir Margrét, sem leggur áherslu á að liðið haldi þolinmæðinni í dag.

„Við þurfum að vera þolinmóðar og vakandi. Við höfum verið að leggja áherslu á uppspilið og við reiknum með því að vera meira með boltann. Við eigum að vera mikið í sókn og því höfum við skoðað hana gaumgæfilega. Það væri best að skora fljótlega og ég reikna með því að hápressa á þær og gefa þeim engan tíma."

Markmaðurinn Þóra B. Helgadóttir segir að eftirvænting sé í hópnum. „Við brennum okkur úti gegn þeim og það var bara klúður. Við munum nota það til að mótivera okkur fyrir þennan leik. Leikurinn á morgun er skref númer tvö af fjórum. Það góða við þetta er að við höfum að einhverju að keppa í hverjum einasta leik. Hver leikur er úrslitaleikur hjá okkur," sagði Þóra. hjalti@frettabladid.is



**LÍNURNAR LAGÐAR** Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson leggur hér línurnar fyrir stelpurnar sínar á æfingu liðsins í vikunni. Hann hvetur alla til að fylkja liði í Laugardalinn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### BYRJUNARLIÐIÐ Í DAG - 4-5-1:

**Markvörður:** Þóra B. Helgadóttir
**Hægri bakvörður:** Ásta Árnadóttir
**Vinstri bakvörður:** Ólína G. Viðarsd.
**Miðverðir:** Katrín Jónsdóttir fyrirliði og Guðrún Sóley Gunnarsdóttir
**Tengiliðir:** Edda Garðarsdóttir og Katrín Ómarsdóttir
**Sóknartengiliður:** Sara Björk Gunnarsdóttir
**Hægri kantur:** Dóra María Lárusd.
**Vinstri kantur:** Hólmfríður Magnúsd.
**Framherji:** Margrét Lára Viðarsdóttir

HK-ingar slógu ÍA út úr bikarnum í annað sinn á fjórum árum:

## Hörður Magnússon er ekki vinsælasta nafnið á Skaganum

**FÓTBOLTI** HK-ingum tókst á miðvikudagskvöldið í annað sinn á fjórum árum að slá Skagamenn út úr 32 liða úrslitum bikarsins og líkt og 2004 unnu þeir 1-0 á Kópavogsvelli þar sem sigurmarkið kom í lok leiks.

Skagamenn mega örugglega ekki heyra á nafnið Hörður Magnússon minnst því tveir nafnar úr Kópavogi hafa endað bikardrauma liðsins strax í fyrstu umferð á síðustu fjórum árum.

Hörður Már Magnússon tryggði HK 1-0 sigur á ÍA 12. júní 2004 með skoti af þrjátíu metra færi þegar aðeins tvær mínútur voru til leiksloka. Í fyrrakvöld var það næstum því alnafni hans, Hörður Magnússon, sem lék þetta eftir þegar hann skoraði sigurmarkið tíu sekúndum fyrir leikslok eftir að hafa komið inn á sem varamaður fjórtán mínútum áður.

Hin nýja hetja HK-inga er 22 ára sóknarmaður og er fimmtán árum yngri en Hörður Már, sem lék einnig með í þessum leik.

Þegar HK sló ÍA út síðast fór liðið alla leið í undanúrslit keppninnar og nú er að sjá hvað gerist í sumar. - óój



**RÉTTA NAFNIÐ** Hörður Magnússon í leik með HK. Hann og nafni hans hafa báðir valdið Skagamönnum höfuðverk í bikarkeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Merkur áfangi hjá Íslandi:

## Guðrún Sóley í 50 landsleiki

**FÓTBOLTI** Guðrún Sóley Gunnarsdóttir leikur sinn 50. landsleik fyrir Ísland í dag gegn Slóveníu. Hún er níunda konan sem nær þeim áfanga. Edda Garðarsdóttir leikur sinn 60. landsleik í dag en Katrín Jónsdóttir bætir metið með hverjum leiknum sem hún spilar. Allir leikmenn Íslands sem spilað hafa 50 leiki eða fleiri eru í byrjunarliði Íslands í dag. - hþh

### LANDSLEIKJAMET

| | |
|---|---|
| Katrín Jónsdóttir | 73 leikir |
| Ásthildur Helgadóttir* | 69 leikir |
| Edda Garðarsdóttir | 59 leikir |
| Þóra B. Helgadóttir | 57 leikir |
| Guðlaug Jónsdóttir* | 56 leikir |
| Erla Hendriksdóttir* | 55 leikir |
| Olga Færseth* | 54 leikir |
| Margrét R. Ólafsdóttir* | 51 leikir |
| Guðún Sóley Gunnarsdóttir | 49 leikir |

*HÆTT MEÐ LANDSLIÐINU

Guus Hiddink mætir löndum sínum Hollendingum sem hann stýrði fyrir tíu árum:

# Vonast eftir föðurlandssvikum

**EM 2008** Guus Hiddink komst með Rússa upp úr riðlinum á EM og mætir hann löndum sínum í hollenska liðinu í kvöld. Leikurinn er í átta liða úrslitum keppninnar en sigurvegarinn mætir liðinu sem vinnur í leik Spánverja og Ítala á morgun.

Hiddink kom Hollandi upp úr riðlinum á EM 1996 og HM 1998 og lenti þar í fjórða sæti. Suður-Kóreu kom hann í undanúrslit á HM 2002 þar sem liðið lenti einnig í fjórða sæti og Áströlum kom hann upp úr riðlinum á HM 2006.

„Þetta verður sérstakur leikur fyrir mig. Ég þekki alla í liðinu en það sem gleður mig mest er að sjá tvö frábær fótboltalið mætast. Þetta verður góður leikur,“ sagði Hiddink, sem benti á Andrej Arshavín sem lykilmann sinn í leiknum. Hann vonast eftir því að vera stimplaður sem svikari í heimalandi sínu.

„Ég vil gerast mesti svikari í sögu Hollands,“ sagði Hiddink í gamansömum tón. „Ég nýt þess til fullnustu að vinna á meðal þeirra bestu í knattspyrnuheiminum. Ef maður vinnur er maður kallaður hetja en er á hraðri leið til glötunar ef maður tapar. Þetta er alvaran,“ sagði þjálfarinn.

Hann vonast eftir því að geta fundið veikleika hollenska liðsins. „Hollendingarnir halda að það sé ekki hægt að sjá við þeim taktískt séð þar sem þeir eru aldir upp frá unga aldri með ákveðna taktík í huga. Þegar þeir eru 14, 15 og 16 ára er þeim kennt að spila á ákveðinn hátt af félögum sínum. Það er erfitt að reikna þá út og reyndar kann ég það ekki. Þeir eru með frábært lið en öll lið hafa sína veikleika og vonandi náum við að finna þá og nýta.“

Marco van Basten hrósar landa sínum og kollega hjá Rússum í hástert. „Ég er ánægður fyrir hans hönd. Eftir erfiða byrjun Rússa á mótinu eru þeir farnir að spila vel. Hann er frábær þjálfari,“ sagði Basten. „Þetta verður erfiður leikur eins og allir vita en ég hef trú á mínum mönnum.“ - hþh


**HIDDINK** Þekkir hollenska liðið út og inn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rüstü Recber var hetja Tyrkja í vítaspyrnukeppni gegn Króötum:

# Dramatík á dramatík ofan

**EM 2008** Það þurfti vítaspyrnukeppni til að knýja fram sigurvegara í viðureign Tyrkja og Króata í átta liða úrslitum EM í gær. Með frábærri frammistöðu tryggði Rüstü Recber Tyrkjum sæti í undanúrslitunum þar sem þeir mæta Þjóðverjum.

Tyrkir gerðu sig sjaldan líklega til að ógna marki Króatanna, sem léku vel. Tyrkirnir spiluðu afar þétta vörn en Króatar áttu nokkur góð færi til að klára leikinn í venjulegum leiktíma.

Rüstü sýndi gamalkunna takta á milli stanganna og átti stórleik. Hann var í markinu í stað Volkan Demirel sem tók út leikbann, og varði hann nokkrum sinnum stórglæsilega. Einu sinni bjargaði sláin Tyrkjum þegar Ivica Olic skallaði í hana af stuttu færi.

Markalaust var eftir venjulegan leiktíma en Tyrkir sóttu í sig veðrið í framlenginnguinni. Þeir áttu nokkur fín færi og léku mun betur en náðu ekki að brjóta ísinn. Það var verið að bíða eftir vítaspyrnukeppninni þegar Ivan Klasnic skallaði boltann í netið á 119. mínútu og Króatar fögnuðu eins og þeir hefðu orðið Evrópumeistarar. Það var þó of snemmt.

Tyrkir fóru í sókn og Semih jafnaði fyrir þá þegar 121. mínúta var liðin og þrjár sekúndur komnar fram yfir uppbótartímann. Frábær endurkoma Tyrkja, sem neituðu enn og aftur að gefast upp. Þeir komust upp úr riðlinum með 3-2 sigri á Tékkum eftir að hafa lent 2-0 undir.

Í vítaspyrnukeppninni var Rüstü hetjan þegar hann varði eina spyrnu en lokaði vel á Króata, sem skutu tvisvar framhjá. Lygileg frammistaða Tyrkja í keppninni en þeir verða án þriggja lykilmanna gegn Þjóðverjum þar sem þeir taka út leikbann. - hþh


**FRÁBÆR** Rüstü var hreint frábær í leiknum og tryggði Tyrkjum farseðilinn áfram. Tyrkir fagna hér eftir vítaspyrnukeppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


**ÆSTUR** Slaven Bilic, þjálfari Króata, var líflegur á hliðarlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**VÍTASPYRNUKEPPNIN:**
- 1-1 Modric skýtur framhjá fyrir Króata
- 2-1 Turan skorar fyrir Tyrki
- 2-2 Srna skorar fyrir Króata
- 3-2 Semih skorar fyrir Tyrki
- 3-2 Rakitic skýtur framhjá fyrir Króata
- 4-2 Hamit skorar fyrir Tyrki
- 4-2 Petric lætur Recber verja frá sér

Manchester United ítrekaði það í gær að Cristiano Ronaldo væri ekki til sölu:

# Frekar látinn rotna í varaliðinu en að vera seldur til Real Madrid

**FÓTBOLTI** Manchester United gaf það enn og ný út í gær að Cristiano Ronaldo væri ekki til sölu. Á heimasíðu félagsins í gær var yfirlýsing um að United myndi ekki hlusta á nein tilboð í portúgalska landsliðsmanninn.

„Ronaldo hefur hvað eftir annað verið orðaður við spænska liðið Real Madrid í sumar en félagið stendur við fyrri yfirlýsingar um að hann sé ekki til sölu,“ stóð í umræddri yfirlýsingu.

Sir Alex Ferguson, stjóri Englandsmeistara Manchester United, hefur sjálfur sagt að hann myndi láta Ronaldo rotna með varaliðinu, þau þrjú ár sem hann á eftir af samningi sínum, frekar en að leyfa honum að fara frá félaginu. Það gæti þó reynst erfitt fyrir Glazer-fjölskylduna að neita risatilboði í Ronaldo.

Ronaldo segir að málin séu komin út úr hans höndum en það fari ekkert á milli mála hvað hann vilji. Eins og staðan er núna og miðað við yfirlýsingar Ronaldos er allt eins líklegt að hann verði lykilmaður í varaliði United næsta vetur.

„Það er góður möguleiki á að ég fari til Madrídar. Ég þarf að ræða við Manchester United og svo sjáum við til. Það vita allir hvað ég vil gera en það ættu að koma einhverjar nýjar fréttir eftir tvo til þrjá daga,“ sagði Ronaldo í kjölfar þess að portúgalska landsliðið datt út í átta liða úrslitunum á EM. Þá kom einnig fram að Ronaldo væri búinn að spila meiddur síðustu þrjá mánuði og að hann væri að fara í smáaðgerð vegna þeirra þegar hann sneri heim til Manchester. - óój


**NÝJAR FRÉTTIR FLJÓTLEGA** Cristiano Ronaldo ætlar að ræða við Manchester United. NORDICPHOTOS/GETTY





> **Christopher Walken**

„Fólk heldur að ég sækist eftir því að leika illmenni í dramatískum kvikmyndum en mér finnst mesta áskorunin og umbunin vera í gamanleik.“ Walken leikur í gamanmyndinni Wedding Crashers sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ÓTTAST BARNAEFNIÐ

# Rostinn lækkaður í íþróttaasnanum

Undanfarin tíu ár hef ég verið einvaldur á heimilinu hvað sjónvarpsfjarstýringuna varðar. Engum hefur enn tekist að velta mér úr sessi sem einræðisherra sjónvarpsins. Stundum hefur miklum klókindum verið beitt til að hafa áhrif á þegna heimilisins, þeim hefur verið sýnt fram á að ekkert af viti sé í imbakassanum nema það sem húsbóndinn vill horfa á. Sem eru yfirleitt íþróttir. Og svo íþróttir.

En á næstu misserum má búast við því að hrista taki í stoðum valdsins og jafnvel endar þetta allt þannig að einræðisvaldinum verði steypt af stóli þegar nýr fjölskyldumeðlimur birtist. Sá mun ekki hlusta á nein rök um að eitthvað sé betra eða skemmtilegra heldur bara vilja sitt. Og ekkert múður. Vonandi verður þó uppreisn heimilisfólksins ekki jafn blóðug og þegar kommúnistar misstu völdin og óþokkarnir voru hengdir á torgum úti.



**BARNAEFNI** He-Man er sennilega horfinn á vit feðra sinna og Tommi og Jenni fá sennilega aldrei að skemmta hinum nýja erfingja.

Hins vegar óttast maður ekki valdaleysið heldur barnaefnið sem nú er boðið upp á. Reyndar hefur maður ekki horft á morgunsjónvarpið svo áratugum skiptir en engu að síður má kvíða fyrir því að þarna verði enginn He-Man, engir Transformers og jafnvel engir Prúðuleikarar, heldur bara pólitískt réttþenkjandi teiknimyndir þar sem allir borða gras. Jafnvel er hugsanlegt að nýr erfingi fái aldrei að horfa á Tomma og Jenna af því að þeir þykja svo ofbeldisfullir. Eða þá Looney Tunes þar sem grimmd Kalla kanínu og gegndarlaust hatur Elmers Fudd er allsráðandi.

Mesti kvíðinn er því ekki fyrir að missa af öllum fótboltaleikjunum, golfinu, pókernum, kappakstrinum, körfuboltanum, handboltanum og öllu því. Nei, mesti kvíðinn er sá að barnaefnið sé orðið svo fjandi lélegt og leiðinlegt að maður geri sig jafnvel sekan um að sofna yfir morgunsjónvarpinu.

## EKKI MISSA AF



▶ **11.45** F1 Tímataka Beint
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Bon Jovi - tónleikar
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.25** The Honeymooners
STÖÐ 2



▶ **21.25** Bergmálsströnd
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.55** Minding the Store
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Pip og Panik, Skúli skelfir og Hrúturinn Hreinn og Leyniþátturinn.

**09.55 Einu sinni var... - Maðurinn**

**10.25 Hundur í hernum** (e)

**11.55 Drekasöngvar - Lang Lang í Kína**

**12.55 Saga rokksins** (4:7)(e)

**13.50 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá landsleik kvennaliða Íslands og Slóveníu í undankeppni EM 2009.

**15.55 Bang og mark** Sýnt frá leikjum í efstu deild kvenna í fótbolta. (e)

**16.15 Í skugga skjálfta**

**16.30 Tímaflakk** (Doctor Who II) (2:13)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 EM 2008 - Upphitun**

**18.00 Fréttir**

**18.23 Veður**

**18.25 EM 2008 - Upphitun**

**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Hollendinga og Rússa.

**20.45 Fréttayfirlit**

**20.50 Lottó**

**21.00 Sápugerðin** (3:12)

▶**21.25 Bergmálsströnd** (3:12) Bresk sápuópera um Susan og Daniel, fyrrverandi kærustupar í strandbænum Polnarren.

**21.50 Bláa aldan** (Blue Crush)

**23.35 EM 2008 - Samantekt**

**00.05 Á brúninni** (On the Edge)

**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Finding Neverland**

**08.00 Nanny McPhee**

**10.00 Fever Pitch**

**12.00 Wedding Crashers**

**14.00 Finding Neverland**

**16.00 Nanny McPhee**

**18.00 Fever Pitch**

**20.00 Wedding Crashers** Gamanmynd um tvo vini sem mæta óboðnir í brúðkaupsveislur. Aðalhlutverk: Vince Vaughn, Owen Wilson og Christopher Walken.

**22.00 The Door in the Floor**

**00.00 Palindromes**

**02.00 La Vie Nouvelle**

**04.00 The Door in the Floor**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Gordon Garðálfur, Hlaupin,

**07.55 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

**09.25 Tommi og Jenni**

**09.50 Ben 10**

**10.10 Íkornastrákurinn**

**10.35 Land Before Time XII: Day of the Flyers** Ný talsett teiknimynd um risaeðlurnar vinsælu í Forsögulandi.

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Bold and the Beautiful**

**12.50 Bold and the Beautiful**

**13.10 Bold and the Beautiful**

**13.30 Bold and the Beautiful**

**13.55 Monk** (1:16)

**14.40 Jamie Oliver: Australian**

**15.30 Curb Your Enthusiasm** (4:10)

**16.05 Friends** (2:24)

**16.30 Friends** (3:24)

**17.00 Two and a Half Men** (7:24)

**17.25 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum. Ómissandi þáttur fyrir kvikmyndaáhugafólk.

**17.55 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll Þórðarson ræðir við áhugavert fólk um lífshlaup þess og viðhorf.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.10 Creature Comforts** (3:7) Þættir frá höfundum Wallace og Gromit þar sem hin skrautlegustu dýr eru í aðalhlutverkum.

**19.35 Primeval** (3:6)

▶**20.25 The Honeymooners** Gamanmynd byggð á vinsælum gamanþáttum um Ralph Kramden sem dreymir um betra líf. Með sinn besta vin sér við hlið er hann iðinn við að koma sér í vandræði með endalausu ráðabruggi til að verða sér úti um skjótan gróða. Aðalhlutverk: Mike Epps, Cedric the Entertainer, Gabrielle Union.

**21.55 P.S.** Rómantísk gamanmynd um það þegar fólk fær annað tækifæri á ástinni. Louise er fertug og fráskilin þegar hún kynnist mun yngri manni sem hún heillast af og minnir óneitanlega á æskuástina hennar sem lést nýlega. Aðalhlutverk: Gabriel Byrne, Laura Linney, Topher Grace.

**23.30 Imagining Argentina**

**01.15 The Underneath** (e)

**02.50 How To Marry a Billionaire**

**04.20 Maelström**

**05.45 Fréttir**

**06.30 Myndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**08.55 Formúla 1 2008 - Frakkland** Bein útsending frá æfingum.

**10.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**10.55 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.

**11.20 Formula 3** Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum í Snetterton en þar eigum við Íslendingar tvo fulltrúa.

▶**11.45 Formúla 1 2008 - Frakkland** Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn.

**13.20 World Supercross GP World** Öll mót ársins skoðuð í bak og fyrir.

**14.20 World´s Strongest Man 2007** Meðal keppenda var fulltrúi okkar Íslendinga, Boris.

**15.20 Opna bandaríska mótið** Útsending frá US Open í golfi.

**21.20 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.

**22.00 Formúla 1 2008 - Frakkland** Útsending frá tímatöku.

**23.35 Box** Útsending frá bardaga Ricky Hatton og Juan Lazcano.

## SPORT 2

**15.20 Bestu leikirnir** Man. Utd. - Liverpool

**17.05 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

**17.35 10 Bestu - Rúnar Kristinsson**

**18.30 PL Classic Matches** Man United - Chelsea, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.00 PL Classic Matches** Liverpool - Man Utd, 99/00.

**19.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð.

**20.00 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**21.00 EM 4 4 2**

**21.30 Football Rivalries** Í þessum þáttum er fjallað um ríg stórliða, innan vallar sem utan. Að þessu sinni eru það Glatasaray og Fenerbach.

**22.25 Bestu bikarmörkin** Manchester United

**23.20 Bestu bikarmörkin** Arsenal

**00.15 EM 4 4 2**

## SKJÁREINN

**09.45 Vörutorg**

**10.45 Rachael Ray** (e)

**13.45 Kimora: Life in the Fab Line** (e)

**14.35 Top Chef** (e)

**15.25 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**16.15 Kid Nation** (e)

**17.05 Style Her Famous** (e)

**17.30 Style Her Famous** (e)

**17.55 Top Gear** (e)

**18.55 Life is Wild** (e)

**19.45 Everybody Hates Chris** Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. (e)

**20.10 The King of Queens** Bandarísk gamansería um skötuhjúin Doug og Carrie Heffernan. Þetta er níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um hjónakornin. (e)

**21.00 Eureka** Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. (e)

**21.50 Boston Legal** (e)

▶**22.50 Minding the Store - Lokaþáttur** Raunveruleikasería þar sem grínistinn Pauly Shore freistar þess að snúa við rekstrinum á einum frægasta grínklúbbi Bandaríkjanna, The Comedy Store í Los Angeles. Fjölskylda hans á og rekur klúbbinn sem hefur í gegnum tíðina verið fyrsti starfsvettvangur margra frægustu grínista Hollywood. Nú er hins vegar allt komið í óefni og Pauly fær það hlutverk að endurvekja vinsældir staðarins. Hann notar óhefðbundnar aðferðir og útkoman er bráðfyndin.

**23.15 C.S.I.** (e)

**00.05 The Real Housewives of Orange County** (e)

**00.55 Kid Nation** (e)

**01.45 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**02.35 The Eleventh Hour** (e)

**03.25 Jay Leno** (e)

**04.15 Vörutorg**

**05.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku.** Endurtekið á klst. fresti.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Einfalt mál

## EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT





Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga | Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2 | Markaðurinn á Vísi alla daga






VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.35

**Primeval**



Sérstaklega vandaðir og æsispennandi þættir um hóp vísindamanna sem rannsakar hvað gerist þegar undarleg frávik í tíma eiga sér stað víðs vegar um England. Óheppileg hliðarverkun veldur því að risaeðlur eiga nú greiðan aðgang inn í nútímann og það gerir rannsóknarhópnum erfitt fyrir.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Landsleikur Ísland-Slóvenía BEINT**

**Sjónvarpið kl. 13.50**

Íslensku stelpurnar ætla sér að verða fyrsta kvennalandsliðið í sögunni sem tryggir sér sæti á stórmóti og til þess þurfa þær að vinna Slóveníu í dag. Íslenska liðið á einnig harma að hefna eftir að fyrri leikurinn tapaðist óvænt í Slóveníu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Út um víðan völl
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Mánafjöll
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Umhverfis jörðina
**15.00** Tímakorn
**15.40** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Á hestaslóð
**17.05** Brjóstdropar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Betri stofan
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Bravó, bravó!
**20.00** Sögur af sjó og landi
**21.00** Látún
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Loki er minn Guð: Um skáldskap Guðbergs Bergssonar
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**15.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**15.25 Hollyoaks**
**15.50 Hollyoaks**
**16.15 Hollyoaks**
**16.40 Hollyoaks**
**18.00 Talk Show With Spike Feresten** (15:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
**18.30 Comedy Inc.** (20:22) Ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
**19.00 Entourage** (11:20) Verðlaunaþættir sem eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni. Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram enda leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött.
**19.30 The Class** (11:19) Nýr gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.
**20.00 Bon Jovi - One Last Wild Night** Tónleikar með bandarísku rokkhljómsveitinni Bon Jovi.
**21.30 Talk Show With Spike Feresten** (15:22)
**22.00 Comedy Inc.** (20:22)
**22.25 Entourage** (11:20)
**22.50 The Class** (11:19)
**23.15 Bon Jovi - One Last Wild Night**
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Ballykissangel **14.00** Ballykissangel **15.00** Ballykissangel **16.00** Ballykissangel **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Doctor Who **18.45** Doctor Who Confidential **19.00** The Lost Prince **20.30** The League of Gentlemen **21.00** The League of Gentlemen **21.30** The League of Gentlemen **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** Doctor Who **23.45** Doctor Who Confidential

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boogie Listen **11.10** Naturens dyrebørn **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Miss Marple: Invitation til mord **13.45** Glem mig aldrig **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Amuletten **16.00** Blandt vilde dyr og bleskift **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** De store katte **17.30** Hold masken **18.00** Walter og Carlo - yes, det er far **19.20** Kriminalkommissær Barnaby **20.55** Conviction **21.35** Paradiset

## NRK 1

**10.05** I EUs kjølvann **11.00** Mohabbatein **14.35** Drømmerollen **15.35** Perspektiv: Og nå: Reklame! **16.00** Barnas supershow **16.30** Suppeopera **16.35** Eventyr på hesteryggen **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Etter at du dro (t) **18.25** Retro **19.25** Sjukehuset i Aidensfield **20.15** Verdens største kinarestaurant **21.05** Kveldsnytt **21.25** Krigerens hjerte **23.05** P3tv spesial **23.30** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**9.00** Karamelli **9.30** Fieteri **9.50** Hemma hos Ketty och Jens Børre **10.20** Plus sommar **10.50** Packat & klart sommar **11.20** Söder om landsvägen **12.55** Friidrott: Europacupen **16.00** Lenny och Knirp **16.05** Disneydags **17.00** Bröderna Lejonhjärta **17.30** Rapport **17.45** Rameldags igen **18.00** Esa-Pekkas önskekonsert **19.00** Kriminaljouren **19.45** De stora krigarna **20.35** Rapport **20.40** Gods and Generals **0.10** Rose och Maloney **1.00** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN



*Þóra Karítas Árnadóttir*

**Aldur:** Kornung.
**Starf:** Leikkona.
**Fjölskylda:** Sjálfstæð.
**Foreldrar:** Árni Blandon, kennari við Fjölbrautaskólann á Selfossi, og Guðbjörg Þórisdóttir skólastjóri.
**Búseta:** Bý nálægt höfninni í Vesturbæ Reykjavíkur.
**Stjörnumerki:** Er á mörkum sporðdreka og vogar.

Þóra Karítas er við æfingar á einleiknum Ég heiti Rachel Curry og einnig öðru verki sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu í október.



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** líka, **8.** málmur, **9.** hækkar, **11.** til dæmis, **12.** botnfall, **14.** þátttakandi, **16.** frá, **17.** rakspaði, **18.** þakbrún, **20.** fyrir hönd, **21.** krot.

**LÓÐRÉTT**
**1.** plan, **3.** bardagi, 4. hrörnun, **5.** á móti, **7.** Afríkudýr, **10.** kvabb, **13.** fjallaskarð, **15.** sjá eftir, **16.** eyrir, **19.** vörumerki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** og, **8.** tin, **9.** rís, **11.** td, **12.** grugg, **14.** aðili, **16.** af, **17.** löð, **18.** ufs, **20.** pr, **21.** riss.
**LÓÐRÉTT: 1.** torg, **3.** at, **4.** vitglöp, **5.** and, **7.** gíraffi, **10.** suð, **13.** gil, 15. iðra, **16.** aur, **19.** ss.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. The Godfather.
2. Forseti Hæstaréttar og formaður Dómarafélagsins, fyrir hönd dómara.
3. Lið Þýskalands.



Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.posthusid.is**

Pósthúsið

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Simon vill bara vatn, kaffi og ávexti

Það er lítið fyrir stjörnustælunum að fara hjá Paul Simon ef litið er til þess sem hann óskar að hafa við höndina baksviðs. Hógværðin er í fyrirrúmi allt frá því að Simon stígur út úr einkaþotunni sem flytur hann og hljómsveitina frá New York. Í bílnum á leiðinni á hótelið biður hann einungis um eina flösku af drykkjarvatni.

Í bakherbergi tónleikanna vill Simon fá heitt vatn til að hita te og kaffi, nýmalað kaffi og kaffipoka. Einnig fer hann fram á að karfa með lífrænt ræktuðum ávöxtum sé á svæðinu. Þar með eru kröfur Pauls Simon upptaldar. Hvað tæknimál varðar er hins vegar blásið til stórsóknar og á ljósasjóið ekki að gefa því sem var á tónleikum Whitesnake á dögunum tommu eftir.

Að sögn Guðbjarts Finnbjörnssonar tónleikahaldara, sem flytur Simon inn, hefur miðasalan tekið góðan kipp og senn verður uppselt í stúku. Hann segir að búast megi við hörkutónleikum frá Paul og félögum þar sem ekkert verði til sparað. Öllum tækjakosti verður stillt upp deginum fyrir tónleikana svo ekkert fari nú úrskeiðis.

- shs



**PAUL SIMON** Hinn smái Paul Simon biður ekki um mikið.

STEFANÍA STEFÁNSDÓTTIR: VAR LENGI AÐ FINNA BLÓÐLÍNUNA

# Bíóhundur eignast alspora son í fimm hvolpa goti

Þau undur og stórmerki gerðust á Stokkseyri 16. júní klukkan 16.16 að þar fæddist alspora íslenskur fjárhundur. Þetta er afar fátítt en hvolpurinn hefur hlotið nafnið Stefsstells Vígi villingur. „Þetta hefur ekki gerst í ár og öld,“ segir Þorfinnur Guðnason, kvikmyndagerðarmaður og stoltur afi.

Á Stokkseyri fæddist 16. þessa mánaðar alspora hvolpur. Það þýðir að hann hefur tvær úlfaklær á öllum löppum. Þetta er athyglisvert því oftast er það svo að íslenski hundurinn er með tvær úlfaklær á afturlöppum en eina á framfótum. Þetta er náttúruval sem hefur horfið með breyttum háttum. „Menn hafa markvisst verið að leita eftir þessari blóðlínu. Þetta sýnir hversu íslenski hundurinn er í raun hreinn og villtur. Úlfaklærnar hafa hjálpað honum í snjó og mýrum þegar hann hefur verið að stugga úr túninu þessi ellefu hundruð ár,“ segir Þorfinnur. En það er undan hundi hans Kolgrími, eða Kolla, sem hvolpurinn er. Kolli er farinn að reskjast, að verða tólf ára, en undan honum er fjöldi verðlaunahunda. Kolli er þekktur kvikmyndahundur og hefur birst í myndum á borð við Lalla Johns og Húsamúsina eftir Þorfinn auk þess sem hann mun birtast í Draumalandinu sem væntanleg er í haust.

Móðirin, eða tíkin, er Stefsstells Aska, sjö ára gömul, og eigandi hennar er hundaræktandinn Stefanía Sigurðardóttir. Hún er að vonum ánægð. Hvolpurinn hefur hlotið nafnið Stefsstells Vígi villingur og er úr fimm hvolpa goti. Hann kom síðastur og Stefanía segir fæðingartímann athyglisverðan: Klukkan 16.16 16.06 2008 og 360 grömm upp á nál og gramm.

„Það er oft með svona snillinga,“ segir Stefanía – og vísar til þessara tákna stjarnanna. Ekki hefur fæðst á Íslandi lengi alspora hundur af þessari gráðu. Hún segir að Kolli og Aska séu skyld og eigi ættir að rekja til Þorvaldsstaða í Breiðdal fyrir austan. „Þau eiga ættir að rekja til gamalla höfðingja frá Þorvaldsstöðum, sömu fjölskyldulínu og þeirrar sjaldgæfustu,“ segir Stefanía. Nafnið Vígi villingur er þannig til komið að hvolpurinn er óvenju öflugur. Það tók hann einn og hálfan tíma að þorna eftir got því hann er svo feldmikill.

Hundaræktendur eru mjög spenntir vegna þessara tíðinda og margir í startholum með að fara til Stokkseyrar og sjá þennan merka hvolp sem Stefanía bindur miklar vonir við í tengslum við frekari ræktun þessa upprunalega eiginleika íslenska hundsins.

jakob@frettabladid.is



**VÍGI MEÐ BRÓÐUR SÍNUM** Ekki hefur gerst í ár og öld að alspora hvolpur af íslensku fjárhundakyni hafi litið dagsins ljós en Vígi liggur þarna ofan á bróður sínum – þriggja daga gamlir á þessari mynd.



**STEFANÍA OG ASKA** Hundaræktandinn fann loks bóðlínuna sem lá austur til Þorvaldsstaða.



**STOLTUR AFI** Þorfinnur Guðnason hefur aldrei efast um ágæti hunds síns og þarna er ánægjuleg viðbót á afrekaskrá hans.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Bjartmar Guðlaugsson** lífskúnstner og tónlistarmaður sem búsettur er fyrir austan er nú að undirbúa nýja plötu. Þar munu ýmsir snillingar koma við sögu og er um það rætt að gullbarkinn **Daníel Ágúst** muni jafnvel leggja til rödd sína í bakraddirnar. Auk þessa leggur Bjartmar drög að ferð til Jamaíku. Þangað fór hann fyrir skömmu ásamt **Rúnari Júlíussyni** og kunni líka svona ljómandi vel við sig og nú er stefnt að því að fara aftur.



Skessuhorn greinir frá því að 17 umsækjendur séu um starf sveitarstjóra í Dalabyggð og verður ráðið í starfið í næstu viku. Meðal umsækjenda er **Grímur Atlason,** fáfarandi bæjarstjóri í Bolungarvík, en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að hann hafi átt í viðræðum við sveitarstjórnarmenn þar um nokkurt skeið. Ýmis forvitnileg nöfn eru meðal þeirra sem sækja um en **Gunnólfur Lárusson**, fráfarandi sveitarstjóri, gerir tilkall til starfsins. Auk þeirra Gríms eru nöfn á borð við **Birgi Guðmundsson** og **Tryggva Harðarson** á lista yfir umsækjendur.



Nú líður senn að sumarleyfum hjá sjónvarpsmönnum rétt eins og öðru vinnandi fólki. Kastljóssgengið er þar engin undantekning og því þarf **Þórhallur Gunnarsson** að finna fólk í sumarafleysingar. Samkvæmt heimildum mun hann hafa tryggt sér krafta leikkonunnar **Ísgerðar Elfu Gunnarsdóttur** í sumar. Hún er þá að færa sig upp um tvo markhópa í það minnsta en undanfarin ár hefur hún stjórnað Stundinni okkar. - fgg

# Burlesque-sýningar hafnar hérlendis

Burlesque-danshópur, sem stofnaður var fyrr á árinu, hefur hafið sýningar fyrir landann. Dansstíllinn, sem telst nokkuð djarfur, hefur verið í sókn á erlendri grund að undanförnu og er stjarnan Dita Von Teese helsta andlit hans.

„Við erum svona að byrja að sýna. Við erum komnar með rútínur við eitt, tvö lög,“ segir Þórey Heiðarsdóttir, sem stofnaði hópinn í janúar ásamt vinkonu sinni, Sylvíu Lind Stefánsdóttur. Áheyrnarprufur voru haldnar í apríl, en þangað lögðu leið sína um fjörutíu stelpur. „Það kom okkur svolítið á óvart hvað það voru margar sem höfðu áhuga. En þetta hljómar svo spennandi, ég hefði örugglega farið sjálf ef ég hefði séð þetta auglýst,“ segir Þórey og hlær við. Hópinn skipa átta dansarar, sem Þórey segir hafa mismunandi bakgrunn í dansi. „Við vildum hafa þetta fjölbreyttan hóp, og hann er það svo sannarlega,“ segir hún.

Burlesque-hópurinn sýndi fyrst í útgáfupartíi tímaritsins HFH, og nú í vikunni hefur hópurinn sýnt dansinn á Frönskum dögum á Óliver. Síðasta sýningin þar er í kvöld, en stúlkurnar stefna á að setja upp sýningu í fullri lengd í lok sumars.

Þórey segir hópinn ekki hafa sérstakar fyrirmyndir í dansstíl eða rútínum. „Við reynum bara að gera þetta að okkar og nota okkar eigin hugmyndir þegar við semjum,“ segir hún. Það virðist falla í kramið. „Já, við höfum eiginlega fengið fáránlega góðar viðtökur. Það skemmta sér allir mjög vel yfir þessu og hlakka til að sjá meira,“ segir Þórey. Hún segir það ekki heldur vandkvæðum bundið að verða sér úti um búninga þó að þeir fáist vissulega ekki á hverju götuhorni. „Kiss hjálpar okkur í því. Eitthvað af þessu er til þar, og annað er bara keypt inn fyrir okkur,“ útskýrir hún. - sun



**BURLESQUE Á ÓLIVER** Burlesque-hópurinn íslenski, sem enn er nafnlaus, sýnir á Frönskum dögum á Óliver í kvöld, eins og tvö undanfarin kvöld. Á myndina vantar einn meðlim hans, sem er frá vegna meiðsla.

MYND/SVEINBI




**Verðdæmi sófasett:**

Simpo/Mozart 280x200: Verð áður kr. 419.800. Nú kr. 299.800.- Afsláttur kr. 120.000.-
Oriental/Mubla: Verð áður kr. 459.800. Nú kr. 298.800.- Afsláttur kr. 161.000.-
Oriental/Air: Verð áður kr. 419.800. Nú kr. 299.800.- Afsláttur kr. 120.000.-

mubla

nýbýlavegi 18 - 200 kópavogi - sími 517 2100 - www.mubla.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## *Óheppileg inngrip*

Oft hefur sú spurning leitað á mig hvenær rétt sé að grípa inn í líf fólks og hvenær best sé að láta það í friði. Fróður maður sagði samt einhverju sinni að við sæjum frekar eftir því sem við gerðum ekki heldur en því sem við gerðum og eftir þeirri speki hef ég farið. Þess vegna átti ég ákaflega bágt með mig í Leifsstöð á dögunum þegar ég kom auga á virðulegan eldri mann í öfugri V-hálsmálspeysu. Hann sat þarna sallarólegur með kaffið sitt og vissi greinilega ekkert af því hvernig gapandi V-hálsmálið hló honum á bak.

**Í HUGANUM** fór ég yfir hvernig ég gæti útskýrt feilinn fyrir honum á þeim tungumálum sem ég kann. Um leið tóku að hrannast upp í minninu glefsur af kafrjóðu fólki sem gjammaði ólundarlega að mér þegar ég benti því á súrmjólk á skyrtum eða pennablek úti undir eyrum, rétt eins og það hefði verið ég sem læðst hefði upp að þeim og kámað það út. Á endanum lét ég manninn því eiga sig en leið auðvitað ekkert vel yfir því að vita af honum ranglandi um flugstöðina svona til fara.

**HÚN** var öllu svakalegri sjónin sem beið mín í kaffistofu í listasafni í Rotterdam nokkru síðar. Þar sat hópur eldri kvenna sem gæddi sér á bakkelsi og spjallaði saman. Veitti ég því athygli að ein þeirra var í buxunum úthverfum! Eins og útrétt hönd drukknandi manns blasti þvottamiðinn við. Það mátti þvo þær á 40. Ég varð að halda mér í stólsetuna svo ég æddi ekki inn í hópinn til að flytja konunni ótíðindin. En þar sem öfuga V-hálsmálið hafði ekki rænt mig nætursvefni hlaut ég að þola útganginn á þessari konu líka.

**ÞÓ KASTAÐI** tólfunum í matsal hótelsins einn daginn þegar gestur nokkur mætti þangað á náttfötum og inniskóm. Gat verið að hann sæi ekki að við hin vorum öll fullklædd? Þetta var ákaflega virðulegur Belgi á sjötugsaldri sem hafði fengið sér sæti úti á svölum. Hann krosslagði fæturna og teygði ásjónuna upp í sólina. Svona rólegheit hafði ég séð einhvers staðar áður. Hver var það aftur? Jú, hjá manninum í öfugu V-hálsmálspeysunni! Og hafði konan á safninu ekki líka verið afskaplega salí? Gott ef ekki. Það rann upp fyrir mér að þetta góða fólk þurfti ekkert á aðstoð minni að halda til að komast í gegnum lífið. Það ætti eftir að pluma sig án nokkurra inngripa af minni hálfu. Öfug peysa og úthverfar buxur eru bara merki um að maður hafi náð innri ró.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 21. júní, 174. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.55 | 13.30 | 0.03 |
| Akureyri | 1.28 | 13.14 | 1.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


